

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
1	1550	Jón Arason	Árið 1550 voru Jón Arason biskup á Hólum og synir hans Björn og Ari hálshögggnir í Skálholti. Þeir voru fyrst grafnir við kórbak í Skálholti en vorið eftir grófu norðlenskir menn líkin upp og færðu til Hóla þar sem feðgarnir voru grafnir á ný.	Sjá t.d. Annálar I, bls. 108 – 123 (Skarðsannáll).
2	1550	Björn Jónsson	Árið 1550 voru Jón Arason biskup á Hólum og synir hans Björn og Ari hálshögggnir í Skálholti. Þeir voru fyrst grafnir við kórbak í Skálholti en vorið eftir grófu norðlenskir menn líkin upp og færðu til Hóla þar sem feðgarnir voru grafnir á ný.	Sjá t.d. Annálar I, bls. 108 – 123 (Skarðsannáll).
3	1550	Ari Jónsson	Árið 1550 voru Jón Arason biskup á Hólum og synir hans Björn og Ari hálshögggnir í Skálholti. Þeir voru fyrst grafnir við kórbak í Skálholti en vorið eftir grófu norðlenskir menn líkin upp og færðu til Hóla þar sem feðgarnir voru grafnir á ný.	Sjá t.d. Annálar I, bls. 108 – 123 (Skarðsannáll).
4	1551	Hallur	Jón Keneksson bóndi á Kirkjubóli á Miðnesi og húsmáður hans Hallur er bjó í Sandkoti (Sandhólakoti) voru dæmdir af lífi fyrir það að Jón „bannaði ekki að rífa húsin, er Kristján skrifari var þar drepinn”. Kristján skrifari var umboðsmaður Bessastaðavaldsins og hann var drepinn ásamt fleiri mönnum af Norðlendingum sem vildu hefna eftir Jón Arason og syni hans. Flytja átti að Jón og Hall til Alþingis en þeir létu illa á leiðinni og voru því hálshögggnir við Straum. „Höfuðin voru fest á stangir, en bolirnir á hjóli sundur slitnir, og sá til merkis meir en 20 eður 30 ár“. Þeir norðlensku drápu einnig böðulinn er hjó feðgana í Skálholti. Hann hét Jón Ólafsson og var lýst sem herfilegri kind og dregtötra. Norðlensku mennirnir tóku hann á Álftanesi „héldu í sundur á honum túlanum of helltu ofan í hann heitu biki.”	Annálar III, bls. 456-57 (Grímsstaðaannáll).
5	1551	Jón Keneksson	Jón Keneksson bóndi á Kirkjubóli á Miðnesi og húsmáður hans Hallur er bjó í Sandkoti (Sandhólakoti) voru dæmdir af lífi fyrir það að Jón „bannaði ekki að rífa húsin, er Kristján skrifari var þar drepinn”. Kristján skrifari var umboðsmaður Bessastaðavaldsins og hann var drepinn ásamt fleiri mönnum af Norðlendingum sem vildu hefna eftir Jón Arason og syni hans. Flytja átti að Jón og Hall til Alþingis en þeir létu illa á leiðinni og voru því hálshögggnir við Straum. „Höfuðin voru fest á stangir, en bolirnir á hjóli sundur slitnir, og sá til merkis meir en 20 eður 30 ár“. Þeir norðlensku drápu einnig böðulinn er hjó feðgana í Skálholti. Hann hét Jón Ólafsson og var lýst sem herfilegri kind og dregtötra. Norðlensku mennirnir tóku hann á Álftanesi „héldu í sundur á honum túlanum of helltu ofan í hann heitu biki.”	Annálar III, bls. 456-57 (Grímsstaðaannáll).
6	1572	Sigríður Guðmundardóttir	Á Kópavogspingi árið 1572 var Sigríður Guðmundardóttir dæmd til dauða fyrir að hafa drekkt barni sínu. Málið hafði fyrst verið tekið fyrir á Esjubergspingi og þaðan dæmt til Kópavogspings.	Alþingisbækur I, bls. 125.
7	1573	Guðbjörg Sveinsdóttir	Á Alþingi árið 1573 voru 3 persónur dæmdar til dauða; Jón Þorfinnsson, sem hafði eigingiftur fallið þrisvar í hórdóm auk þess sem tvær kvennanna voru systur, Guðbjörg Sveinsdóttir sem hafði tvisvar áður fallið í hórdóm og einu sinni með sínum systurmanni og Járngerður Runólfsdóttir sem hafði fallið í hórdóm með giftum manni sem áður hafði fallið með systur hennar. Þar sem að sá orðrómur gekk í sveitinni að Járngerði hefði verið nauðgað var þó ákveðið að höfuðsmaðurinn skyldi ákveða hvort hún skyldi náðast "þvi oss leist það vægdarvert, ef það satt reinist."	Alþingisbækur I, bls. 154–155.
8	1573	Jón Þorfinnsson	Á Alþingi árið 1573 voru 3 persónur dæmdar til dauða; Jón Þorfinnsson, sem hafði eigingiftur fallið þrisvar í hórdóm auk þess sem tvær kvennanna voru systur, Guðbjörg Sveinsdóttir sem hafði tvisvar áður fallið í hórdóm og einu sinni með sínum systurmanni og Járngerður Runólfsdóttir sem hafði fallið í hórdóm með giftum manni sem áður hafði fallið með systur hennar. Þar sem að sá orðrómur gekk í sveitinni að Járngerði hefði verið nauðgað var þó ákveðið að höfuðsmaðurinn skyldi ákveða hvort hún skyldi náðast "þvi oss leist það vægdarvert, ef það satt reinist."	Alþingisbækur I, bls. 154–155.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
9	1582	Hinrik Kules	Á þriggjahreppaþingi í Kópavogi þann 23. febrúar 1582 var Henrik Kules var dæmdur til dauða fyrir að hafa stungið Bjarna Eiríksson til bana á Bessastöðum á jólanótt. Erfingjum Bjarna var dæmt fé af eignum Hinriks í vígbætur og þar sem þetta skeði á jólanótt var þeim og konungi dæmdur tvöfaldur réttur; það er niðingsverk að veða mann í gríðum og að berjast um jól eða páska. Fé Hinriks átti að skipta milli konungs og erfingja Bjarna.	Alþingisbækur II, bls. 7-9.
10	1584	Ónafngreindur maður	Árið 1584 voru þrír hengdir fyrir þjófnað vestra.	Annálar IV, bls. 69 (Setbergsannáll).
11	1584	Ónafngreindur maður	Árið 1584 voru þrír hengdir fyrir þjófnað vestra.	Annálar IV, bls. 69 (Setbergsannáll).
12	1584	Ónafngreindur maður	Árið 1584 voru þrír hengdir fyrir þjófnað vestra.	Annálar IV, bls. 69 (Setbergsannáll).
13	1586	Hjálmar Sveinsson	Á Alþingi var tekinn fyrir dauðadómur Hjálmars Sveinssonar sem gekk í Kópavogi 18. apríl 1586 af Þórði lögmanni. Hjálmar meðkenndi fyrst að hafa stolið tveimur sauðum og smjörstaupi frá Hvaleyrum, einum sauði frá Ási, öxi frá Snorra Magnússyni, fjórum stikum til varningsklæðis úr húsi þýskra, mjöltunnu og katli í fyrra vetur. Í vetur annarri mjöltunni, pönnu, hrærum, diskum tveimur, ásmundi, nöglum, krús, skíðalengju og hempu. Hjálmar var fyrst dæmt húðlát, sem hann og fékk en sjö dögum síðar var honum dæmt líflát og bændur voru skyldugir að fylgja honum til dráps og varðveita hann með valdsmanni. Kristín Ásbjarnardóttir hafði hyllt og samþykkt þennan stuld og höfðu hún og börn hennar haldið til með og neytt með þessum manni. Henni var dæmt húðlát og mark og áttu hreppstjórar að flengja eða hirta börnin hennar.	Alþingisbækur II, bls. 66.
14	1589	Ögmundur Þorkelsson	Ögmundur Þorkelsson var dæmdur til dauða af allri lögréttunni á Alþingi og drekkt árið 1589. Ögmundur meðkenndi á þinginu að hann hefði fellt son sinn í Langá er þeir fóru yfir ána. Hann hafði engum sagt frá því „óviljaverki“ heldur sagt að sonur hans væri grafinn í kirkjugarði. Lögréttan áleit að Ögmundur hefði drepíð son sinn viljandi þar sem sonurinn hefði ekki sést síðan Ögmundur hafði hönd yfir honum. Ögmundur er sennilega eini karlmaðurinn sem var tekinn af lífi með drekkingu.	Alþingisbækur II, bls. 126-127.
15	1595	Einar Þórðarson	Á Alþingi árið 1595 var dæmt að Einar Þórðarson sem myrt hafði Einar Valerianusson og framið fleiri strákaverk, þ.a.m. þjófnað, hefði fyrirgert lífi sínu nema ef höfuðsmaðurinn sjálfur vildi sýna honum líkt og flytja hann af landinu. Málið hafði verið tekið fyrir í héraði og verið dæmt til Alþingis.	Alþingisbækur III, bls. 1.
16	1596	Björn Pétursson (Axlar-Björn)	Árið 1596 var Björn Pétursson í Öxl (Axlar-Björn), tekinn af lífi. Axlar-Björn viðurkenndi að hafa myrt níu menn, suma til fjár en einnig aðra fátæka menn sem voru í vegi hans. Þegar honum varð aflskortur veitti kona hans honum lið. Hún brá snæri um háls manna og rotaði þá með sleggju. Björn gróf hina dauðu í heygardi og fjósi. Þar fundust bein fleiri manna en Björn viðurkenndi að hafa drepíð en hann kvaðst hafa fundið þá dauða og ekki nennt að fara með þá til kirkju. Margt hefur verið sagt um hversu marga Björn drap, sumir hafa sagt þeir hafi verið 18 en aðrir 14. Kvaðst Björn hafa verið 14 vetra er hann fyrst drap pilt einn í fjárhúsi. Eitt sinn kom til Björns förukona með þrjú börn og beiddi húsa og fékk þau. Er þau höfðu komið sér fyrir lokkaði Björn börnin til sín, eitt og eitt, og drap þau. Þegar hann ætlaði að sækja konuna hafði hún falið sig í afkima í þeim kofa sem hann leigði henni því hana grunaði hvað Björn hafði í hyggju. Björn varð illur þegar hann sá fann ekki konuna, „rak upp hljóð, gekk síðan.“ Konan kom sér fyrir í brunnhúsi á meðan Björn leitaði hennar um bæinn. Hún komst undan þá um nóttina og á næsta bæ þar sem hún sagði frá verkum Björns. Þá þegar hafði gengið orðrómur um illvirki Björns en enginn hafði vogað sér að koma upp með „sodan ódæði.“ Nú var þó gengið á eftir þessu og Björn tekinn fastur. Björn var dæmdur og tekinn af lífi á Laugarbrekkubingi en yfirdómari var Jón Jónsson lögmaður. Var hann fyrst limmarinn með sleggjum og síðan afhöfðaður. Loks var hann sundur stykkjaður og festur á stengur. Kona Björns var ólétt og því var hún ekki deydd. „Þessi morðingi skyldi hafa dáíð iðrunarlaust. Er þetta þar til skrifað, að menn biðji guð að varðveita sig frá vondum dæmum“.	Annálar I, bls. 180 (Skarðsannáll); II, bls. 89 (Fitjaannáll); III, bls. 188 (Ballaránnáll); IV, bls. 73-74 (Setbergsannáll); Alþingisbækur III, bls. 64, 101.
17	1599	Ónafngreind kona	Árið 1599 var konu drekkt hjá Bakkarholti í Ölfusi. Hún átti að hafa fallið með tveimur bræðrum en þeir fengu að halda lífi.	Annálar II, bls. 90 (Fitjaannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
18	1602	Björn Þorleifsson	Árið 1602 var sá „vandræðamaður“ Björn Þorleifsson tekinn af lífi á Alþingi fyrir kvennamál, svall og „með mörgum sönnum líkindum“ þjófnað. Fékk hann góða iðran en biskupinn herra Oddur áminnti hann sjálfur. „Hann kvaddi menn með handabandi, áður sig niður lagði á höggstokkinn, og bauð svo öllum góða nótt. Var hann með öllu óbundinn.“ Böðullinn er hét Jón var orðinn gamall og slæmur og „krassaði í höggunum,“ en Björn lá kyrr. Eftir sex högg leit Björn við og mælti: „Höggðu betur, maður!“ Böðullinn krassaði ein 30 högg áður en höfuðið fór af. „Var það hryggilegt að sjá. Voru þá áminningar gerðar yfirvöldum þeim veraldlegu, að hafa örugga menn til slíks embættis, svo landið yrði ekki að spotti í þeirri grein.“	Annáll I, bls. 187-188 (Skarðsannáll); Alþingisbækur III, bls. 47 og 229.
19	1605	Ónafngreindur maður	Árið 1605 voru tveir þjófar hengdir við Blöndu á Svarthamri.	Annálar I, bls. 192 (Skarðsannáll).
20	1605	Ónafngreindur maður	Árið 1605 voru tveir þjófar hengdir við Blöndu á Svarthamri.	Annálar I, bls. 192 (Skarðsannáll).
21	1605	Þórður Egilsson	Þórður Egilsson er hafði fallið með systur konu sinnar, Dýrfinnu, var hálshöggvinn á Alþingi árið 1605. Dýrfinna átti einnig dæmast eftir Stóradómi eftir að barninu væri hætt við lífsháska eða við eins árs aldur. Ef barnið dæi í millitíðinni skyldi hún standa sitt lífs straff. Hún var hýst hjá sýslumanni. Óvíst er hvort eða hvenær dómnum var framfylgt.	Alþingisbækur III, bls. 361.
22	1606	Bjarni Hildibrandsson	Bjarni Hildibrandsson var tekinn af lífi á Alþingi árið 1606. Hann var sakaður um að hafa fallið með systur.	Annálar I, bls. 195 (Skarðsannáll); III, bls. 257 (Eyrarannáll).
23	1608	Guðrún Þorsteinsdóttir	Guðrún Þorsteinsdóttir var sökuð var um að hafa brennt barn í grautarkatli norður í Þingeyjarsýslu. Þegar hún var búin að því verki á hún að hafa sagt við móður barnsins: „Farðu fram kona og taktu soðstykkið þitt.“ Fyrir þetta var Guðrún brennd árið 1608. Hún var fékk iðran. Þorbergur og Sigurður Hrólfssynir voru sýslumenn.	Annálar I, bls. 196 (Skarðsannáll); III, bls. 258 (Eyrarannáll).
24	1611	Sigríður Halldórsdóttir	Jón Oddsson, bóndi á Saurbæ í Tjaldanesi í Fagurey á Breiðafirði féll með systur konu sinnar, Sigríði Halldórsdóttir. Sigríður átti jarðarpart og seldi hann Daða bónda Bjarnasyni á Skarði. Jón Oddsson kom með hana úr Fagurey til Skarðs á páskadag. „Var Sigríður þar fram um hvítasunnu og þykknáði meir og meir svo sem sú kona, er barnsþykkt hafði. En þegar hún var aðspurð, hverninn þykktin til kæmi, sagði hún, að blóð stæði með sér.“ Bað hún þá um að fá að hitta systur sína í Fagurey og kom Jón og sótti hana. Eftir 5-6 vikur tók henni að þyngja og þegar Jón ætlaði að flytja hana í land fékk hún hriðir og joðsótt á leiðinni. „Með það komust þau til Dagverðarness, því hann hafði fengið sér selstöð þar nærri fyrir 5 ára leigu, og var kona hans þar í selinu allt sumarið, en aldrei í Fagurey frá því flutt var í selið. Þegar fólkið á Dagverðarnesi formerkti hennar sjúkleika, buðust konur til að vera hjá henni og gjöra henni til góða. Hún sturlaðist við og vildi það í öngvan máta. Fóru þau tvö ein út í fjós. Konur komu samt þangað, en Jón bannaði þeim að leggja neitt til hennar. Fóru þau svo ofan af sjó að lóni nokkru og voru þar langt fram á nótt. Um síðir komu þau heim og fóru inn í baðstofu. Þar bjó Jón um hana undir pallinum, en þá 3 dagar voru liðnir, stóð hún upp. Var þá horfin öll hennar þykkt. Fór svo Jón með hana út í Fagurey aftur. Sáust þau oft í einni sæng, og sögðu sjómenn, að Jón hefði opinberlega sængað með hana.“ Sýslumaðurinn Jón Magnússon lét þinga um málið. Jóni var dæmdur sjöttareidur en áður en hann átti að mæta á þing strauk hann frá konu sinni og 7 ungum börnum. Séra Gísli Guðbrandsson í Hvammi tók Sigríði til sín þar sem hann átti Ragnhildi móður hennar en sýslumaðurinn Jón Magnússon bannaði þetta og Gísli lét þá Sigríði á næsta bæ, til Leysingjastaða. Þaðan hljóp hún á brott með Jóni. Þau hurfu að kvöldi til, gengu yfir Svínadal og norður í Kollafjörð. Þau héldu sig í helli nærri Felli og leituðust við að komast af landi. Jón komst í skip með Englendingum en Sigríður var sett á land sakir hennar veikleika. Hún var flutt til sýslumanns, Jóns Magnússonar og fæddi hún þar dreng er hlaut nafnið Þorleifur Jónsson (f. 1608). Sagt er að Jón hafi gíft í Englandi. Sigríður Halldórsdóttir var dæmd á Ballarárþingi við Hvammsfjörð í Dalasýslu og drekkt þar í Gerðarlæknum árið 1611.	Annálar I, bls. 198 og 199, (Skarðsannáll); III, bls. 466 (Grimstaðaannáll); IV, bls. 77-79 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 141-54.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
25	1611	Jón Oddsson	<p>Jón Oddsson, bóndi á Saurbæ í Tjaldanesi í Fagurey á Breiðafirði féll með systur konu sinnar, Sigríði Halldórsdóttir. Sigríður átti jarðarpart og seldi hann Daða bónda Bjarnasyni á Skarði. Jón Oddsson kom með hana úr Fagurey til Skarðs á páskadag. „Var Sigríður þar fram um hvítasunnu og þykknaði meir og meir svo sem sú kona, er barnsþykkt hafði. En þegar hún var aðspurð, hverninn þykktin til kæmi, sagði hún, að blóð stæði með sér.“ Það hún þá um að fá að hitta systur sína í Fagurey og kom Jón og sótti hana. Eftir 5-6 vikur tók henni að þyngja og þegar Jón ætlaði að flytja hana í land fékk hún hriðir og jöðsótt á leiðinni. „Með það komust þau til Dagverðarness, því hann hafði fengið sér selstöð þar nærri fyrir 5 aura leigu, og var kona hans þar í selinu allt sumarið, en aldrei í Fagurey frá því flutt var í selið. Þegar fólkið á Dagverðarnessi formerkti hennar sjúkuleika, buðust konur til að vera hjá henni og gjöra henni til góða. Hún sturlaðist við og vildi það í öngvan máta. Fóru þau tvö ein út í fjós. Konur komu samt þangað, en Jón bannaði þeim að leggja neitt til hennar. Fóru þau svo ofan af sjó að lóni nokkru og voru þar langt fram á nótt. Um síðir komu þau heim og fóru inn í baðstofu. Þar bjó Jón um hana undir pallinum, en þá 3 dagar voru liðnir, stóð hún upp. Var þá horfin öll hennar þykkt. Fór svo Jón með hana út í Fagurey aftur. Sáust þau oft í einni sæng, og sögðu sjómenn, að Jón hefði opinberlega sængað með hana.“</p> <p>Sýslumaðurinn Jón Magnússon lét þinga um málið. Jóni var dæmdur sjöttareidur en áður en hann átti að mæta á þing strauk hann frá konu sinni og 7 ungum börnum. Séra Gísli Guðbrandsson í Hvammi tók Sigríði til sín þar sem hann átti Ragnhildi móður hennar en sýslumaðurinn Jón Magnússon bannaði þetta og Gísli lét þá Sigríði á næsta bæ, til Leysingjastaða. Þaðan hljóp hún á brott með Jóni. Þau hurfu að kvöldi til, gengu yfir Svínadal og norður í Kollafjörð. Þau héldu sig í helli nærri Felli og leituðust við að komast af landi. Jón komst í skip með Englendingum en Sigríður var sett á land sakir hennar veikleika. Hún var flutt til sýslumanns, Jóns Magnússonar og fæddi hún þar dreng er hlaut nafnið Þorleifur Jónsson (f. 1608). Sagt er að Jón hafi gíft í Englandi.</p> <p>Sigríður Halldórsdóttir var dæmd á Ballarárþingi við Hvammsfjörð í Dalasýslu og drekt þar í Gerðarlæknum árið 1611.</p>	Annálar I, bls. 198 og 199, (Skarðsannáll); III, bls. 466 (Grímstaðaannáll); IV, bls. 77-79 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 141-54.
26	1611	Ónafngreindur maður	Tveir menn er myrtu og sjósökktu syni bóndans að Vindifelli í Vopnafirði voru „höndlaðir til lífláts í Hofskirkju af sýslumanninum Árna Magnússyni á sjálfan páskadaginn.“ Annálum ber ekki saman um hvenær þessi atburður var, í Skarðsannál er hann sagður hafa gerst árið 1611 en í Desjarmýrarannál árið 1627.	Annálar I, bls. 199 (Skarðsannáll); V, bls. 277 (Desjarmýrarannáll).
27	1611	Ónafngreindur maður	Tveir menn er myrtu og sjósökktu syni bóndans að Vindifelli í Vopnafirði voru „höndlaðir til lífláts í Hofskirkju af sýslumanninum Árna Magnússyni á sjálfan páskadaginn.“ Annálum ber ekki saman um hvenær þessi atburður var, í Skarðsannál er hann sagður hafa gerst árið 1611 en í Desjarmýrarannál árið 1627.	Annálar I, bls. 199 (Skarðsannáll); V, bls. 277 (Desjarmýrarannáll).
28	1611	Ónafngreindur maður	Maður sem vann víg í Steingrímsfirði var réttaður árið 1611.	Annálar I, bls. 199 (Skarðsannáll); V, bls. 277 (Desjarmýrarannáll).
29	1612	Úlfhildur Jörundsdóttir	Ari Magnússon sýslumaður í Ísafjarðarsýslu lét á Alþingi dæma um mál Úlfhildar Jörundsdóttir er hafði fallið í blóðskömm með bræðrum. Þeir hétu Gissur og Ketill Illugason. Gissur var náðaður þar sem hann vissi ekki að Úlfhildur hefði áður fallið með bróður sínum. Honum var þó gert að borga sekt en átti að hljóta vandarhögg fyrir hverja mörk sem hann gæti ekki greitt. Úlfhildi var drekt.	Annálar I, bls. 200 (Skarðsannáll); III, bls. 54 (Vatnsfjarðarannáll elzti); Alþingisbækur IV, bls. 185.
30	1615	Ragnheiður Magnúsdóttir	Ragnheiður Magnúsdóttir var sökuð um að hafa fyrirfarið fimm vikna gömlu barni sínu í læk norður á Svalbarðsströnd. „Í því bili, sem barnið gaf af sér 3 hljóð, varð himininn blóðrauður og heyrðust 5 hljóð í lopti.“ Ragnheiði var drekt á Helgastaðarþingi árið 1615 og fékk iðran. Sýslumaður var Þorbergur Hrólfsson.	Annálar I, bls. 203 (Skarðsannáll); III, bls. 98 (Vatnsfjarðarannáll yngsti).
31	1618	Þórdís Halldórsdóttir	Árið 1612 var sett þing að Vallnalaug í Skagafirði af Jóni Sigurðssyni lögmanni þar sem Þórdís Halldórsdóttir meðgekk að hafa fallið með Tómasi Böðvarsyni, systurmanni sínum. Hann flúði þingið og náðist ekki aftur. Árið 1618 var Þórdís Halldórsdóttir dæmd til dauða og drekt á Alþingi og Tómas dæmdur til þess að hálshöggvast ef hann næðist nokkrum tímann aftur.	Annálar I, bls. 200, 209 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 113, 327, 375, 386-93; Espólín V, bls. 128.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
32	1618	Guðbjörg Jónsdóttir	Konu að austan er sagði barn uppá sinn systurson var drekkt á Alþingi árið 1618. Hún hét Guðbjörg Jónsdóttir. Barnsfaðirinn þverneitaði en fékk ekki eiddamenn og var því hálshöggvinn á Alþingi. Þau voru dæmd af Fridrich Friis og Jurin Vindt sem sendir voru til Íslands með kóngsskipi.	Annálar I, bls. 209 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 375.
33	1618	Ónafngreindur maður	Konu að austan er sagði barn uppá sinn systurson var drekkt á Alþingi árið 1618. Hún hét Guðbjörg Jónsdóttir. Barnsfaðirinn þverneitaði en fékk ekki eiddamenn og var því hálshöggvinn á Alþingi. Þau voru dæmd af Fridrich Friis og Jurin Vindt sem sendir voru til Íslands með kóngsskipi.	Annálar I, bls. 209 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 375.
34	1618	Ólafur Þórðarson	Ólafur Þórðarson var höggvinn á Akranesi árið 1618 fyrir að hafa fallið hafði með systur. Hann var dæmdur af Fridrich Friis og Jurin Vindt sem sendir voru til Íslands með kóngsskipi. Hið meingetna barn hét Guðfinna Ólafsdóttir. Hún féll síðar með giftum manni, Páli Arasyni „Krubba“ og var sonur þeirra Bjarni, seinni ektamaður Þóru Bjarnadóttur (laungetins) Jónssonar prests í Hítardal Guðmundssonar.	Annálar I, bls. 210 (Skarðsannáll); Alþingisbækur IV, bls. 375.
35	1624	Hildibrandur Ormsson	Síðasta dag júnímánaðar árið 1624 var á Alþingi tekið fyrir mál Hildibrands og Sesselju úr Ísafjarðarsýslu. Sýslumaður var Ari Magnússon og höfuðsmaður Holger Rosenkrantz. Áður hafði verið dæmt að Hildibrandur skyldi náðast og gerast böðull en Sesselja náðast því hún var með barn á brjósti. Þau voru þó bæði dæmd til lífláts á þinginu. Hildibrandur var tekinn af lífi á strax þar á þinginu en hvergi kemur fram hvort eða hvenær dómi Sesselju var framfylgt.	Annálar I, bls. 218 (Skarðsannáll); Alþingisbækur V, bls. 98.
36	1624	Sesselja Jónsdóttir	Síðasta dag júnímánaðar árið 1624 var á Alþingi tekið fyrir mál Hildibrands og Sesselju úr Ísafjarðarsýslu. Sýslumaður var Ari Magnússon og höfuðsmaður Holger Rosenkrantz. Áður hafði verið dæmt að Hildibrandur skyldi náðast og gerast böðull en Sesselja náðast því hún var með barn á brjósti. Þau voru þó bæði dæmd til lífláts á þinginu. Hildibrandur var tekinn af lífi á strax þar á þinginu en hvergi kemur fram hvort eða hvenær dómi Sesselju var framfylgt.	Annálar I, bls. 218 (Skarðsannáll); Alþingisbækur V, bls. 98.
37	1625	Jón Rögnvaldsson	Jón Rögnvaldsson úr Svarfaðardal var brenndur eftir dómi í Eyjafirði árið 1625 fyrir fjölkynghátt. Átti hann að hafa vakið upp dauðan mann sem sótti að pilti á Urðum, drap þar hesta, og gerði aðrar skráveifur.	Annálar I, bls. 221 (Skarðsannáll).
38	1626	Ónafngreindur maður	Árið 1626 var maður hengdur undir Jökli fyrir stuld.	Annálar I, bls. 224 (Skarðsannáll).
39	1627	Herdís Guðmundsdóttir	Herdís Guðmundsdóttir var drekkt í Miðdölum í Dalasýslu árið 1627. Hún var sökuð um að hafa drekkt barni sínu í Miðá en hún hélt því sjálf fram að barnið hefði fæðst andvana.	Annálar I, bls. 226 (Skarðsannáll); III, bls. 197 (Ballaránnáll); Alþingisbækur V, bls. 149.
40	1634	Aldís Þórðardóttir	Systkinin Aldís Þórðardóttir og Jón Þórðarson áttu barn sín á milli á Álftanesi. Aldís var dæmd til dauða í Kópavogi en hóflegum frest skotið á aftökuna svo hún mætti „góða tómsund hafa til að hugsa um sína sálhjálp.“ Jón hafði flúið en var á þinginu dæmdur útlægur. Umboðsmaður Bessastaða, Jens Söffrinson bar málið fram og lögmaðurinn Árni Oddsson skipaði dóm.	Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll); III, bls. 111 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); Alþingisbækur V, bls. 350-351.
41	1634	Jón Þórðarson	Systkinin Aldís Þórðardóttir og Jón Þórðarson áttu barn sín á milli á Álftanesi. Aldís var dæmd til dauða í Kópavogi en hóflegum frest skotið á aftökuna svo hún mætti „góða tómsund hafa til að hugsa um sína sálhjálp.“ Jón hafði flúið en var á þinginu dæmdur útlægur. Umboðsmaður Bessastaða, Jens Söffrinson bar málið fram og lögmaðurinn Árni Oddsson skipaði dóm.	Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll); III, bls. 111 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); Alþingisbækur V, bls. 350-351.
42	1634	Jón Ormsson	Jón Ormsson var hengdur undir Svarthamri í Langadal árið 1634 fyrir stuld. Hann var dæmdur í Bólstaðarhlíð. „Tók hann á það bragð, er menn komu til hans að leita þess, er stolið var, og vildu taka hann, því þeir höfðu þá fundið fólann, að (hann) greip hníf og skar skinnið á hálsinum inn á barkann og kastaði sér svo niður upp í lopt, og lét korra svo niður í hálsinum, en blóð rann um hann allan úr áverkanum; hann var og eigi lítill; þá ofbauð öllum og gengu frá, nema einn; hann sá þetta bragð, og herti hina upp, og var þá Jón tekinn og deyddur sem fyr segir.“	Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
43	1635	Gísli Tómasson	Gísli Tómasson var réttaður árið 1635 fyrir að hafa drepið föður sinn Tómas Þorkelsson, vestur á Skógarströnd og dysjað hann á Kálfborg (Gljúfurá) í Hólmlátursborgum „eptir það þeir höfðu stolið í Húnavatnsþingi, og var Gísli þá hýddur og markaður. Sá skáلكur náðist, eptir það hann hafði drepið sinn föður“ og var stelgdur í Laugarbrekku.	Annálar I, bls. 240 (Skarðsannáll); II, bls. 127 (Fitjaannáll); III, bls. 200 (Ballarárannáll), bls. 470 (Grímsstaðannáll).
44	1635	Ónafngreindur maður	Árið 1635 voru tveir menn hengdir í Gullbringusýslu fyrir stuld, hvor í sinn tíma. Jens Söfrensson var þá umboðsmaður á Bessastöðum. Einnig var 18 ára drengur hengdur í Eyjafirði fyrir stuld.	Annálar I, bls. 243 (Skarðsannáll); II, bls. 129 (Fitjaannáll); III, bls. 471 (Grímsstaðannáll).
45	1635	Ónafngreindur maður	Árið 1635 voru tveir menn hengdir í Gullbringusýslu fyrir stuld, hvor í sinn tíma. Jens Söfrensson var þá umboðsmaður á Bessastöðum. Einnig var 18 ára drengur hengdur í Eyjafirði fyrir stuld.	Annálar I, bls. 243 (Skarðsannáll); II, bls. 129 (Fitjaannáll); III, bls. 471 (Grímsstaðannáll).
46	1635	Ónafngreindur maður	Árið 1635 voru tveir menn hengdir í Gullbringusýslu fyrir stuld, hvor í sinn tíma. Jens Söfrensson var þá umboðsmaður á Bessastöðum. Einnig var 18 ára drengur hengdur í Eyjafirði fyrir stuld.	Annálar I, bls. 243 (Skarðsannáll); II, bls. 129 (Fitjaannáll); III, bls. 471 (Grímsstaðannáll).
47	1636	Ónafngrein kona	Ónafngreind bústýra á Hömrum í Haukadal var dæmd til dauða og drekkt í Haukadal vestur árið 1636 eftir að hún játaði að hafa fyrirfarið barni sínu nýfæddu í Haukadalsá. Bar hún undan manninn sem barnið hafði við henni átt í hördómi og hélt því fram að hann hefði hvorki vitað um barnsburðinn né útburðinn. Barnsfaðirinn hét Jón Pálsson og var honum fyrst dæmdur sjöttareidur en síðar var hann á Alþingi dæmdur til húðláts sem borið gæti en hann lést áður en refsingin féll.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll), 329 (Vallholtsannáll); III, bls. 200 (Ballarárannáll), 471 (Grímstaðannáll); Alþingisbækur V, bls. 436.
48	1636	Alleif	Á Miðnesi suður áttu systkinin Rustikus og Alleif barn á laun og fannst það grafið í tóft. Þau voru bæði réttuð árið 1636.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll); III, bls. 112 (Vatnsfjarðarannáll yngsti), 260 (Eyrarannáll).
49	1636	Rustikus	Á Miðnesi suður áttu systkinin Rustikus og Alleif barn á laun og fannst það grafið í tóft. Þau voru bæði réttuð árið 1636.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll); III, bls. 112 (Vatnsfjarðarannáll yngsti), 260 (Eyrarannáll).
50	1636	Ónafngreind kona	Árið 1636 var kona dæmd á Laugarbrekkupingi og hengd fyrir þjófnað.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll), bls. 329 (Vallholtsannáll); III, bls. 200 (Ballarárannáll), 471 (Grímsstaðannáll).
51	1636	Ónafngreindur maður	Árið 1636 voru fjórir þjófar hengdir á Suðurlandi og mörgum refsað.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).
52	1636	Ónafngreindur maður	Árið 1636 voru fjórir þjófar hengdir á Suðurlandi og mörgum refsað.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).
53	1636	Ónafngreindur maður	Árið 1636 voru fjórir þjófar hengdir á Suðurlandi og mörgum refsað.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).
54	1636	Ónafngreindur maður	Árið 1636 voru fjórir þjófar hengdir á Suðurlandi og mörgum refsað.	Annálar I, bls. 246 (Skarðsannáll).
55	1636	Ónafngreind kona	Böðullinn á Bessastöðum suður, Jón Steingrímsson, átti barn við dóttur konu sinnar og fyrir það voru þau bæði réttuð árið 1636.	Annálar I, bls. 247 (Skarðsannáll), IV, bls. 87n (Setbergsannáll).
56	1636	Jón Steingrímsson	Böðullinn á Bessastöðum suður, Jón Steingrímsson, átti barn við dóttur konu sinnar og fyrir það voru þau bæði réttuð árið 1636.	Annálar I, bls. 247 (Skarðsannáll), IV, bls. 87n (Setbergsannáll).
57	1637	Guðmundur ”seki” Jónsson	Guðmundur „seki“ Jónsson var höggvinn árið 1637 í Vöðluþingi í Eyjafirði af Bessastaðaböðli fyrir kvennamál. Þrátt fyrir að vera útlægur hafði hann dulist um landið í þrjú ár og hafði tjald á fjöllum, mosalitað sem steinana. Sýslumenn, Þorbergur Hrólfsson og Hrólfur Sigurðsson í Þingeyjarþingi, tóku hann og færðu Magnúsi Björnssyni sýslumanni í Vaðlaþingi. Guðmundur var atgervismaður í mörgu, bróðir séra Halldórs Jónssonar á Ferjubakka og Snorra á Hæringsstöðum í Flóa.	Annálar I, bls. 250 (Skarðsannáll), bls. 330 (Vallholtsannáll); II, bls. 131 (Fitjaannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
58	1638	Ónafngreind kona	Maður og kona voru tekin af lífi á Seltjarnarnesi árið 1638. Þau áttu barn saman en hún var systir konu hans.	Annálar IV, bls. 272 (Sjávarborgarannáll).
59	1638	Ónafngreindur maður	Maður og kona voru tekin af lífi á Seltjarnarnesi árið 1638. Þau áttu barn saman en hún var systir konu hans.	Annálar IV, bls. 272 (Sjávarborgarannáll).
60	1639	Ónafngreind stjúpdóttir	Maður einn átti barn með stjúpdóttur sinni í Vaðlaþingi. Þau voru réttuð á Alþingi árið 1639.	Annálar I, bls. 257 (Skarðsannáll), bls. 330 (Vallholtsannáll).
61	1639	Ónafngreindur stjúpfaðir	Maður einn átti barn með stjúpdóttur sinni í Vaðlaþingi. Þau voru réttuð á Alþingi árið 1639.	Annálar I, bls. 257 (Skarðsannáll), bls. 330 (Vallholtsannáll).
62	1641	Helgi Þorgeirsson	Maður að nafni Helgi Þorgeirsson var tekinn af lífi á Alþingi árið 1641. Hann hafði fallið í hórdóm; flúið af Vestfjörðum í ensk skip, gift sig á Englandi að sinni konu lifandi hér í landi, en kom svo aftur hér í land og var tekinn.	Annálar I, bls. 266 (Skarðsannáll), bls. 331 (Vallholtsannáll).
63	1645	Inga Kolbeinsdóttir	Ingvaldi Kolbeinsdóttur var drekkt á Vestfjörðum árið 1645 fyrir dulsmál. Hún var einnig nefnd Ingunn eða Inga. Málið var bæði tekið fyrir í Laxárholti og Alþingi en ákveðið var að afakan færi fram í þeirri sýslu sem brotið fór fram í og átti sýslumaðurinn Vigfús Gíslason að sjá til þess.	Annálar IV, bls. 280 (Sjávarborgarannáll); Aþingisbækur VI, bls. 112-113, 119-120, 137.
64	1645	Ónafngreind kona	Í Höfnum suður átti maður barn með stjúpdóttur sinni. Hann flúði en hún var réttuð á Bessastöðum árið 1645.	Annálar I, bls. 272 (Skarðsannáll).
65	1645	Hellu-Bjarni		Þjóðsögur.
66	1645	Bóndinn í Skarðstúni		Þjóðsögur.
67	1647	Jón Þorsteinsson	Í Húnavatnssýslu giftu sig Jón Þorsteinsson og Herdís en gifting þeirra gekk treglega fram af mannsins hendi. Hins vegar eignaðist Björg, dóttir Herdísar, barn og kenndi Jóni. Hann meðkenndi barnið en vildi þó sverja fyrir konu sína, móður Bjargar og var þessi maður „frómur og ærlegur í sinni veru.“ Guðmundur Hákonarson sýslumaður í Húnavatnssýslu setti þá þing að Sveinsstöðum en „leizt þó mörgum mönnum þetta mál vandasamt og til lengra reksturs horfa.“ Á þinginu var Jón var dæmdur til tylftareíðs og sór að hann hefði ekki framið holdlegan verknað með Herdís konu sinni „sem tilhlýðir milli karlmanns og kvenmanns“. Herdís sór hins vegar séttareíð fyrir holdlegt samræði við Jón auk þess sem tvær konur sóru lýsingu hennar. Jón var dæmdur upp á lífstraffið frá þessu máli. Þau skyldu hvort um sig láta 9 merkur til konungs en lögmaður skyldi ráða hvort um féggöld eða líkamlegt straff skyldi verða og svo undan í tvö ár. Málið kom fyrir Jens Söfrensson sem þótti ekki tilefni til þess að dæma þau. Hann kom hins vegar aftur með bréf konungs þess efnis að þau skyldu bæði straffast á lífinu og voru Jón og Björg líflátin á Alþingi árið 1647. Engin meðkenning kom frá Jóni áður en refsingin fór fram.	Annálar Magnúsar, bls. 110; Annálar I, bls. 288-89 (Seiluannáll), bls. 334 (Vallholtsannáll); Annálar II, bls. 143, 153 (Fitjaannáll) og 429 (Kjósarannáll); III, bls. 64-65 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 118-19 (Vatnsfjarðarannáll yngri).
68	1647	Björg Andrésdóttir	Í Húnavatnssýslu giftu sig Jón Þorsteinsson og Herdís en gifting þeirra gekk treglega fram af mannsins hendi. Hins vegar eignaðist Björg, dóttir Herdísar, barn og kenndi Jóni. Hann meðkenndi barnið en vildi þó sverja fyrir konu sína, móður Bjargar og var þessi maður „frómur og ærlegur í sinni veru.“ Guðmundur Hákonarson sýslumaður í Húnavatnssýslu setti þá þing að Sveinsstöðum en „leizt þó mörgum mönnum þetta mál vandasamt og til lengra reksturs horfa.“ Á þinginu var Jón var dæmdur til tylftareíðs og sór að hann hefði ekki framið holdlegan verknað með Herdís konu sinni „sem tilhlýðir milli karlmanns og kvenmanns“. Herdís sór hins vegar séttareíð fyrir holdlegt samræði við Jón auk þess sem tvær konur sóru lýsingu hennar. Jón var dæmdur upp á lífstraffið frá þessu máli. Þau skyldu hvort um sig láta 9 merkur til konungs en lögmaður skyldi ráða hvort um féggöld eða líkamlegt straff skyldi verða og svo undan í tvö ár. Málið kom fyrir Jens Söfrensson sem þótti ekki tilefni til þess að dæma þau. Hann kom hins vegar aftur með bréf konungs þess efnis að þau skyldu bæði straffast á lífinu og voru Jón og Björg líflátin á Alþingi árið 1647. Engin meðkenning kom frá Jóni áður en refsingin fór fram.	Annálar Magnúsar, bls. 110; Annálar I, bls. 288-89 (Seiluannáll), bls. 334 (Vallholtsannáll); Annálar II, bls. 143, 153 (Fitjaannáll) og 429 (Kjósarannáll); III, bls. 64-65 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 118-19 (Vatnsfjarðarannáll yngri).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
69	1648	Sveinn "skotti" Björnsson	Sveinn skotti Björnsson var sonur Axlar-Bjarnar og fékk viðurnefnið „skotti“ af „sífelldri rás og róli, illri breytni og djarfrækni við kvenfólk, en þó raunar ragur og duglaus, fyrir vanrækt sinnar sáluhjálpar, og mörg önnur guðlösturnarorð.“ Þann 29. júní 1646 á Öxarárfingi var dæmt að Sveinn skotti skyldi „eptir lögum líða fyrir guðs orða og sakramenta foraktan og sína óráðvendni, sem skriflega var fram borið af hendi biskupsins Mag. Brynjólfs Sveinssonar.“ Sveinn hafði tvisvar áður verið dæmdur til refsingar, í Þingeyjarþingi og Húnavatnsþingi. Ályktaðist lögmönnunum Árna Oddssyni, Magnúsi Björnssyni, lögréttunni með samþykki Jens Söfrenssonar að Sveinn fengi húðlát sem hann mest gæti borið og að hann missti annað eyrað og „ábyrgi sig sjálfur.“ Innan átta vikna „án stóra forfalla“ átti hann að vera kominn heim í Ísafjarðarsýslu og vinna sér inn fóstur. Ef hann fyndist annarsstaðar eða hann gerði nokkuð stráksverk eftir þann dag yrði hann rétttækur og dræpur hvar sem hann fyndist. „Undirbast nú Sveinn að bæta þetta sitt framferði við guð og menn með því að elska guð og hans orð, meðtaka sakramentin og lifa meinlauslega héðan í frá. En gjöri hann öðruvísi, játaði og undirbast hann, að hann skyldi réttlaus og dræpur.“ Brynjólfur skyldi finna Sveini prest til þess að veita honum opinbera aflausn á hentugum tíma. Sveini var refsað, eftir opinbera aflausn, 30. júní í viðveru þingmanna. Ekki bætti hann breytni sína eftir þessa húðlátsrefsinguna og var því hengdur í Rauðaskörðum (Rauðsdalsskörðum) vorið 1648 og „dó illum dauða.“ Sveinn átti tvo syni; annar var Gísli „hrókur“ sem var hengdur á Dyrhólum en hinn hét Halldór og var sennilega ómagi í Öngulstaðahreppi í Eyjafirði 1703.	Annálar I, bls. 286-87 (Seiluannáll), bls. 334 (Vallholtsannáll); III, bls. 263 (Eyrarannáll); IV, bls. 74 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VI, bls. 167-168; Íslendingabók.
70	1650	Guðmundur Narfason	„9. Novembris formyrkvaðist tunglið. – Á sömu nóttu myrti einn maður, Guðmundur Narfason, búandi í Kílhrauni á Skeiðum við Skálholt, sína kvinnu, nýgiptur henni um sumarið fyrir.“ Hjúp hann á brott og lést svo koma óvart að konunni og útbar þann róm að hún hefði tekið eigið líf. Konan, Katrín Bjarnardóttir, var grafin en bræður hennar gengu eftir því að hún yrði grafin upp aftur og skoðuð. Á Alþingi sóru tíu eða tólf af nefndarmannavottum Guðmundar hann sekan. Guðmundur hafði beðið Sigmund Jónsson um að skila til Ólafar Jónsdóttur, frillu sinnar, að hún skyldi fara til Alþingis og segjast hafa fundið ungabarn í moðinu á heygardinum á Kílhrauni. Ólöf kom á þingið og sagðist ekki kannast við þetta. Eftir að hafa verið dæmdur til dauða viðurkenndi Guðmundur að hafa myrt konu sína auk þess að hafa logið um barnið upp á Ólöfu. „Meðgekk þá óneyddur og fékk góða iðran, og gekk glaður til sinnar þínu, bað guð og menn fyrirgefningar“. Guðmundur var fyrst beinbrotinn á handleggjum og fótum, síðan háshöggvinn og höfuð hans sett á háa stöng upp á Almannagjá „til æfinlegrar minningar og viðvörunar.“ Réttáð var yfir tveimur af hjákonum Guðmundar. Önnur var þunguð en hin var húðstrýkt.	Annálar I, bls. 294 (Seiluannáll), bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls. 164 og 166 (Fitjaannáll); III, bls. 70 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 123 (Vatnsfjarðarannáll yngri); Alþingisbækur VI, bls. 263-264.
71	1650	Páll Tóason (Tófa/Tóvason)	Á Alþingi var mál Margrétar Jónsdóttur sem fallið hafði með Páli Tóasyni stjúpföður sínum borið fyrir ofurstann herra Hendrik Bjelke, lögmenn og lögrétta sem samþykktu að Margrét skyldi missa lífið. Henni var drekkt í héraði í Ögri við Ísafjörð. Hann braut af sér járnin og flúði en náðist svo í Norðurárdal. Hann var aftekinn þann 22. október í Ögri og fékk góða iðran.	Annálar Magnúsar, bls. 113; Annálar II, bls. 166 (Fitjaannáll); III, bls. 71 (Vatnsfjarðarannáll elzti); Alþingisbækur VI, bls. 265-266.
72	1650	Margrét Jónsdóttir	Á Alþingi var mál Margrétar Jónsdóttur sem fallið hafði með Páli Tóasyni stjúpföður sínum borið fyrir ofurstann herra Hendrik Bjelke, lögmenn og lögrétta sem samþykktu að Margrét skyldi missa lífið. Henni var drekkt í héraði í Ögri við Ísafjörð. Hann braut af sér járnin og flúði en náðist svo í Norðurárdal. Hann var aftekinn þann 22. október í Ögri og fékk góða iðran.	Annálar Magnúsar, bls. 113; Annálar II, bls. 166 (Fitjaannáll); III, bls. 71 (Vatnsfjarðarannáll elzti); Alþingisbækur VI, bls. 265-266.
73	1650	Jón Jónsson (kallaður Sýjussón)	Árið 1650 var á Alþingi aftekinn maður að nafni Jón Sýjussón er hafði átt tvö börn með stjúpdóttur sinni undir Jökli. „Tók öxin eigi á háls honum og vafðist upp í eggina; marðist höfuðið af um síðir í 30 höggum. Fannst hausskél af manni í skó hans öðrum, er hann var dauður og rúnir á, en í öðrum tréspjald og þar einnig á rúnir.“ Jón var grafinn en vildi þá ganga aftur svo hann var tekinn upp og brenndur. Sigríður Einarsdóttir, barnsmóðir hans meðkenndist og var einnig drekkt þar á þinginu.	Annálar I, bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls. 166 (Fitjaannáll); III, bls. 71 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 123 (Vatnsfjarðarannáll yngri), bls. 265 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VI, bls. 267-268, 272.



ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
74	1650	Sigríður Einarsdóttir	Árið 1650 var á Alþingi aftekinn maður að nafni Jón Sýjusson er hafði átt tvö börn með stjúpdóttur sinni undir Jökli. „Tök öxin eigi á háls honum og vafðist upp í eggina; marðist höfuðið af um síðir í 30 höggum. Fannst hausskél af manni í skó hans öðrum, er hann var dauður og rúnir á, en í öðrum tréspjald og þar einnig á rúnir.“ Jón var grafinn en vildi þá ganga aftur svo hann var tekinn upp og brenndur. Sigríður Einarsdóttir, barnsmóðir hans meðkenndist og var einnig drekkð þar á þinginu.	Annálar I, bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls. 166 (Fitjaannáll); III, bls. 71 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 123 (Vatnsfjarðarannáll yngri), bls. 265 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VI, bls. 267-268, 272.
75	1650	Sigríður Jónsdóttir	Í Vaðlasýslu voru Halldór Jónsson og Sigríður Jónsdóttir tekin af lífi árið 1650 fyrir barneign. Hún var systir eiginkonu hans.	Annálar I, bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls 167(Fitjaannáll).
76	1650	Halldór Jónsson	Í Vaðlasýslu voru Halldór Jónsson og Sigríður Jónsdóttir tekin af lífi árið 1650 fyrir barneign. Hún var systir eiginkonu hans.	Annálar I, bls. 336 (Vallholtsannáll); II, bls 167(Fitjaannáll).
77	1651	Ónafngreind stjúpdóttir	Árið 1651 voru stjúpfeðgin úr Eyjafirði réttuð fyrir blóðskömm.	Annálar III, bls. 126 (Vatnsfjarðarannáll yngri).
78	1651	Ónafngreindur stjúpfaðir	Árið 1651 voru stjúpfeðgin úr Eyjafirði réttuð fyrir blóðskömm.	Annálar III, bls. 126 (Vatnsfjarðarannáll yngri).
79	1654	Þórður	Árið 1654 létu sýslumenn í Strandasýslu, Þorleifur Kortsson og Jón Magnússon brenna þrjá menn í Trékyllisvík fyrir „galdrgerninga, bæði mönnum og fænaði gerða með óheyrilegri og furðulegri djöfulsins ásókn; fékk einn þeirra góða iðran; á hinum sáust lítil merki iðrunar, sérdeilis þeim þriðja, er Grímur hét. Tveir voru brenndir í sama eldi, fimmtudag næstan fyrir imbruviku um haustið. Annar þeirra hét Þórður en hinn Egill. Grímur hét var brenndur nokkrum dögum seinna.	Annálar Magnúsar, bls. 119; Annálar I, bls. 305 (Seiluannáll), bls. 339-40 (Vallholtsannáll); Annálar III, bls. 79 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 212 (Ballarárannáll).
80	1654	Egill	Árið 1654 létu sýslumenn í Strandasýslu, Þorleifur Kortsson og Jón Magnússon brenna þrjá menn í Trékyllisvík fyrir „galdrgerninga, bæði mönnum og fænaði gerða með óheyrilegri og furðulegri djöfulsins ásókn; fékk einn þeirra góða iðran; á hinum sáust lítil merki iðrunar, sérdeilis þeim þriðja, er Grímur hét. Tveir voru brenndir í sama eldi, fimmtudag næstan fyrir imbruviku um haustið. Annar þeirra hét Þórður en hinn Egill. Grímur hét var brenndur nokkrum dögum seinna.	Annálar Magnúsar, bls. 119; Annálar I, bls. 305 (Seiluannáll), bls. 339-40 (Vallholtsannáll); Annálar III, bls. 79 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 212 (Ballarárannáll).
81	1654	Grímur	Árið 1654 létu sýslumenn í Strandasýslu, Þorleifur Kortsson og Jón Magnússon brenna þrjá menn í Trékyllisvík fyrir „galdrgerninga, bæði mönnum og fænaði gerða með óheyrilegri og furðulegri djöfulsins ásókn; fékk einn þeirra góða iðran; á hinum sáust lítil merki iðrunar, sérdeilis þeim þriðja, er Grímur hét. Tveir voru brenndir í sama eldi, fimmtudag næstan fyrir imbruviku um haustið. Annar þeirra hét Þórður en hinn Egill. Grímur hét var brenndur nokkrum dögum seinna.	Annálar Magnúsar, bls. 119; Annálar I, bls. 305 (Seiluannáll), bls. 339-40 (Vallholtsannáll); Annálar III, bls. 79 (Vatnsfjarðarannáll elzti), bls. 212 (Ballarárannáll).
82	1656	Sigríður Gunnarsdóttir	Sigríður eignaðist barn á leið sinni til Arnarstapa, skildi það eftir og hélt áfram leið sinni. Komst upp um hana þegar hún mjólkaði sig á almannafæri. Sýslumaður Matthías Guðmundsson kallaði sama tólf karla að Laugarbrekku þar sem Sigríður játaði og var dæmd til dauða. Tekin af lífi á þinginu nokkrum dögum seinna. Barnsfaðirinn, Loftur Jónsson, var dæmdur til húðstrýkingar fyrir hördómsbrot. Sigríður „að almúga rómi mey eða stúlka haldin var“ – líklega var hún úr sveitinni því fólkíð þekkti til hennar.	Már Jónsson, 2000, bls. 59-61.
83	1656	Ónafngreind kona	Kona á Hjallasandi fyrir Jökli fyrirfór barni sínu með því að leggja steina á brjóst og höfuð þess. Hún var tekin af lífi. „Það var um veturnær.“	Annálar I, bls. 308 (Seiluanáll) og 346 (Vallholtsannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
84	1656	Jón	Sumardaginn fyrsta, árið 1656, voru feðgar brenndir fyrir galdra í Skutulsfirði í Ísafjarðarsýslu. Þeir áttu nokkuð í jörðinni Kirkjubóli. Annar feðganna meðkenndi að hafa haft stafsmynd með illmögum í lófa sér er hann tók í hönd síra Jóns Magnússonar á Eyri og þakkaði fyrir predikun. Þannig hafi presturinn misst heilsu. Þorleifur Kortsson sýslumaður var „mjög lofður af öllum mönnum og nafnfrægur þar honum lukkaðist svo vel af að koma þeirri vondu djöfulsókn“. Jón Magnússon var þó áfram veikur eftir að feðgarnir dóu. Árið 1658 frelsaðist Þuríður Jónsdóttir, systir og dóttir feðganna frá galdragrunsemd Jóns Magnússonar. Á Öxarárþingi árið 1656 var auglýstur dómur sá er auglýstur var af sýslumönnum Þorleifi Kortssyni og Magnúsi Magnússyni, um þá peninga sem þeir galdramenn eftir létu, að síra Jón Magnússon eignist 10 hundruð í jörðinni Kirkjubóli í bætur og 10 hundruð í lausafé eftir hinn annan. Restin skiptist milli erfingja og konungs.	Annálar Magnúsar 121 og 123; Annáll I, bls. 311 (Seiluannáll), bls. 344 (Vallholtsannáll); II, bls 436 (Kjósarannáll); III, bls. 82 (Vatnsfjarðarannáll elzti, viðauki); III, bls. 213-14 (Ballarárannáll) og bls. 268 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VI, bls. 384.
85	1656	Jón Jónsson	Sumardaginn fyrsta, árið 1656, voru feðgar brenndir fyrir galdra í Skutulsfirði í Ísafjarðarsýslu. Þeir áttu nokkuð í jörðinni Kirkjubóli. Annar feðganna meðkenndi að hafa haft stafsmynd með illmögum í lófa sér er hann tók í hönd síra Jóns Magnússonar á Eyri og þakkaði fyrir predikun. Þannig hafi presturinn misst heilsu. Þorleifur Kortsson sýslumaður var „mjög lofður af öllum mönnum og nafnfrægur þar honum lukkaðist svo vel af að koma þeirri vondu djöfulsókn“. Jón Magnússon var þó áfram veikur eftir að feðgarnir dóu. Árið 1658 frelsaðist Þuríður Jónsdóttir, systir og dóttir feðganna frá galdragrunsemd Jóns Magnússonar. Á Öxarárþingi árið 1656 var auglýstur dómur sá er auglýstur var af sýslumönnum Þorleifi Kortssyni og Magnúsi Magnússyni, um þá peninga sem þeir galdramenn eftir létu, að síra Jón Magnússon eignist 10 hundruð í jörðinni Kirkjubóli í bætur og 10 hundruð í lausafé eftir hinn annan. Restin skiptist milli erfingja og konungs.	Annálar Magnúsar 121 og 123; Annáll I, bls. 311 (Seiluannáll), bls. 344 (Vallholtsannáll); II, bls 436 (Kjósarannáll); III, bls. 82 (Vatnsfjarðarannáll elzti, viðauki); III, bls. 213-14 (Ballarárannáll) og bls. 268 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VI, bls. 384.
86	1659	Valgerður Jónsdóttir	Árið 1659 voru Valgerður Jónsdóttir og Ingimundur Illugason réttuð í Snæfellssýslu fyrir blóðskömm.	Annálar I, bls. 353 (Vallholtsannáll); II, bls. 185 (Fitjaannáll).
87	1659	Ingimundur Illugason	Árið 1659 voru Valgerður Jónsdóttir og Ingimundur Illugason réttuð í Snæfellssýslu fyrir blóðskömm.	Annálar I, bls. 353 (Vallholtsannáll); II, bls. 185 (Fitjaannáll).
88	1662	Þórður Magnússon	Árið 1662 var Þórður Magnússon hengdur við Flókadalsá í Borgarfirði, „nafnkunnugur þar um sveitir.“	Annálar II, bls. 196 (Fitjaannáll); IV, bls. 100 (Setbergsannáll).
89	1663	Ólöf Magnúsdóttir	Þann 22. ágúst 1663 var Ólöf Magnúsdóttir dæmd til dauða á Hofi á Höfðaströnd. Hún átti að hafa eignast barn í frillulífi, fætt það í leyri í fjósinu á Felli norður í Sléttahlíð og skorið það á háls “helzt í hnakkanum.“ Henni var drekkt í Hofsa, „norðanmegin gengt kofunum“, tveimur dögum eftir dauðadóminn.	Annálar I, bls. 362 (Vallholtsannáll); II bls. 197 (Fitjaannáll), 442 (Kjósarannáll), 498 (Hestsannáll); IV, bls. 110 (Setbergsannáll).
90	1664	Þórður Leifuson/Þórðarson	Þórður Leifuson var hengdur syðra 26. janúar 1664 fyrir tilstilli Einars úr Vogum. Hann átti að hafa stolið úr Hólmsbúðum. Á Öxarárþingi 1665 var í lögréttu lesið bréf Guðrúnar Þórðardóttur um bróður hennar Þórð. Í bréfinu klagar Guðrún undan því að dómurinn hafi verið óvandaður: „Bið ég nú auðmjúklega í guðs nafni einkannlega herra lögmennina báða mig til réttarins styrkja og foringja manndrapsins fyrir lög að kalla, sem er Einar Oddsson í Vogum, sem ég heyri sagt, hafi gengið óvandaðan dóm um minn sáluga bróður, Þórð Þórðarson, hvern dóm ég nú áfrýja og óska til skoðunar komi, því ég lýsi mig hans lögerfingja. Það annað, hans munaðarlaust barn er mér á hendi bjargarlaust. Þessi mín harmaklögum bið eg upp lesin sé, og inn færð í þingbók nú samstundis, 30. Junii 1665.“ Á Öxarárþingi 1666 var fjallað um mál Þórðar.	Annálar I, bls. 363 (Vallholtsannáll); II, 197-198 (Fitjaannáll), bls. 442 (Kjósarannáll); IV, bls. 100 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VII, bls. 64-65, 85-87.
91	1666	Ónafngreind kona	Kona bar út barnið sitt, sem hún hafði átt í „einföldu fryllulífi“ á Rútsstöðum, austur í Flóa. Konan var dæmd og réttuð á Vælugerðisþingi árið 1666. „Og af því að konungleg befalling var innkomin í landið, að enginn sýslumaður skyldi dæma um þau stórmæli, sem áhrærðu líf eður æru, þá var lögmaðurinn Sigurður Jónsson til kvaddur af sýslumanninum Jóni Vigfússyni eldra á Hvoli, austur að ríða.“	Annálar II bls. 209-210 (Fitjaannáll), bls. 492 (Hestsannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
92	1667	Þórarinn Halldórsson	<p>Árið 1667 var Þórarinn Halldórsson frá Birnustöðum í Ísafjarðarsýslu brenndur í Almannagjá á Alþingi. Hann var sá fyrsti sem brenndur var á Alþingi. Hann var kvæntur og átti börn. Veturinn fyrir hafði hann sloppið úr jánnum frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, Magnúsi Magnússyni með aðstoð Helga Einarssonar böðuls „hver honum um kveldtíma út kom úr varðhaldshúsinu og á björnum til rauf, svo hann þar um þann glugga úttogaði.“</p> <p>“Sýslumaðurinn Gísli Magnússon náði Þórarni og sendi aftur í Ísafjarðarsýslu. Þórarinn viðurkenndi að stúlka hefði dáðið af galdraverkum sínum og að hann hefði „illt hjarta haft til sóknarprests síns“ sem honum þótti vera harðmæltur uppá galdramenn. Eitt sinn eftir messu átti hann að hafa sagt óvíst að presturinn yrði svo hvatvís næsta sunnudag. Presturinn fékk ókennilegan sjúkleika næsta sunnudagsmorgun og dó síðan.</p>	Annálar II, bls. 211 (Fitjaannáll), bls. 493 (Hestsannáll); III, bls. 144 (Vatnsfjarðarannáll yngri), bls. 274 (Eyrarannáll); IV, bls 105 (Setbergsannáll).
93	1668	Jón Leifsson	<p>Galdramennirnir Jón Leifsson og Erlendur Eyjólfsson (skólameistari Jóns í þessari vondu kunst) brenndir. Sú fráma guðhrædda kona Helga Halldórsdóttir í Selárdal mætti árá og ofsókn af illum anda eftir jól og fram á sumar. Jón Leifsson viðurkenndi að hafa ollið þessu með restingum og blóðvökunum.</p> <p>Um sumarið fyrir alþingi árið 1668 var brenndur galdramaður á Vestfjörðum, að nafni Jón Leifsson „sem með göldrum hafði spiltt heilsufari húsfreyjunnar í Selárdal, Helgu Halldórsdóttur lögmans Ólafsonar, sem var kvinna séra Páls Björnssonar prófests í Barðarstrandarsýslu. Fann hann það til orsaka, að hann hefði viljað taka til eiginkonu sér griðkonu hennar en húsfreyja var mótmælt, fyrir hennar hönd. Voru svo mikil þessi galdraólæti að presturinn með sinni húsfreyju, börnum og heimafólki varð staðinn að flýja. Eftir að Jón Leifsson var brenndur „sefaðist nokkuð; þó voru brotin hús nokkur og brennd, áður það stilltis til fulls.“</p> <p>Um haustið 1669 var brenndur fyrir galdur Erlendur Eyjólfsson af Vestfjörðum; hafði hann kennt fjölkyngi Jóni Leifssyni, er brenndur var um sumarið fyrir, og mörgum öðrum, að hans sögn.“ Erlendur bjó á Stökkum á Rauðasandi en var færður Þorleifi Kortssyni lögmanni fyrir norðan og brenndur þar; „sagt hingað vestur, í bálinu skrafað hafi um stund nokkra.“</p>	Annálar Magnúsar, bls. 135; Annálar I, bls. 384 (Vallaannáll); II, bls. 219-220 (Fitjaannáll), 448 (Kjósarannáll), 496 (Hestsannáll); III bls. 149-150 (Vatnsfjarðarannáll yngri); Alþingisbækur VII, bls.145-147, 178.
94	1668	Erlendur Eyjólfsson	<p>Galdramennirnir Jón Leifsson og Erlendur Eyjólfsson (skólameistari Jóns í þessari vondu kunst) brenndir. Sú fráma guðhrædda kona Helga Halldórsdóttir í Selárdal mætti árá og ofsókn af illum anda eftir jól og fram á sumar. Jón Leifsson viðurkenndi að hafa ollið þessu með restingum og blóðvökunum.</p> <p>Um sumarið fyrir alþingi árið 1668 var brenndur galdramaður á Vestfjörðum, að nafni Jón Leifsson „sem með göldrum hafði spiltt heilsufari húsfreyjunnar í Selárdal, Helgu Halldórsdóttur lögmans Ólafsonar, sem var kvinna séra Páls Björnssonar prófests í Barðarstrandarsýslu. Fann hann það til orsaka, að hann hefði viljað taka til eiginkonu sér griðkonu hennar en húsfreyja var mótmælt, fyrir hennar hönd. Voru svo mikil þessi galdraólæti að presturinn með sinni húsfreyju, börnum og heimafólki varð staðinn að flýja. Eftir að Jón Leifsson var brenndur „sefaðist nokkuð; þó voru brotin hús nokkur og brennd, áður það stilltis til fulls.“</p> <p>Um haustið 1669 var brenndur fyrir galdur Erlendur Eyjólfsson af Vestfjörðum; hafði hann kennt fjölkyngi Jóni Leifssyni, er brenndur var um sumarið fyrir, og mörgum öðrum, að hans sögn.“ Erlendur bjó á Stökkum á Rauðasandi en var færður Þorleifi Kortssyni lögmanni fyrir norðan og brenndur þar; „sagt hingað vestur, í bálinu skrafað hafi um stund nokkra.“</p>	Annálar Magnúsar, bls. 135; Annálar I, bls. 384 (Vallaannáll); II, bls. 219-220 (Fitjaannáll), 448 (Kjósarannáll), 496 (Hestsannáll); III bls. 149-150 (Vatnsfjarðarannáll yngri); Alþingisbækur VII, bls.145-147, 178.
95	1670	Gísli ‚hrókur‘ Sveinsson	Gísli ‚hrókur‘ Sveinsson, sonur Sveins ‚skotta‘ og sonarsonur Axlar-Bjarnar var hengdur á Dyrhólum en óvíst er hvenær.	Annálar IV, bls. 74n (Setbergsannáll).
96	1670	Guðrún Bjarnadóttir	Í desember árið 1670 eða 1671 var kona réttuð fyrir fyrir að bera út barn á Höfðaströnd í Húnavatnssýslu.	Annálar II, bls. 450 (Kjósarannáll), bls. 498 (Hestsannáll); IV, bls. 110 (Setbergsannáll), bls. 302 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 223-24.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
97	1671	Sigurður Jónsson	Sigurður Jónsson úr Vatnsfirði var brenndur á Alþingi þann 1. júlí árið 1671 fyrir galdra og veikleika er hann hafði ollið Þuríði Guðmundsdóttur, kvinnu Guðmundar Magnússonar. „Kom til af fyrstu af slæmu níðtali nokkra galninga, hvar að meðal var þessi Sigurður; hann hljóp frá Hjöllum í Skötufirði föstudaginn langa (á hverjum konan veik varð) í Dýrafjörð, og vildi koma sér í skip með Engleskum, en fékk ei; kom svo aftur í Vigur, hvar hann var af áðurnefnum Guðmundi fangaður og síðan sýslumanni Magnúsi Magnússyni færður, hver á hans málefni lét löglegan process ganga í héraði.“	Annálar Magnúsar, bls. 139, Annálar I, bls. 385 (Vallaannáll); II, bls. 227 (Fitjaannáll); III, bls. 156 (Vatnsfjarðarannáll yngri) og bls. 285 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 216-218.
98	1672	Jón Jónsson	Jón Jónsson var hengdur á Höfðaströnd árið 1672.	Annálar II, bls 502 (Hestsannáll).
99	1673	Guðrún Skaftadóttir	Guðrúnu Skaftadóttur frá Hamri á Hjarðarnesi var drekkt í Vaðalsá árið 1673 vegna þess að hún átti tvíbura með giftum manni og „höndlaði heimuglega.“	Annálar Magnúsar, bls. 147; Annálar III, bls. 298 (Eyrarannáll).
100	1673	Eyjólfur Arason	Árið 1673 var Eyjólfur Arason hengdur „óhreinlega“ í Húnavatnspingi fyrir að hafa stolið 36 ríkisdöllum frá Vilhjálmi Arnfinnssyni. Hann meðkenndist og fékk iðran.	Annálar II, bls. 232 (Fitjaannáll) og bls. 502 (Hestsannáll); IV, bls. 113 (Setbergsannáll).
101	1673	Bjarni Sveinsson	Magnús: Réttáður Bjarni sem fallið hafði með stjúpdóttur sinni en hún var ári síðar réttuð í Húnavatnssýslu eftir lögmannsdóm. Bjarni viðurkenndi fyrir dauða sinn að hafa nauðgað Sigríði. Eyrarannáll: Bjarni úr Þingeyjarþingi í Norðursýslu var dæmdur til dauða og tekinn af lífi á Alþingi fyrir að hafa átt barn með stjúpdóttur sinni. „Meðkenndi fyrir dómi sig henni nauðgað hafa, þar með stúlkan ung.“ Hestsannáll: Bjarni Sveinsson var hálshöggvinn á Alþingi árið 1673 þar sem hann hafði eignast barn með systur konu sinnar. „Hún var ei til þings höfð, því menn þóttust lítt til vita, hvort hún væri úr ómegð eður fullviti.“ Henni var hins vegar drekkt árið eftir á Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu eftir dómi Þorleifs lögmanns. Alþingisbækur: Jón Vigfússon auglýsti árið 1673 dóm genginn að Grýtubakka í Höfðahverfi og var hann staðfestur og Bjarni höggvinn 4. júlí. Á Öxarárþingi kom til tals mál Sigríður Þórðardóttur, barnsmóður Bjarna Sveinssonar er hafði verið réttáður á Öxarárþingi sumarið fyrir. Þetta mál lagði Sæmundur Hrólfsson fram fyrir hönd föður síns Hrólfis Sigurðssonar er forfallaðist vegna stórharðinda í Þingeyjarþingi. Héraðsvottar höfðu svarið a Sigríður væri ekki yngri en 21 árs. Hún hafði lýst því yfir að Bjarni hefði nauðgað sér. Lögþingismenn sáu sig ekki færa til að dæma í málinu þar sem Sigríður var ekki viðstödd. Málinu var því vísað í hérað til Þorleifs Kortssonar.	Annálar Magnúsar, bls. 148 og 149; Annálar II, bls. 232-33 (Fitjaannáll) og bls. 504, 506 (Hestsannáll); III, bls. 301 og bls. 304 (Eyrarannáll); IV bls. 115-116 (Setbergsannáll); 302 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 257, 284.
102	1674	Sigríður Þórðardóttir	Árið 1673 var Bjarni Sveinsson úr Þingeyjarþingi í Norðursýslu var dæmdur til dauða og tekinn af lífi á Alþingi fyrir að hafa átt barn með stjúpdóttur sinni, Sigríði Þórðardóttir. „Meðkenndi fyrir dómi sig henni nauðgað hafa, þar með stúlkan ung.“ Hún var ekki höfð til þingsins „því menn þóttust lítt til vita, hvort hún væri úr ómegð eður fullviti.“ Henni var hins vegar drekkt árið eftir á Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu eftir dómi Þorleifs Kortssonar lögmanns.	Annálar Magnúsar, bls. 148 og 149; Annálar II, bls. 232-33 (Fitjaannáll) og bls. 504, 506 (Hestsannáll); III, bls. 301 og bls. 304 (Eyrarannáll); IV bls. 115-116 (Setbergsannáll); 302 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 257, 284.
103	1674	Páll Oddsson	Árið 1674 var Páll Oddsson af Vatnsnesi í Húnavatnssýslu brenndur á Alþingi, „hvor eð rigótaður var af margra persóna veikleika og dauða, enn villde þó eckert meðkenna.“ Sýslumaðurinn Guðbrandur Arngrímsson hafði tekið málið fyrir í héraði.	Annálar Magnúsar, bls. 149; Annálar I, bls. 385 (Vallaannáll); II, bls. 235 (Fitjaannáll), bls. 505 (Hestsannáll); III, bls. 303 (Eyrarannáll); IV, bls. 303 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 283.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
104	1674	Böðvar Þorsteinsson	Á Öxarárþingi árið 1674 var lesinn dauðadómur Böðvars Þorsteinssonar frá Jökli er gengið hafði að Ingjaldshóli í Neshreppi undirskrifað af valdsmanninum Jakobi Benedikssyni. Árni Amundason hafði í Gufuskálum í Neshrepp, þar sem Böðvar var búðarmaður, spurt Böðvar hvort hann vildi ekki meðkenna að hann hefði með fjölkynngi og óleyfilegum meðölum hindrað afla og fiskibrögð á skipi séra Björns Snæbjörnssonar. Böðvar játaði því. Hann meðkenndi þetta líka á Öxarárþingi 29. júní og var dauðadómurinn staðfestur. Honum átti að útvega prest þar sem að „illt verk skal hata, en elska manninn, en sálina allra helzt sem sinn jafn kristinn.“ Böðvar var brenndur 3. júlí. Böðvar játaði. Hann meðkenndi þetta líka á Öxarárþingi 29. júní og var dæmdur til dauða. Var brenndur 3. júlí. Honum átti að útvega prest þar sem að „illt verk skal hata, en elska manninn, en sálina allra helzt sem sinn jafn kristinn.“	Annálar Magnúsar, bls. 149; Annálar I, bls. 385 (Vallaannáll); II, bls. 235 (Fitjaannáll), bls. 505 (Hestsannáll); III, bls. 303 (Eyrarannáll); IV, bls. 303 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 279-281.
105	1675	Lasse Diðriksson	Þann 4. júlí árið 1675 var Lasse Diðriksson af Vestfjörðum brenndur, 70 að aldri. Honum var kenndur veikleiki Björns Pálssonar, síra Halldórs Pálssonar, Egils Helgasonar er var saklaus að sumir héldu og hann vildi ekkert viðurkenna fyrir dauðann. Tórmikil ríging kom á Alþingi svo bálið vildi þrisvar slokkna. Héraðsdómur hafði gengið á Fifustöðum í Arnarfjarðardölum en valdsmenn í Barðastrandarsýslu, Eggert Björnsson og Björn Gíslason, létu auglýsa málið sem hafði verið sett undir „endilega úrlausn og dómsályktun herra Þorleifs Kortssonar lögmanns og hafði hann svo það mál síðan upp sett til þessa Öxarárþings.“ Lasse Diðriksson skyldi brennast „eftir forsvaranlegri tilsjón velnefndra kongs valdsmanna í Barðastrandarsýslu.“ Samkvæmt Íslendingabók var dóttir Lassa, Guðrún Lassadóttir húsfreyja á Auðkúlu, Auðkúluhreppi árið 1703.	Annálar Magnúsar, bls. 156; Annálar I, bls. 386 (Vallaannáll); II, bls. 237 (Fitjaannáll), bls. 507 (Hestsannáll); III, bls. 305 (Eyrarannáll), 433 (Annálgreinar Árna á Hóli); IV, bls. 304 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 314-315.
106	1675	Magnús Bjarnason	Magnús Bjarnason eldri var brenndur í Húnavatnsþingi en honum var borinn veikleiki Helgu Halldórsdóttur í Selárdal. Dauðadómsályktun Þorleifs Kortssonar lögmanns var gerð að Þingeyrum og samþykkt af lögmanninum Sigurði og lögréttumönnum á Öxarárþing.	Annálar Magnúsar, bls. 156; Annálar III, bls. 305 (Eyrarannáll); IV, bls. 304 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 314.
107	1676	Árni Jónsson	Árið 1676 var Árni Jónsson hengdur eftir útskurði hr. Sigurðar lögmanns. Árni var fyrst dæmdur til húðláts og marks en var síðar hengdur. Í Lögréttu var dómur Sigurðar af herra Þorleifi og lögréttumönnum „almennilega samþykktir.“	Annálar Magnúsar, bls. 162; Annálar II, bls. 509 (Hestsannáll); III, bls. 307 (Eyrarannáll); IV, bls. 117 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VII, bls. 337.
108	1677	Bjarni Bjarnason	Árið 1677 var Bjarni Bjarnason frá Breiðadal í Önundarfirði í Ísafjarðarsýslu, brenndur á Alþingi fyrir galdra og gjörningum mönnum og fé. Hann var vel sextugur. Í Lögréttu las valdsmaður í Ísafjarðarsýslu upp héraðsdóm genginn á Mosvöllum við Önundarfjörð um galdraáburð Bjarna Jónssonar undir Hesti og konu hans Ingibjargar Pálsdóttur á hendur Bjarna Bjarnasonar eldri í Berjadal. Bjarni Bjarnason hafði fallið á tylftareid. Málið var sett undir úrskurð og atkvæði Þorleifs Kortssonar. Bjarni Bjarnason skyldi brenndur með tilsjón Páls Torfasonar á hentugum tíma. Straffið var lagt á 4. júlí í margra manna viðurvist. Hann átti að fá prest því „illt verk skal hata, en manninn elska af náttúrulegu eðli, en sálina þó allra helzt sem sinn jafn kristinn.“	Annálar Magnúsar, bls. 165; Annálar II, bls. 245 (Fitjaannáll), bls. 510 (Hestsannáll); III, bls. 309 (Eyrarannáll); IV, bls. 305 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 368-70.
109	1677	Þorbjörn Sveinsson	Árið 1677 var Þorbjörn Sveinsson úr Grenidal í Borgarfjarðarsýslu fyrir vestan Hvítá brenndur fyrir galdra og gjörningum mönnum og fé. Í Lögréttu auglýsti valdsmaðurinn Jón Sigurðsson yngri þann héraðsdóm er gengið hafði í Óskholti í Borgarfirði. Á Ósksholts manntalsþingi um vorið hafði Jón sýslumaður fundið skinnbuddu á Þorbirni, í hverri voru geymd 3 kver og skinnlengjur „þetta allt með óvenjulegum characteribus.“ Seinna hafði Jón fundið útpárað talustykki í læstri hirslu Þorbjörns á Stóru-Skógum. Þorbjörn meðkenndi að hafa skrifað sumt af þessu. Þorbjörn var dæmdur til dauða og tekinn af lífi 4. júlí mörgum góðum mönnum nærstöddum. Hann fékk prest fyrir dauðann „svo sálin mætti vera verða hluttakandi með guðs börnum eilífs fangaðar í Jesú nafni.“	Annálar Magnúsar, bls. 165; Annálar II, bls. 245 (Fitjaannáll), bls. 510 (Hestsannáll); III, bls. 309 (Eyrarannáll); IV, bls. 305 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 243, 366-367.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
110	1677	Bessi Eiríksson	Veturinn 1677 var Bessi Eiríksson hengdur norðanlands fyrir þjófnað, eftir úrskurði Þorleifs Kortssonar lögmanns sem lét síðar lesa úrskurð og ályktan sína í Lögréttu og Sigurður Björnsson og lögréttumenn þóttu hann hafa dæmt „forsvaranlega og eftir landslögum.“	Annálar Magnúsar, bls. 165; Annálar II, 509 (Hestsannáll); III, bls. 309 (Eyrarannáll); IV, bls. 305 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 367-368.
111	1677	Þorlákur Þorsteinsson	Þann 17. ágúst 1677 var Þorlákur Þorsteinsson hengdur í Strandasýslu fyrir þjófnað en hann hafði „uppbrotið hús og hirzluur manna til fjár.“ en hafði verið dæmdur í á Kirkjubólspingi í Steingrímsfirði.	Annálar Magnúsar, bls. 165; Annálar III, bls. 309 (Eyrarannáll); IV bls. 118 (Setbergsannáll), bls. 305 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 336 – 337, 371, 381, 416.
112	1678	Guðrún Bjarnadóttir	Feðgin í Eyrarsveit, Guðrún Bjarnadóttir og Bjarni Halldórsson, voru árið 1678 réttuð fyrir blóðskömm og dulsmál. Bjarni var 66 ára. Valdsmaðurinn Jakob Benediktsson lét lesa í Lögréttu héraðsdóm genginn að Grund í Eyrarsveit um málefni Guðrúnar Þórðardóttur, móður Guðrúnar og einginkonu Bjarna. Guðrún Þórðardóttir meðkenndi meðferðina á barni dóttur sinnar en sagði það hafa fæðst með litlu lífsmarki og að Bjarni hefði borið það út. Guðrún var dæmd til líkamlegrar refsingar sem þótti viðeigandi og bærileg miðað við aldur hennar þar sem að hún „hafði ei veitt því sinnar dóttur barni svo skikkanlega vöktun og þjónustu sem einni rétttri yfirsetukonu hefði annars borið sökum þess svo stórkostlega skelfilegs og hennar samvizku viðbjóðslegs tilferlis“. Þar sem að Guðrún Þórðardóttir var gömul og veikburða, auk þess sem hún var „sturluð á nokkurn hátt í sinnu samvizku,“ fékk hún mildari dóm.	Annálar II, bls. 247 (Fitjaannáll), 512 (Hestsannáll); IV, bls. 119 (Setbergsannáll), 306 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 410-411.
113	1678	Bjarni Hallsson	Feðgin í Eyrarsveit, Guðrún Bjarnadóttir og Bjarni Halldórsson, voru árið 1678 réttuð fyrir blóðskömm og dulsmál. Bjarni var 66 ára. Valdsmaðurinn Jakob Benediktsson lét lesa í Lögréttu héraðsdóm genginn að Grund í Eyrarsveit um málefni Guðrúnar Þórðardóttur, móður Guðrúnar og einginkonu Bjarna. Guðrún Þórðardóttir meðkenndi meðferðina á barni dóttur sinnar en sagði það hafa fæðst með litlu lífsmarki og að Bjarni hefði borið það út. Guðrún var dæmd til líkamlegrar refsingar sem þótti viðeigandi og bærileg miðað við aldur hennar þar sem að hún „hafði ei veitt því sinnar dóttur barni svo skikkanlega vöktun og þjónustu sem einni rétttri yfirsetukonu hefði annars borið sökum þess svo stórkostlega skelfilegs og hennar samvizku viðbjóðslegs tilferlis“. Þar sem að Guðrún Þórðardóttir var gömul og veikburða, auk þess sem hún var „sturluð á nokkurn hátt í sinnu samvizku,“ fékk hún mildari dóm.	Annálar II, bls. 247 (Fitjaannáll), 512 (Hestsannáll); IV, bls. 119 (Setbergsannáll), 306 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 410-411.
114	1678	Eyvindur Jónsson	Þann 3. júlí 1678 voru Eyvindur Jónsson og Margrét Simonardóttir réttuð á Alþingi fyrir hórdóma og útilegu. Henni var drekkt en hann var hálshöggvinn. Þau höfðu hlaupið úr Ölfusi vestur undir Jökul, haldið sig sem hjón og lifað við kvikfjástuld. Hann var giftur annari konu. Þau náðust í helli við Mosfellsheiði suður og voru húðstrýkt og aðskilin. Þau tóku sig þó aftur saman þegar voraði og lögðust út í Henglafjöllum en náðust þar sem þau héldu til í hreysi undir bjargskúta nokkrum og voru fangelsuð á heimili valdsmannsins Stórolfshvoli. Valdsmaðurinn Jón Vigfússon lét í lögréttu lesa þann héraðsdóm er hann hafði látið ganga að Bakkarholti í Ölfusi árið 1677 um Margréti og Eyvind. Á Bakkarholtsþingi höfðu þau verið dæmd til refsingar fyrir hórdómsbrot auk þess sem Óluf Jónsson Klou auglýsti að þau hefðu þegar tekið út líkamlegar refsingar í Kópavogi fyrir útileguna.	Annálar Magnúsar, bls. 167; Annálar II, bls. 427 (Fitjaannáll), bls. 512 (Hestsannáll); III bls. 309-10 (Eyrarannáll); IV, bls. 119-120 (Setbergsannáll), bls. 306 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 403-405.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
115	1678	Margrét Símonaróttir	Þann 3. júlí 1678 voru Eyvindur Jónsson og Margrét Símonardóttir réttuð á Alþingi fyrir hórdóma og útilegu. Henni var drekkt en hann var hálhöggvinn. Þau höfðu hlaupið úr Ölfusi vestur undir Jökul, haldið sig sem hjón og lifað við kvikfjárstuld. Hann var giftur annari konu. Þau náðust í helli við Mosfellsheiði suður og voru húðstrýkt og aðskilin. Þau tóku sig þó aftur saman þegar voraði og lögðust út í Henglafjöllum en náðust þar sem þau héldu til í hreysi undir bjargskúta nokkrum og voru fangelsuð á heimili valdsmannsins Stórolfshvoli. Valdsmaðurinn Jón Vigfússon lét í lögréttu lesa þann héraðsdóm er hann hafði látið ganga að Bakkarholti í Ölfusi árið 1677 um Margrétu og Eyvind. Á Bakkarholtsþingi höfðu þau verið dæmd til refsingar fyrir hórdómsbrot auk þess sem Óluf Jónsson Klou auglýsti að þau hefðu þegar tekið út líkamlegar refsingar í Kópavogi fyrir útileguna.	Annálar Magnúsar, bls. 167; Annálar II, bls. 427 (Fitjaannáll), bls. 512 (Hestsannáll); III bls. 309-10 (Eyrarannáll); IV, bls. 119-120 (Setbergsannáll), bls. 306 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 403-405.
116	1678	Stepán Grímsson	Árið 1678 var Stephán Grímsson brenndur í Húnavatnssýslu og auglýstist í Lögréttu að dauðadómsályktun Þorleifs Kortssonar hefði verið forsvaranleg „eftir góðri samvizku og lögmálinu“.	Annálar Magnúsar, bls. 167; Annálar II, bls. 512 (Hestsannáll); III, bls. 310 (Eyrarannáll); IV, bls. 119 (Setbergsannáll), bls. 306 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 405.
117	1678	Þuríður Ólafsdóttir	Árið 1678 voru mæðginin Þuríður Ólafsdóttir og sonur hennar Jón Helgason brennd í Barðastrandarsýslu. Þeim var lýst sem óhæfukindum. Hún hafði verið alla sína daga í Skagafirði og aldrei dreift við galdur en veik fyrst til veru vestur vorið 1677. Sonur hennar sakaði hana um að hafa „farið yfir vatnsföll öll norðan fyrir utan hesta eða ferjur, og brúkað galdur til, og svo hefði hún galdra með að fara. Var lygum hans trúað og síðan tekin bæði og brennd, hvað hann meinti, eigi mundu verða.“ Auglýstist í Lögréttu að dauðadómsályktun Þorleifs Kortssonar hefði verið forsvaranleg „eftir góðri samvizku og lögmálinu“.	Annálar Magnúsar, bls. 167; Annáll I, bls. 386 (Vallaannáll), bls. 550 (Mælifellsannáll); II, bls. 247 (Fitjaannáll), bls. 512 (Hestsannáll); III bls. 310 (Eyrarannáll); IV, bls. 306 (Sjávarborgarannáll) Alþingisbækur VII, bls. 405.
118	1678	Jón Helgason	Árið 1678 voru mæðginin Þuríður Ólafsdóttir og sonur hennar Jón Helgason brennd í Barðastrandarsýslu. Þeim var lýst sem óhæfukindum. Hún hafði verið alla sína daga í Skagafirði og aldrei dreift við galdur en veik fyrst til veru vestur vorið 1677. Sonur hennar sakaði hana um að hafa „farið yfir vatnsföll öll norðan fyrir utan hesta eða ferjur, og brúkað galdur til, og svo hefði hún galdra með að fara. Var lygum hans trúað og síðan tekin bæði og brennd, hvað hann meinti, eigi mundu verða.“ Auglýstist í Lögréttu að dauðadómsályktun Þorleifs Kortssonar hefði verið forsvaranleg „eftir góðri samvizku og lögmálinu“.	Annálar Magnúsar, bls. 167; Annáll I, bls. 386 (Vallaannáll), bls. 550 (Mælifellsannáll); II, bls. 247 (Fitjaannáll), bls. 512 (Hestsannáll); III bls. 310 (Eyrarannáll); IV, bls. 306 (Sjávarborgarannáll) Alþingisbækur VII, bls. 405.
119	1680	Hergerður Brandsdóttir	Þann 7. júlí 1680 var Sæmundur Þorláksson frá Steinkrossi í Rangárvallasýslu hálhöggvinn fyrir barnsförgun. Dómur Sæmundar var lesinn á Öxárþingi 30. júní 1680 en málið hafði fyrst verið tekið fyrir af sýslumanni Gísla Magnússyni og síðan dæmt af lögmanni Sigurði Björnssonar á Kirkjulækjarþríggiþingingu í Fljótshlíð. Sæmundur viðurkenndi fyrir sýslumanns- og lögmannsdómi að hann hefði eignast barn með Hergerði Brandsdóttur og grafið það í útihúsi í leyni. Sagðist ekki hafa vitað til þess að barnið hafi með lífsanda verið. Sæmundur og Hergerður voru systkinabörn. Sæmundur var höggvinn með öxi er sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu, Einar Þorsteinsson, hafði sent lögbinginu og gefið eftir tilmælum Sigurðar Björnssonar og átti nú „hér eftir lögbinginu að fylgja“. Í Eyrarannáll segir að Hergerður hafi verið réttuð heima í Rangárvallasýslu en sennilega er það villa því að nafnið Hergerður Brandsdóttir er að finna í Manntalinu frá 1703; sú Hergerður var útlæg úr Rangárvallasýslu að 4. frillulífsbroti og gisti í Fúlúvík í Romshvalaneshreppi.	Annáll Magnúsar Magnússonar, bls. 169; Annálar I, bls. 554 (Mælifellsannáll); II, bls. 254 (Fitjaannáll), bls. 516 (Hestsannáll); III, bls. 313 (Eyrarannáll), bls. 475 (Grímstaðannáll); IV, bls. 122 (Setbergsannáll), bls. 307 (Sjávarborgarannáll). Manntal 1703; Rangvellingabók; Alþingisbækur VII, bls. 486-87.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
120	1680	Sæmundur Þorláksson	Þann 7. júlí 1680 var Sæmundur Þorláksson frá Steinkrossi í Rangárvallasýslu hálshöggvinn fyrir barnsförgun. Dómur Sæmundar var lesinn á Öxarárþingi 30. júní 1680 en málið hafði fyrst verið tekið fyrir af sýslumanni Gísla Magnússyni og síðan dæmt af lögmanni Sigurði Björnssonar á Kirkjulækjarþriggjahreppaþingi í Fljótshlíð. Sæmundur viðurkenndi fyrir sýslumanns- og lögmannsdómi að hann hefði eignast barn með Hergerði Brandsdóttur og grafið það í útihúsi í leyni. Sagðist ekki hafa vitað til þess að barnið hafi með lífsanda verið. Sæmundur og Hergerður voru systkinabörn. Sæmundur var höggvinn með öxi er sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu, Einar Þorsteinsson, hafði sent lögþinginu og gefið eftir tilmælum Sigurðar Björnssonar og átti nú „hér eftir lögþinginu að fylgja“. Í Eyraranáll segir að Hergerður hafi verið réttuð heima í Rangárvallasýslu en sennilega er það villa því að nafnið Hergerður Brandsdóttir er að finna í Manntalinu frá 1703; sú Hergerður var útlæg úr Rangárvallasýslu að 4. frillulífsbroti og gisti í Fúlúvík í Romshvalaneshreppi.	Annáll Magnúsar Magnússonar, bls. 169; Annálar I, bls. 554 (Mælifellsannáll); II, bls. 254 (Fitjaannáll), bls. 516 (Hestsannáll); III, bls. 313 (Eyraranáll), bls. 475 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 122 (Setbergsannáll), bls. 307 (Sjávarborgarannáll). Manntal 1703; Rangvellingabók; Alþingisbækur VII, bls. 486-87.
121	1681	Þorkell Sigurðsson (Lyga-Þorkell, Lyga Keli)	Árið 1681 var hengdur á Alþingi Þorkell Sigurðsson „illfrægur umhleypingur, fyrir margfaldan þjófnað allvíða“. Hann hafði verið böðull Hrólfis Sigurðssonar í fimm ár en var fangaður í Skaftafellssýslu og fluttur til Alþingis með dómi. Ákæra Þorkels var í mörgum liðum: Hann hafði komið austan úr Múlaþingi, stelandi og ljúgandi, sagst ættaður úr Eyjafriði. Hann hafði í fimm ár verið fyrir utan heilagt sakrament. Hann kom undir dóm í sýslu Hrólfis Sigurðssonar og valdi að gerast böðull í stað þjófmarks. Hann stal frá Guðrúnu í Engigarði klæðissvuntum, þremur tröfum, tveimur lindaböndum og einni vaðmálsalin. Honum hafði verið refsað í Múlaþingi fyrir lygi. Hann stal sauð frá Eiríki Gunnsteinssyni og einskiptupeysu frá Hallgerði Þorlákasdóttur. Hann stal sauðum úr Álftaveri og Meðallandi. Hann flæktist um Borgarfjörð árið 1679 og stal frá Jóni Magnússyni á Litlu-Brekku úr læstu úthýsi vaðmálspeysu, trafi af 6 fiska lérefi, nýjum buxnaflút, fornu handklæði, spæni, flosuðum vettlingum og litarbandi. Ítem frá Guðmundi á Þjóttstöðum tveimur steinbrýnum og þremur fiskum. Hann stal frá Melum í Hrutafirði sauð, frá Ytri-Skeljabrekku kýrbogi, frá Grund í Skorradal sauðarkrofi, frá Höfða í Eyjahrepp sauð, frá Bessastöðum kníf og vatnshandklæði. Hann átti að hengja á Öxarárþingi eftir tilhlutan valdsmanna í Skaftafellspingi sem áttu að útvega honum prest.	Annálar Magnúsar, bls. 171; Annálar I, bls. 390 (Vallaannáll), bls. 556 (Mælifellsannáll); II, bls. 257 (Fitjaannáll), bls. 459 (Kjósarannáll), bls. 518 (Hestsannáll); III, bls. 316 (Eyraranáll), bls. 476 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 123 (Setbergsannáll), bls. 308 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 525-527.
122	1681	Þorgeir Ingjaldsson	Þann 5. júlí 1681 var Þorgeir Ingjaldsson hálshöggvinn á Alþingi fyrir það að hafa hlaupið burt úr Árnassýslu giftur með giftri konu.“ Hann var fangaður í Snæfellssýslu og færður í Lögréttu af valdsmanninum Jóni Vigfússyni. Hafði strokið frá eiginkonu sinni Guðrúnu Jónsdóttur úr Árnassýslu árið 1679 ásamt Þuríði Jónsdóttur er var gift Ormi Klængssyni. Á þinginu viðurkenndi Þorgeir hórdómsbrot sín með Þuríði en hélt því fram að Þuríður hefði verið skilin við mann sinn. Hann var dæmdur til dauða eftir tilsjón Jóns Vigfússonar.	Annálar Magnúsar, bls. 171; Annálar I, bls. 390 (Vallaannáll); II, bls. 257 (Fitjaannáll), bls. 459 (Kjósarannáll), bls. 518 (Hestsannáll); III, 316 (Eyraranáll), bls. 476 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 123 (Setbergsannáll), bls. 308 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 533-34.
123	1681	Ari Pálsson	Þann 6. júlí 1681 var á Alþingi „brenndur fyrir galdur sá prúðbúni reppstjóri Ari Pálsson, hvers klæði að margir höfðingjar keyptu.“ Mál hans hafði staðið lengi yfir og komið til margra þinga en galdramál var fyrst borið upp á Ara Pálsson árið 1676 búanda á Neðarbæ í V-Barðarstrandasýslu. Ákæra Ara Pálssonar var lesin í Lögréttu í tíu liðum. Hann var dæmdur til dauða eftir löglegri tilhlutan sýslumannsins Andrésar Andrésónar og lögréttumannsins Þórðar Björnssonar. Espólin segir hann vera síðasta manninn sem brenndur var fyrir galdra á Íslandi.	: Annálar Magnúsar, bls. 171; Annálar I, bls. 390 (Vallaannáll) og bls. 556 (Mælifellsannáll); II, bls. 257 (Fitjaannáll), bls. 459 (Kjósarannáll), bls. 518 (Hestsannáll); III, bls. 308 (Eyraranáll), bls. 476 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 123 (Setbergsannáll), bls. 308 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 534-37.



ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
124	1681	Loftur Sigurðsson	Árið 1681 var Loftur Sigurðsson hálshöggvinn í Strandasýslu fyrir það að hann lagðist út með konu sinni og vinnukonu auk fjögurra ungbarna. Þegar hann náðist hafði hann eignast fleiri börn með vinnukonunni. „Hann framdi mikinn stórþjófnað í sveitum bæði á dauðum hlutum og lifandi. Upp á það síðasta stal hann 50 fjár frá Jóni Auðunssyni, sem bjó á Melum í Hrutáfirði, og víða á bæjum þar nálægt stal hann 10 eður 12 sauðum. Rak svo alls undir eður um stórt hundrað. Tók sig síðan upp Jón Auðunsson, og fékk sérmenn, eltu hann austur eptir fjöllum seint um haustið, náðu honum svo um síðir, því snjór hafði fallið og brautin sást. Hann hafði einu sinni eða tvisvar eld brúkað á veginum að sjóða því til matar. Hann bar á fimm eður sex hestum og rak fyr áminnt frekt hundrað fjár, hvað allt var stolið, bæði fé og hestarnir, svo og það, sem á þeim var borið.“ Loftur náðist snemma um veturinn „með miklum fjárrekstur á Tvidægru“ og ætlaði hann suður í Surtshelli fyrir framan Kalmannstungu. Hann var færður til Reykhóla Magnúsi lögmanni sem dæmdi hann til dauða og var hann aftekinn skömmu síðar. Önnur konan fékk húðlát. Á Öxaráþingi var síðar auglýst dauðadómsályktun Lofts sem Magnús Jónsson hafði látið ganga á Berufjarðarþingi í desember 1681. Sigurður Björnsson lögmaður auglýsti sig með lögréttunni vera samþykkan ályktuninni.	Annálar I, bls. 556 (Mælifellsannáll); II, bls. 258 (Fitjaannáll), bls. 518 (Hestsannáll); III, bls. 476-77 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 123 (Setbergsannáll), bls. 309 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 567.
125	1682	Ónafngreind kona	Árið 1682 voru réttaðar tvær manneskjur í Norðlendingafjórðungi fyrir förgun og hylmingu barns.	Annálar Magnúsar, bls. 175; Annálar III, bls. 323 (Eyrarannáll).
126	1682	Ónafngreindur maður	Árið 1682 voru réttaðar tvær manneskjur í Norðlendingafjórðungi fyrir förgun og hylmingu barns.	Annálar Magnúsar, bls. 175; Annálar III, bls. 323 (Eyrarannáll).
127	1682	Jón Pétursson	Þann 4. júlí árið 1682 var Jón Pétursson, ættaður úr Önundarfirði í Ísafjarðarsýslu, hengdur á Alþingi fyrir þjófnað á Stað í Steingrímsfirði. Jón hafði verið færður á Alþingi með dómi lagasagnarans Bjarna Þorleifssonar, gengnum að Mosvöllum við Önundarfjörð. Jón var sakaður um X ríxdala og 20 álna dals stuld frá Birni Pálssyni fyrir nokkrum árum og var honum þá dæmd refsing til XIII marka. Nú viðurkenndi hann að hafa stolið klæðispeysu frá Jóni Bjarnasyni og hesti úr Steingrímsfirði. Jón Péturssonvar dæmdur af lífi fyrir tilhlutun sýslumannsins Péturs Pálssonar sem færði Jón á þingið.	Annálar Magnúsar, bls. 172; Annálar I, bls. 392 (Vallaannáll); II, bls. 258 (Fitjaannáll), bls. 460 (Kjósarannáll), bls. 519 (Hestsannáll); III, bls. 318 (Eyrarannáll), bls. 477 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 124 (Setbergsannáll), bls. 309 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 565-566.
128	1682	Jón Þorsteinsson	Árið 1682 var Jón Þorsteinsson vinnumaður í Arnardal fremra hálshöggvinn á Alþingi fyrir morðið á Adrian Jensson Munck. Jón hafði komið til Adrians til að sækja sér tóbak þegar til orðasinningar kom á milli þeirra. „Með því hann fékk ei það, hann umbað, heldur stökk sá danski upp og vildi slá hann með tré, en sá íslenzki hljóp undir hann og greip fyrir Danans kverkar; tók síðan með 3 öðrum það vildu úr búðinni, leyndu, komst upp af verzlun gössins, sem tekið höfðu.“ Magnús og Jón Bjarnasynir voru strýktir í héraði fyrir þessa leynd og þjófnað en Gísli Andrésson komst frá sökum ungdóms. Héraðsdómurinn gekk að Tungu í Skutulsfirði í Ísafjarðarsýslu af Bjarna Þorleifssyni lögsagnara. Jón viðurkenndi að hafa valdið dauða Adrians en sagði það hafa verið óviljandi. Hann viðurkenndi einnig að hafa tekið nokkra fjármuni úr húsi Adrians ásamt förunautum sínum, Jóni Bjarnasyni, Magnúsi Bjarnasyni og Gísla Andréssyni (15 ára). Jón Þorsteinsson skyldi höggvast á Öxaráþinginu með tilhlutun Torfa Magnússonar, upp á landfógetans betaling.	Annálar Magnúsar, bls. 172; Annálar I, bls. 392 (Vallaannáll); II, bls. 258 (Fitjaannáll), bls. 460 (Kjósarannáll), bls. 519 (Hestsannáll); III, bls. 318-19 (Eyrarannáll), bls. 477 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 124 (Setbergsannáll), bls. 309 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 571-572.
129	1683	Jón Vernharðsson (/Bernharðsson)	Árið 1683 voru Jón Vernharðsson og Þuríður Þorlákadóttir réttuð á Þingskáláþingi í Rangárvallasýslu fyrir „barneignarleynd í meinbugum þó ekki í óbótamálum.“ Þuríður var systir Sæmundar Þorlákssonar frá Steinkrossi. Henni var drekkt en hann hálshöggvinn.	Annálar Magnúsar, bls. 176; Annálar II, bls. 260-261 (Fitjaannáll), bls. 520 (Hestsannáll); III, bls. 326 (Eyrarannáll); IV, bls. 125 (Setbergsannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
130	1683	Þuríður Þorlákisdóttir	Árið 1683 voru Jón Vernharðsson og Þuríður Þorlákisdóttir réttuð á Þingskálapingi í Rangárvallasýslu fyrir „barneignarleynd í meinbugum þó ekki í óbótamálum.“ Þuríður var systir Sæmundar Þorlákssonar frá Steinkrossi. Henni var drekkt en hann hálshöggvinn.	Annálar Magnúsar, bls. 176; Annálar II, bls. 260-261 (Fitjaannáll), bls. 520 (Hestsannáll); III, bls. 326 (Eyrarannáll); IV, bls. 125 (Setbergsannáll).
131	1683	Sveinn Árnason	Sveinn Árnason var brenndur fyrir galdraáburð séra Sigurðar Jónssonar árið 1683 á Nauteyri í Ísafjarðarsýslu eftir þing þar afstaðið. Dauðadómsályktun Magnúsar Jónssonar var samþykkt á Alþingi.	Annálar II, bls. 261 (Fitjaannáll), bls. 521 (Hestsannáll); III, bls. 171 (Annálgreinar frá Holti), 334-35 (Eyrarannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 9.
132	1684	Helga Gunnarsdóttir	Þann 9. júlí árið 1684 var Helgu Gunnarsdóttur úr Hrutafirði í Strandasýslu drekkt fyrir blóðskömm með Birni Höskuldssyni en hún hafði áður fallið með bróður hans Páli. Héraðsdómur gekk að Bæ í Hrutafirði af Péttri Pálssyni. Þau voru bæði flutt til alþingis og henni var drekkt þar en hann flúði með því að hún náði lyklum og leysti handjárnin og hann sjálfur fótjárnin og svo stal hann hesti og reið til Vestfjarða hvaðan hann sigldi með ensku varðskipi.	Annálar Magnúsar, bls. 182; Annálar I, bls. 400 (Vallaannáll), bls. 560 (Mælifellsannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll), bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 331 og 337 (Eyrarannáll), bls. 479 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 126 (Setbergsannáll), bls. 310 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 15-16.
133	1684	Vilkin Árnason	Þann 9. júlí 1684 var Vilkin Árnason hengdur á Alþingi fyrir þjófnað og flóttu úr járnum. Héraðsdómur hafði gengið að Berufirði í Reykhólahrepp og Barðastrandarsýslu. Hann hafði um nokkur ár „að þýfi kunnur verið og stolið fé manna, bæði norðan-, sunnan- og austanlands. Meðal annars stal hann hér um 20 sauðum frá Goðdölum í Vesturdal, rak þá suður í Hreppa og seldi þar.“	Annálar Magnúsar, bls. 179 og 182; Annálar I, bls. 400 (Vallaannáll), bls. 560 (Mælifellsannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll) og bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 332, 336 (Eyrarannáll), bls. 479 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 126 (Setbergsannáll), bls. 310 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 582-583; VIII, bls. 8.
134	1684	Guðrún Jónssdóttir	Guðrúnu Jónssdóttur var drekkt 9. júlí 1684 á Alþingi. Hún kom í Lögréttu og sagðist hafa fætt andvana barn á túninu fyrir sunnan kirkjuna á Bessastöðum og að örn hefði gripið það. Hún sagðist hafa haldið þessu leyndu í mánuð. Hún lýsti Knút Pétursson undirkaupmann í Hafnarfirði faðir barnsins.	Annálar I, bls. 400 (Vallaannáll); bls. 560 (Mælifellsannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll), bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 479-80 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 126 (Setbergsannáll), bls. 310-311 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VII, bls. 37-38.
135	1684	Sigvaldi Jónsson	Þann 9. júlí árið 1684 var Sigvaldi Jónsson úr Rangárvallasýslu hálshöggvinn á Alþingi fyrir að hafa „á helgum degi á messuleið misþyrmt nábúa sínum, svo hann hafði dauðann af beðið.“ Bóndinn á Öndarstöðum, Jón Erlendsson, var á leið til kirkju ásamt tveimur sonum sínum og hjáleigumanni Ólafi og konu hans. „Kýttust þeir feðgar og maðurinn á um beit; svo lauk, að Sigvaldi sonur Jóns og Ólafur tókust á, en Ólafur féll fyrir Valda, er þjakaði að honum, þar til blóð rann af munnni Ólafs; lifði hann síðan 2 daga.“ Málið var borið upp á Alþingi af lögmennum Sigurði Björnssyni og Magnúsi Jónssyni. Héraðsdómur hafði undir útnefnd valdsmannsins Gísla Magnússonar gengið að Krossi í Austur-Landeyjum (Krossþing) og að Lambeyjarþriggjahreppapingi (Lambeyjardómi).	Annálar Magnúsar, bls. 181; Annálar I, bls. 400 (Vallaannáll), bls. 560 (Mælifellsannáll); II, bls. 265 (Fitjaannáll), bls. 462 (Kjósarannáll) og bls. 522 (Hestsannáll); III, bls. 331 og 336-337 (Eyrarannáll), bls. 480 (Grímsstaðannáll); IV, bls. 126 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 38-40.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
136	1685	Halldór Finnbogason	Árið 1685 var á Alþingi brenndur „sá guðlastari“ Halldór Finnbogason er kallaður var Grágunnuson úr Mýrasýslu „sem fyrst af glensi, en síðan með innrættum, vondum vana snúið hafði upp á fjandann þeirri dýrmætu bæn Faðirvor, skriptarganginum og örðum hjartnæmum sálmum, nefninlega þessum: Eilífur guð og faðir kær etc. og sagt: „Skratti vor, þú sem ert í helvíti, bölvað veri þitt nafn etc. Item: Minn kæri og verðugi skratti, ég bið þið að hugga mig með Satans orði etc. Item: Eilífur Skratti og faðir kær, án upphafs alls og enda etc. Eg trúi svo á Satan víst etc.“ Hann meðkenndi, að sagt hefði, að sér smakkaði betur lýs og þeirra blóð, en berging brauðs og vins í sakramentinu, og hvað fleira viðbjóðslegt að heyra eður eptir hafa.“ Hann viðurkenndi einnig að hafa í svefni átt samtöl við djöfulinn í sáttmálanafni. „Var hann með hlátri og sköllum, nær brennast skyldi, og endaði so sitt líf í sinni vonzku.“	Annálar I, bls. 403 (Vallaannáll), bls. 564 (Mælifellsannáll); II, bls. 270-71 (Fitjaannáll), bls. 472 (Kjósarannáll) bls. 523 (Hestsannáll); V, bls. 281 (Desjarmýrarannáll).
137	1686	Jón Þorláksson	Árið 1686 var Jón Þorláksson höggvinn á Alþingi fyrir hördómsbrot og dulsmál. Hann bjó í Barðsnesi í Norðfirði og átti barn með Ólöfu, vinnukonu sinni en Vilborg, eiginkona Jóns tók á móti barninu. Jón viðurkenndi að hafa veipað barninu andvana í lín og grafíð í gömlu bænhúsi á Barðsnesi. Lét þá valdsmaður grafa barnið upp og þingsöfnuður og tvær erlegar kvenpersónur mátu sem svo að barnið hefði ekki fæðst andvana eins og Jón hélt fram. Vilborg og Ólöf voru kallaðar fyrir rétt og Vilborg viðurkenndi að barnið hefði fæðst lifandi. Jón var dæmdur til dauða þar sem þetta var 3. hördómsbrot hans en Ólöf og Vilborg voru dæmdar til að vinna lagatylfareið og húðstrýkingar. Sýslumaður var Bessi Guðmundsson.	Annálar I, bls. 566 (Mælifellsannáll); II, bls. 525 (Hestsannáll); III, bls. 484 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 128 (Setbergsannáll), bls. 313 (Sjávarborgarannáll); V, bls. 281 (Desjarmýrarannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 105-107.
138	1687	Borgný Brynjólfsdóttir	Árið 1678 var Borgnýju Brynjólfsdóttur drekkd á Alþingi fyrir barnseign með hálfbróður sínum í Dýrafirði. Bróðirinn, Torfi Brynjólfsson, flúði og lifði í nokkur á eftir að Borgnýju var drekkd, „fór með huldu höfði; dó í óeirð og samvizkusturlun.“ Hann á að hafa haldið til í jarðhýsi í Hjarðardal í Dýrafirði. Borgný var laungetin dóttir Brynjólfs Bjarnasonar.	Annálar II, bls. 476 (Kjósarannáll), bls. 526 (Hestsannáll); III, bls. 172 (Annálgreinar frá Holti), bls. 349 (Eyrarannáll), bls. 485 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 129 (Setbergsannáll).
139	1691	Einar Gíslason	Einar Gíslason var árið 1691 hengdur undir Snæfellskökli fyrir stuld við Hellna. Hann var dæmdur við Fróðá á þriggja hreppa þingi af Magnúsi lögmanni og hengdur í Bugsklettum en grafinn við Fróðá eftir því sem hann sjálfur bað um lifandi.	Annálar II, bls. 531 (Hestsannáll); III, bls. 489 (Grímsstaðaannáll).
140	1691	Eiríkur Gíslason	Eiríkur Gíslason Álfssonar var árið 1691 hengdur fyrir stuld við Snæfellsjökul. Hann stal fyrst á Álftanesi og var fyrir það strýktur og markaður, en litlu síðar braust hann inn í Hafnarfjarðarkaupmannsbúð og braut upp hirslur og kistur og stal ýmsum varningi. Í kjölfarið var smíðuð fangakista á Bessastöðum þar sem Eiríkur fékk að dása fram um þing. Honum tókst að strjúka úr jarnum og koma sér vestur þar sem hann var aftur tekinn fyrir þjófnað og hengdur.	Annálar I, bls. 412 (Vallaannáll); IV, bls. 132 (Setbergsannáll).
141	1693	Ónafngreindur maður	Árið 1693 var maður úr Múlasýslu hengdur á Alþingi fyrir þjófnað.	Annálar III, bls. 371 (Eyrarannáll).
142	1693	Ónafngreindur maður	Árið 1693 var maður úr Árnassýslu hengdur á Alþingi fyrir þjófnað.	: Annálar II, bls. 297 (Fitjaannáll) og bls. 535 (Hestsannáll); III, bls. 492 (Grímsstaðaannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
143	1695	Þuríður Bjarnadóttir	Þuríður Bjarnadóttir búandi á Tröð í Bolungarvík var dæmd til dauða þann 4. júní 1695 og drekkt tveimur dögum síðar. Þuríður var sökuð um blóðskömm og barneign með föður sínum Bjarna Jónssyni úr og um að hafa fargað barninu. Málið opinberaðist þegar bein barnsins voru grafin upp og Þuríður og Bjarni flúðu í kjölfarið á bát úr Bolungarvík inn á Langadalströnd, yfir Ófeigsfjarðarheiði í Trékyllisvík og suður eftir Bólum í Steingrímsfjörð. Þar náðist Þuríður af sýslumanninum Rögnvaldi Sigmundssyni en Páll Torfason hafði sent eftir henni. Á Hólsþingi var málinu vísað til Alþingis þar sem Þuríður viðurkenndi brotið. Lögréttumaðurinn Ólafur Árnason var settur Þuríði til forsvars. Þuríður hélt því fram að hún hefði verið nauðug verið. En með því að hún lýsti hvorki nauðunginni né barnsburðinum að lögum svo hún mætti vera frí frá dulsmálinu var ályktað að hún skyldi missa lífið og átti Páll Torfason að sjá til þess að dómnun yrði framfylgt á hengtugum tíma á þinginu. Á þinginu var auglýst eftir Bjarna. Einar Jónsson var strýktur fyrir samvitund í dulsmálinu.	Annálar I, bls. 431 (Vallaannáll); II, bls. 318 (Fitjaannáll); III, bls. 377 og 381 (Eyrarannáll); IV, bls. 141 (Setbergsannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 500-501 og 503.
144	1696	Vigdís Þórðardóttir	Vigdís Þórðardóttir vinnukona á Ingunnarstöðum í Brynjudal, Kjósarhreppi, dæmd til dauða á Kjalarnesþingi og drekkt í Elliðaám. Hún hafði viðurkennt að hún væri móðir barns sem hefði fundist látið í léreftspoka í vatsnlind í Brynjudal árið fyrr. Hún lýsti Einar Jónsson heimilismann þar föður barnsins en sagði að hann hefði ekki verið með í verkum. Skömmu fyrir Alþingistímamann eignaðist hún annað barn og lýsti Einar faðir þess. Hún lá því á sæng þegar mál hennar og meðkenning, sem valdsmaðurinn Jón Eyjólfsson hafði tekið saman í Kjósarsýslu, var upp lesið í Lögréttnu þann 1. júlí 1696. Hún var dæmd til dauða af Sigurði Björnssyni í Kópavogi og réttuð í Elliðaá. Samkvæmt Íslendingabók hét sonur Vigdísar, sem fæddist árið 1696, Guðmundur Einarsson og varð hann síðar bóndi á Valdastöðum í Kjósarsýslu. Hann var í Hrásakoti, Kjósarhreppi 1703.	Annálar II, bls. 539 og 541 (Hestsannáll); IV, bls. 142 og 147 (Setbergsannáll) og 316 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur VIII, bls. 537-38.
145	1697	Jóreiður Þorgerisdóttir	Þann 1. júlí 1697 var Jóreiði Þorgeirsdóttur drekkt í Öxará. Héraðsþing hafði gengið að Bakkárholti í Ölfusi 1696 og Jóreiður hafði þar lýst Ásbjörn ábúanda á Gljúfurárholti barnsföður sinn og sagst hafa látið hann hafa andvana barnið sem hann hafði lofað að grafa í kirkjugarð. Dómur Vigfúsar Hannessonar, sýslumanns í Árnassýslu var lesinn 29. júní í Lögréttnu. Ásbjörn neitaði meðvitund og meðtöku á barnslíkamanum.	Annálar I, bls. 583 (Mælifellsannáll); II, bls. 543 (Hestsannáll); III, bls. 502 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 150 (Setbergsannáll), bls. 316 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 9-10.
146	1697	Jón Jónsson Gráni	Jón Jónsson, tvítugur maður úr Hegranesþingi var hengdur á Alþingi fyrir þjófnað árið 1697. Á þinginu var lesinn tólf manna dómur sem lögsagnarinn Skafti Jósefsson í Hegranesþingi hafði látið ganga að Stóru-Ökrum í Blönduhlíð. Í honum er Jóni lýst sem illa kynntum og óráðvana en hann hafði fjórum sinnum áður komið undir dóm og nú síðast hlotið mark.	Annálar I, bls. 583 (Mælifellsannáll); II, bls. 543 (Hestsannáll); III, bls. 502 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 150 (Serbergsannáll), bls. 316 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 11.
147	1697	Sigurður Skúlason	Árið 1697 var Sigurður Skúlason, 16-17 vetra gamall drengur úr Hegranesþingi, hengdur á alþingi fyrir þjófnað. Á þinginu var lesinn dómur lögsagnarans Skafta Jónssonar í Hegranesþingi genginn að Stóru-Ökrum. Sigurður var fluttur með föla úr kirkjunni í Héraðsdal á heimili valdsmannsins Þorsteins Þorleifssonar. Hann braust úr járnnum á heimili sýslumanns og stal ætu og óætu. Árið 1696 var Sigurður hýddur og markaður á Lýtingsstaðahéraðsþingi en á Öxarárþingi 1697 dæmdur til dauða. Í dómnun kom fram að Sigurður hefði frá blautu barnsbeini staðið fyrir þjófnaði og knyttum.	Annálar I, bls. 583 (Mælifellsannáll); II, bls. 543 (Hestsannáll); III, bls. 502 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 150 (Serbergsannáll), bls. 316 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 11-13.
148	1697	Ólafur Brandsson	Á Alþingi árið 1697 voru hálshögggnir Ólafur Brandsson og Þorsteinn Þorleifsson er myrt höfðu nafnfrægan umhleyplingsþjóf að nafni Jón Ólafarson í Kleifahlíð við Gilsfjörð. Jón þessi var „um tvítugs aldur, og var hörkuþjófur, gekk fram að segja í heiðni og kom aldrei undir prestshönd, fór og með galdur, og kom sér illa.“ Um þetta mál voru haldin mörg þing á Staðarhóli í Saurbæ og mörg vitni tekin svo það stóð í um þrjú ár.	Annálar I, bls. 584 (Mælifellsannáll); II, bls. 543 (Hestsannáll); III, bls. 493-494 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 150 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 16-17.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
149	1697	Þorsteinn Þorleifsson	Á Alþingi árið 1697 voru hálshöggirnir Ólafur Brandsson og Þorsteinn Þorleifsson er myrt höfðu nafnfrægan umhleyplingsþjóf að nafni Jón Ólafarson í Kleifahlið við Gilsfjörð. Jón þessi var „um tvítugs aldur, og var hörkuþjófur, gekk fram að segja í heiðni og kom aldrei undir prestshönd, fór og með galdur, og kom sér illa.“ Um þetta mál voru haldin mörg þing á Staðarhóli í Saurbæ og mörg vitni tekin svo það stóð í um þrjú ár.	Annálar I, bls. 584 (Mælifellsannáll); II, bls. 543 (Hestsannáll); III, bls. 493-494 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 150 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 16-17.
150	1698	Guðrún Oddsdóttir	Árið 1698 var Guðrúnu Oddsdóttur af Suðurnesjum drekkt í Kópavogi. Árið áður hafði fundist látið barn fundist í óþæfðum sokki flæðarmáli í Höfum suður og var það eignað vinnukonunni þar. Hún var tekin og réttuð eftir jól um veturinn. Konan var sonardóttir Guðmundar Narfasonar sem tekinn var af lífi fyrir morð árið 1650.	Annálar I, bls. 584 (Mælifellsannáll); II, bls. 544 (Hestsannáll); III, bls. 393 (Eyraranáll) og bls. 505 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 151-52 (Setbergsannáll).
151	1699	Sigurður Jónsson	Árið 1699 voru tveir þjófar, Sigurður Jónsson og Halldór Dagsson, dæmdir til dauða af Gottrup lögmanni og hengdir vestra í gilinu hjá Melrakkadal.	Annálar I, bls. 585 (Mælifellsannáll); III, bls. 506 (Grímsstaðaannáll).
152	1699	Halldór Dagsson	Árið 1699 voru tveir þjófar, Sigurður Jónsson og Halldór Dagsson, dæmdir til dauða af Gottrup lögmanni og hengdir vestra í gilinu hjá Melrakkadal.	Annálar I, bls. 585 (Mælifellsannáll); III, bls. 506 (Grímsstaðaannáll).
153	1699	Jón Sigmundsson	Árið 1699 var Jón Sigmundsson úr Snæfellssýslu hengdur á Alþingi við Öxará. Annar þjófur var dæmdur til dauða á þinginu en hann braust úr járnum.	Annálar I, bls. 433 (Vallaannáll); III, bls. 401 (Eyraranáll), bls. 507 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 93-94.
154	1699	Steingrímur Helgason	Árið 1699 var gamall stórþjófur, Steingrímur Helgason, hengdur í Gálgagili í Víðidal. Hann hafði flúið úr járnum frá Jóni á Hamraendum eftir dauðadóm á Alþingi en náðist aftur í Húnavatnsþingi af Þórnari bónda sem bjó á Ásgeirsá og var fluttur til Þingeyra til lögmannsins Gottrup sem lét hengja hann og brenna kroppinn þar sem Steingrímur hafði heitið Þórnari bónda að ganga aftur.	Annálar I, bls. 433 og 434 (Vallaannáll), bls. 588 (Mælifellsannáll); II, bls. 336 (Fitjaannáll), bls. 547 (Hestsannáll); III, bls. 175 (Annálsgreinar frá Holti), bls. 401 (Eyraranáll), bls. 507 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 315 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 94-96 og 121-122.
155	1699	Þorleifur Jónsson	Árið 1700 var útileguþjófurinn Þorleifur Jónsson úr Skagafirði hengdur í Gálgagili eftir lögmannsúrskurði.	Annálar I, bls. 436 (Vallaannáll), bls. 591 (Mælifellsannáll); II, bls. 547 (Hestsannáll); III, bls. 507 (Grímsstaðaannáll).
156	1699	Sveinn Halldórsson	Árið 1699 eða 1700 var Sveinn Halldórsson úr Borgarfirði hengdur í Gálgagili. Hann hafði smíðað sér lykla og komst þannig í hvert hús og stolið úr Kalmannstungu í Fjótshlíð upp á 40 dali. Þegar átti að færa hann að aftökustaðnum hljóp hann í Víðidalsfjall upp frá gilinu en náðist aftur með afreki.	Annálar I, bls. 436 (Vallaannáll), bls. 591 (Mælifellsannáll); II, bls. 547 (Hestsannáll); III, bls. 507-508 (Grímsstaðaannáll); Esp. VII, bls. 65.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
157	1700	Andrés Þórðarson	Árið 1700 var Andrés Þórðarson, sextugur maður úr Borgarfirði, hengdur á Alþingi. Hann var dæmdur í Hjarðarholti í Borgarfjarðarsýslu þar sem sýslumaður var Jón Sigurðsson og dómurinn staðfestur á Alþingi. Dauðadómnnum var framfylgt á Alþingi þann 6. júlí að allmörgum viðverandi. Andrés hafði um vorið verið dæmdur fyrir þjófnað og tekið úr stórfellda refsingu. Á Alþingi viðurkenndi Andrés svo að nýlega hefði hann að nóttu til launtekið hrossfjárleik 9 eða 10 vetra gamlan og 12 álna einskeftu úr búfjárhögum Sigurðar Jónssonar á Höfða í Þverárhlið. Sigurður sagði Andrés einnig hafa brotið upp stofuglugga og tekið bláan hálstrefil og úr smiðjuhúsinu smásmíðisteðju, hestsónagla, lóð og smíðað og ósmíðað járnrusl. Þetta viðurkenndi Andrés.	Annálar I, bls. 440 (Vallaannáll); III, bls. 406 (Eyrarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 145-46.
158	1701	Jón Eyjólfsson	Árið 1701 var Jón Eyjólfsson úr Vöðlasýslu hengdur í Gálgagili	Annálar I, bls. 443 (Vallaannáll).
159	1701	Lafrans Helgason	Árið 1701 var Lafrans Helgason búandi í Hjallahverfi dæmdur til dauða á Bakkarholtsþingi í Ölfusi. Hann var sakaður um að hafa myrt eiginkonu sína en viðurkenndi ekki brotið fyrir en hann var kominn að höggstoknum. Hann var dæmdur til dauða af lögmanninum Sigurði Björnssyni og dómsmönnum og höggvinn á þinginu. Bróðir konunnar gaf sig til að höggva Lafrans, „svo sem blóðhefnari.“	Annálar I, bls. 443 (Vallaannáll); II, bls. 344 (Fitjaannáll); IV, bls. 168 (Setbergsannáll).
160	1701	Ásmundur Jónsson	Árið 1701 var Ásmundur Jónsson úr Dalasýslu hengdur á Alþingi fyrir þjófnað og fyrir að strjúka úr járnnum. Dómur Jóns Magnússonar sýslumanns í Strandasýslu gekk að Hjarðarholti en dómurinn var staðfestur á Alþingi. Tveimur árum fyrir var Ásmundur flengdur á þinginu fyrir „óheyrilega lygi upp á amtmann, Magnús sæla lögmann, Jón Sigurðsson, Jón Eyjólfsson, Ara Þorkelsson sýslumenn og Gunnlaug Jónsson lögréttumann, og önnur fleiri dándismenni; skyldi hann og slá sig þrisvar á munninn, vera útlægur af landinu.“ Ásmundur átti að hafa logið því að vicelögmaður Páll Jónsson og sýslumaður Ari Þorkelsson hefðu verið sekir í dauða Jóns Gvendssonar. Þegar honum var sleppt af Alþingi fór hann vestur í Dali og stal tveimur hestum í Haukadal, því næst fór hann norður í Dranga og fékk annan hestinn burt og svo fór hann suður og stal frá ábúendum á Kollabúð sjö fjórðungum smjörðs með öðru uns maður einn tók hann til fanga í hlið í Kollafirði.	Annálar I, bls. 433, 445 (Vallaannáll); II, bls. 344 (Fitjaannáll), bls. 550 (Hestsannáll); III, bls. 400 og 411 (Eyrarannáll); III, bls. 516 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur IX, bls. 151, 169-70.
161	1701	Jón Jónsson (Bitru-Jón)	Árið 1699 var Jón Jónsson (Bitru-Jón) hengdur á Alþingi.	Annálar I, bls. 445 (Vallaannáll); II, bls. 344 (Fitjaannáll), bls. 550 (Hestsannáll); III, bls. 516 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur, bls. IX, bls. 118-119, 171.
162	1702	Ásmundur Marteinsson	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrír ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrír í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.
163	1702	Ólafur Jónsson	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrír ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrír í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
164	1702	Ónafngreindur maður	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrjú ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrjú í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.
165	1702	Ónafngreindur maður	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrjú ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrjú í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.
166	1702	Ónafngreindur maður	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrjú ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrjú í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.
167	1702	Ónafngreindur maður	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrjú ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrjú í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.
168	1702	Ónafngreindur maður	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrjú ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrjú í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.
169	1702	Ónafngreindur maður	Þann 12. júlí árið 1702 var Ásmundur Marteinsson hengdur á Alþingi. Hann var frá Vopnafirði og hafði „á ómagaaldri“ liðið refsingu fyrir stuld á níu sauðum og verið straffaður þrisvar fyrir þrjá eyrisstuldi og hlotið mark. Í þetta skiptið átti að hafa stolið sauðarskammrifum og soðnu kjöti úr læstu húsi á Vakurstöðum og úr Vopnafjarðarkaupmannsbúð mjöli, brauði, brennivíni, tóbaki og lérefti. Þetta ár var einnig hengdur Ólafur Jónsson í Borgarfirði, þrjú ónafngreindir þjófar á Suðurnesjum, þrjú í Gullbringusýslu og einn fyrir norðan. Alls voru sumsé níu þjófar hengdir þetta ár.	Annálar I, 597 (Mælifellsannáll); II, bls. 346 (Fitjaannáll), bls. 551 (Hestsannáll); III, bls. 417 (Eyrarannáll); Esp. VII, bls. 78; Alþingisbækur IX, bls. 198.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
170	1703	Katrín Þorvarðsdóttir	Þann 12. júlí var Katrínu Þorvarðardóttur frá Hvítanesi Erlendssonar drekkt á Alþingi. Héraðsdómur hafði farið fram að Heynesi á Akranesi um vorið og þar hafði Katrín viðurkennt að hafa fætt andvana barn og geymt hjá sér í mánuð án þess að neinn vissi. Sagðist hún hafa verið skert og brjáluð að viti og rænu „sem þó ekki sannferðulega hér fram kemur, að hún vitskert verið hafi um sjálfan barnsfæðingartímamann, svo hún þar fyrir hefði ei kunnað kristilegra meðala að leita“. Katrín lýsti Auðunn Sigurðsson, systurson Sigurðar lögmanns, faðir barnsins en sagði að hann hefði ekki verið í samráðum eða -vitund. Katrín og Auðunn voru þremmenningar og Auðunn átti að hafa tekið á móti andvana barninu, geymt það í hjalli sínu í nokkra daga, að vitund eins manns og svo látið grafa það í kirkju áður en hann flúði frá Akranesi um vorið fyrir páska. Katrín var dæmd eftir Stóradómi og var drekkt á föstudegi, fyrir neðan Lögréttuna. Hún fékk kirkjuleiði og var grafin heima við Þingvöll.	Annálar I, bls. 451 (Vallaanáll), 600 (Mælifellsannáll); II, bls. 350 (Fitjaanáll), bls. 553 (Hestsannáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll), bls. 523 (Grímsstaðannáll); Alþingisbækur IX, bls. 221-22.
171	1703	Jón Þórðarson	Árið 1703 voru tveir þjófar hengdir á Alþingi, Jón Þórðarson ættaður úr Gnúpverjahreppi og Jón Þorláksson ættaður úr Landeyjum. Þeir höfðu ásamt Gísla Oddssyni, ættuðum úr Hrunamannahreppi, lagst út í Hengil og stolið en náðust og voru fluttir á Bessastaði og mál þeirra tekið fyrir á Kópavogspingi. Þeir voru svo fluttir til Alþingis þar sem þeir viðurkenndu þjófnað á 14 bæjum þar sem þeir stálu níu sauðum, smjöri, hákarlslykkjum, fiskum, duggarsokkum, skaröxi, kýrlæri, hálstrefli, ljáum, hettu, vetrunsskinni, buxum, snjóskóm og fernum skæðum. Jónarnir höfðu áður verið dæmdur fyrir þjófnað; Jón Þórðarson var markaður og Jón Þorláksson hafði áður strokið úr járnum. Þeir voru hengdir en Gísli komst undan sökum aldurs en var kagstrýktur.	Annálar I, bls. 451 (Vallaanáll), bls. 600 (Mælifellsannáll); II, bls. 350 (Fitjaanáll), bls. 553 (Hestsannáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll), bls. 523 (Grímsstaðannáll); Alþingisbækur IX bls. 225, 226, 242.
172	1703	Jón Þorláksson	Árið 1703 voru tveir þjófar hengdir á Alþingi, Jón Þórðarson ættaður úr Gnúpverjahreppi og Jón Þorláksson ættaður úr Landeyjum. Þeir höfðu ásamt Gísla Oddssyni, ættuðum úr Hrunamannahreppi, lagst út í Hengil og stolið en náðust og voru fluttir á Bessastaði og mál þeirra tekið fyrir á Kópavogspingi. Þeir voru svo fluttir til Alþingis þar sem þeir viðurkenndu þjófnað á 14 bæjum þar sem þeir stálu níu sauðum, smjöri, hákarlslykkjum, fiskum, duggarsokkum, skaröxi, kýrlæri, hálstrefli, ljáum, hettu, vetrunsskinni, buxum, snjóskóm og fernum skæðum. Jónarnir höfðu áður verið dæmdur fyrir þjófnað; Jón Þórðarson var markaður og Jón Þorláksson hafði áður strokið úr járnum. Þeir voru hengdir en Gísli komst undan sökum aldurs en var kagstrýktur. Alþingisbækur: Lesinn í lögréttu dómur valdmannsins monsr. Jóns Eyjólfssonar genginn á Kópavogi þann 6. júlí. Jón Þórðarson var markaður. Gísli Oddsson var yngri en 20. Þremmenningarnir viðurkenndu að þjófnað á 14 bæjum þar sem þeir stálu 9 sauðum, smjöri, hákarlslykkjum, fiskum, duggarsokkum, skaröxi, kýrlæri, hálstrefli, ljáum, hettu, vetrunsskinni, buxum, snjóskóm og fernum skæðum. Jón Þorláksson hafði strokið úr járnum. 13. júlí voru Jónarnir hengdir en Gísli tók út húðlátsrefsingu sem næst átti að ganga lífi.	Annálar I, bls. 451 (Vallaanáll), bls. 600 (Mælifellsannáll); II, bls. 350 (Fitjaanáll), bls. 553 (Hestsannáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll), bls. 523 (Grímsstaðannáll); Alþingisbækur IX bls. 225, 226, 242.
173	1703	Gísli Einarsson	Árið 1703 var Gísli Einarsson úr Borgarfjarðarsýslu hengdur á Alþingi. Héraðsdómur hafði gengið fyrir tilskipan sýslumannsins Jóns Sigurðssonar í Þverárþingi. Gísli hafði stolið hesti með reiðtygjum frá Tómasi Bjarnasyni á Þorvaldsstöðum í Hvítársíðu og á Bjarnastöðum í sömu sveit ýmsum varningi að andvirði 10 aura „að dómsmanna mati.“ Gísli hafði áður liðið tvær húðlátsrefsingar fyrir tveggja marka stuld.	Annálar I, bls. 451 (Vallaanáll), bls. 600 (Mælifellsannáll); II bls. 350 (Fitjaanáll), bls. 553 (Hestsannáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll), bls. 523 (Grímsstaðannáll); Alþingisbækur IX, bls. 224.
174	1703	Jón Jónsson	Árið 1703 var Jón Jónsson úr Ísafjarðarsýslu hengdur á alþingi, ungur að aldri.	Annálar I, bls. 451 (Vallaanáll), bls. 600 (Mælifellsannáll); II bls. 350 (Fitjaanáll), bls. 553 (Hestsannáll); III, bls. 420 (Eyrarannáll), bls. 523 (Hestsannáll).



ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
175	1704	Klemens Þorgeirsson	Vallaannáll: Árið 1704 var Clemens Þorgeirsson miðaldra maður ættaður úr Ölfusi hengdur í Sjárvarkvíum á Kjalarnesi. „Hafði hann lengi hlaupið um landið, fyrst með leti, síðan með stuldi. Hann hafði rofið kirkju að Hróarsholti í Flóa til þjófnaðar, en stolið úr kirkjunni að Setbergi í Eyrarsveit altarisbrún, gerri af spansleðri gylltu, og gert þar úr skó á fætur sér, einnín nærkjólí, virknepptum, allvænum, frá Guðmundi West á Stokkseyri; fékk iðran.“	Annálar I, bls. 462 (Vallaannáll); II, bls. 554 (Hestsannáll); IV, bls. 178 (Setbergsannáll).
176	1704	Ingimundur Einarsson	Þann 27. september 1704 var Ingimundur Einarsson hálfþritugur, ættaður úr Biskupstungum dæmdur til dauða á Esjubergsþingi og hengdur í Sjárvarkvíum. Hann var tekinn um haustið árið 1703 á Þingvöllum ásamt Bjarna Sigurðssyni. Þeir höfðu stolið kviku og dauðu af Mosfellsheiði og Ölfusi, einkum frá Andrési Finnbogasyni á Kröggólfsstöðum og haft soðning og athvarf á Skálabrekku. Ingimundur og Bjarni sluppu er átti að færa þá sýslumanni og hlupu vestur til Borgarfjarðar. Ingimundur var þó tekinn aftur í Lundarreykjardal en Bjarni strauk áfram. Ingimundur var fluttur í Einarsnes og síðan suður á Seltjarnarnes því hann hafði stolið í Kjósarsýslu. Jón Jónsson og Þuríður Salómondóttir misstu húðina fyrir samhylling.	Annálar I, bls. 460 og 469 (Vallaannáll); IV, bls. 180 (Setbergsannáll).
177	1704	Sigurður Arason	Sigurður Arason og Steinunn Guðmundsdóttir Péturssonar, bróðurdóttir Jóns Péturssonar lögréttumanns á Hliði, voru tekin af lífi í Kópavogi árið 1704 en þau voru sökuð um morðið á Sæmundi Þórarinssyni, eiginmanni Steinunnar. Steinunn og eiginmaður hennar, grímsneskur að ætt, bjuggu að hálfum Árbæ við Elliðaár en Sigurður og móðir hans Guðrún til móts við þau. Einn daginn fannst Sæmundur látinn undir Skötufossi og fljótt komst á sá kvittur að Sigurður hefði verið valdur að dauða Sæmundar. Hann var tekinn í Örfirisey og færður til Seltjarnarness en harðneitaði ásökunum fyrst. Páll Beyer fundaði um málið og tjáði Sigurði að hann hygðist láta grafa upp lík Sæmundar og að Sigurður skyldi koma með. Viðurkenndi Sigurður þá að hann hefði hrint Sæmundi, niður Skötufoss að áeggjan Steinunnar. Niel Kier sýslumaður þingaði sitt fyrsta þing að Varmá í Mosfellssveit um þetta mál. Þar viðurkenndi Steinunn, treglega í fyrstu, að hafa hvatt Sigurð til verksins. Þau voru flutt á Seltjarnarnes og sátu þar í hálfan mánuð í jánnum. Föstudaginn 14. nóvember voru þau dæmd til dauða í Kópavogi af Sigurði lögmanni að austan. Sigurður var hálshöggvinn skammt frá túngarði í landnorður frá þinghúsinu en Steinunni drekk í læknum þar fyrir austan. „Hafði höggstaðurinn ávallt áður verið upp á hálsinum en drekk inn í Elliðaá syðri.“ Þau fengu bæði góða iðran og skildu vel við. Páll Beyer var við aftökuna og lét setja höfuð Sigurðar á stöng við gróf hans. Sigurður var 27, Steinunn 47 (oftalið um 2-3 ár skv. manntali 1703). Steinunn átti þrjú börn, og hið yngsta, Berg Erlendsson (7 ára 1703) sem hún átti eftir annað hjónaband sitt, tók Páll Beyer. Hin börn hennar voru Guðmundur Bergsson (20 ára 1703) og Guðrún Bergsdóttir (19 ára 1703).	Annálar I, bls. 468 og 470 (Vallaannáll), 602 (Mælifellsannáll); II, bls. 353 (Fitjaannáll), bls. 555 (Hestsannáll); III, bls. 526 (Grímsstaðaannáll); IV bls 180 (Setbergsannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
178	1704	Steinunn Guðmundsdóttir	Sigurður Arason og Steinunn Guðmundsdóttir Péturssonar, bróðurdóttir Jóns Péturssonar lögréttumanns á Hliði, voru tekin af lífi í Kópavogi árið 1704 en þau voru sökuð um morðið á Sæmundi Þórarinssyni, eiginmanni Steinunnar. Steinunn og eiginmaður hennar, grímsneskur að ætt, bjuggu að hálfum Árbæ við Elliðaár en Sigurður og móðir hans Guðrún til móts við þau. Einn daginn fannst Sæmundur látinn undir Skötufossi og fljótt komst á sá kvittur að Sigurður hefði verið valdur að dauða Sæmundar. Hann var tekinn í Örfirisey og færður til Seltjarnarness en harðneitaði ásökunum fyrst. Páll Beyer fundaði um málið og tjáði Sigurði að hann hygðist láta grafa upp lík Sæmundar og að Sigurður skyldi koma með. Viðurkenndi Sigurður þá að hann hefði hrint Sæmundi, niður Skötufoss að áeggjan Steinunnar. Niel Kier sýslumaður þingaði sitt fyrsta þing að Varmá í Mosfellssveit um þetta mál. Þar viðurkenndi Steinunn, treglega í fyrstu, að hafa hvatt Sigurð til verksins. Þau voru flutt á Seltjarnarnes og sátu þar í hálfan mánuð í jánnum. Föstudaginn 14. nóvember voru þau dæmd til dauða í Kópavogi af Sigurði lögmanni að austan. Sigurður var hálshöggvinn skammt frá túngarði í landnorður frá þinghúsinu en Steinunni drekkt í læknum þar fyrir austan. „Hafði höggstaðurinn ávallt áður verið upp á hálsinum en drekkt inn í Elliðaá syðri.“ Þau fengu bæði góða iðran og skildu vel við. Páll Beyer var við aftökuna og lét setja höfuð Sigurðar á stöng við gröf hans. Sigurður var 27, Steinunn 47 (oftalið um 2-3 ár skv. manntali 1703). Steinunn átti þrjú börn, og hið yngsta, Berg Erlendsson (7 ára 1703) sem hún átti eftir annað hjónaband sitt, tók Páll Beyer. Hin börn hennar voru Guðmundur Bergsson (20 ára 1703) og Guðrún Bergsdóttir (19 ára 1703).	Annálar I, bls. 468 og 470 (Vallaannáll), 602 (Mælifellsannáll); II, bls. 353 (Fitjaannáll), bls. 555 (Hestsannáll); III, bls. 526 (Grímsstaðaannáll); IV bls 180 (Setbergsannáll).
179	1704	Ónafngreind stúlka	Sumarið 1704 varð stúlka í Einarstaðakirkjusókn í Reykjadal uppvís að því að hafa eignast barn. Sýslumaður Halldór Einarsson tók hana undir rannsókn. Hún viðurkenndi að hafa fætt barn og kastað því í læk hjá seli því sem hún var í og var hún fyrir það dæmd frá lífi.	Annálar I, bls. 602 (Mælifellsannáll).
180	1705	Kolfinna Ásbjörnsdóttir	Árið 1705 var Kolfinna Ásbjörnsdóttir tekin af lífi á Alþingi fyrir dulsmál. Á Öxárþingi 10. júlí var lesinn process úr Kjósársýslu framfarinn að Esjubergi fyrir um sumarið af sýslumanninum Niels Jenssyni Kier. Kolfinna viðurkenndi að hafa fætt andvana pilt og grafið í hús „innar af af skálanum á þá sínu heimildi Hækingsdal í Kjós, hvar það að mestu rotið fundizt hefur.“ Hún lýsti Ketil Jónsson, húsbónda sinn, barnsföður sinn og sagði hann hafa gengið framhjá rúminu sínu morguninn eftir að hún ól barnið og að hún hefði sagt honum að hún hefði fætt andvana barn er hann sjálfur vissi sig föðri að vera. Hún hefði sagt honum að barnið væri í rúminu hjá sér og hann svaraði að hann kæmi aftur í annan tíma. En Kolfinna sagði að hann hefði ekki komið aftur og ekki orð við sig talað „eður neitt af vitað hvar eður hvenær hún hafi það niður grafið“. Kolfinna var dæmd til dauða, forsvanlega af hálfu valdsmannsins Niels J. Kier, og drekkt 13. júlí í allmargra þingmanna náveru en Ketill, sem var giftur, flúði og náðist ekki undir rétt.	Annálar I, bls. 472 (Vallaannáll); II, bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 182 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 329-30.
181	1705	Sigríður Vigfúsdóttir	Í Þingeyjarþingi árið 1705 var Sigríður Vigfúsdóttir dæmd til dauða fyrir dulsmál og drekkt degi síðar eftir eigin ósk „þóttist hún þá vel viðbúin til að deyja“. Á Öxarárþingi þann 13. júlí var lesinn héraðsdómur sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Halldórs Einarssonar genginn að Helgastöðum þann 16. maí 1705 um málefni Ólafs Sveinssonar í Glaumbæ. Hann hafði verið dæmdur til tylftareíðs fyrir banaráð, banavöld, meðvitund og samhylli í förgun barns síns og Sigríðar Vigfúsdóttur. Á Alþingi var Ólafur dæmdur fallinn á eiðnum og dæmdur til landsútlegðar.	Annálar I, bls. 685 (Annáll Páls Vídalíns); II, bls. 356 (Fitjaannáll), bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 181 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 333.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
182	1705	Árni Björnsson	<p>Árið 1705 voru Árni Björnsson frá Grásíðu í Kelduhverfi, sonur Gríms smiðs úr Reykjadal norðri, og Kristín Halldórsdóttir tekin af lífi fyrir blóðskömm. „Þá var tekið til að dæma eftir því norska lögmáli.“ Héraðsdómur sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Halldórs Einarsonar, hafði gengið að Keldunesi og Kristín þar lýst Ásmund, eiginmann sinn, faðir dóttur sinnar. Seinna viðurkenndi Kristín fyrir héraðsdómi að Árni, eignimaður systur hennar, væri faðir barnsins. „Hann meðgekk ekki brot sitt fyrr en á alþingi, kostaði sig sjálfur að norðan til hesta, og voru aldrei járn á hann lögð, gekk hugraustur til dauðans með söngum og guðhræðslu. Sögðu margir hann ei ólíkan verið hafa Jómsvíkingum forðum, hverjir dauðann ekki óttuðust.“ Fyrir dauða sinn bað Árni um þrennt; að hann mætti vera fyrir utan járn, að böðullinn fengi ekki fötin hans heldur yrðu þau gefin fátækum og að hann yrði grafinn í kirkjugarði. Þetta fékk hann allt. Árni gekk til aftökustaðarins, og á leiðinni bað hann sýslumann að segja biskupnum í Skálholti og vicelögmanni, sem dæmt hafði Árna frá lífi, að þeir vildu hvor um sig taka eitt sitt barn og láta kenna því að lesa og skrifa, sem þeir gerðu síðan. Kristín komst ekki til þingsins sökum veikinda en henni var drekk í Laxá í Reykjadal skömmu síðar. Samkvæmt Íslendingabók var Árni fæddur árið 1661 og átti fjögur börn með eiginkonu sinni: Jón (f. 1692), Guðrúnu (f. 1698), Arngrím (f. 1701, d. 1756) og Gísla (f. 1702). Dóttir hans og Kristínar hét Ragnheiður (f. 1704). Kristín var fædd árið 1669 og samkvæmt Íslendingabók átti hún ekki fleiri börn.</p>	Annáll I, bls. 471 (Vallaannáll), bls. 603 (Mælifellsannáll), bls. 690 (Annáll Páls Vídalíns); II, bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 182 (Setbergsannáll), bls. 320 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 335-36, 362.
183	1705	Kristín Halldórsdóttir	<p>Árið 1705 voru Árni Björnsson frá Grásíðu í Kelduhverfi, sonur Gríms smiðs úr Reykjadal norðri, og Kristín Halldórsdóttir tekin af lífi fyrir blóðskömm. „Þá var tekið til að dæma eftir því norska lögmáli.“ Héraðsdómur sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Halldórs Einarsonar, hafði gengið að Keldunesi og Kristín þar lýst Ásmund, eiginmann sinn, faðir dóttur sinnar. Seinna viðurkenndi Kristín fyrir héraðsdómi að Árni, eignimaður systur hennar, væri faðir barnsins. „Hann meðgekk ekki brot sitt fyrr en á alþingi, kostaði sig sjálfur að norðan til hesta, og voru aldrei járn á hann lögð, gekk hugraustur til dauðans með söngum og guðhræðslu. Sögðu margir hann ei ólíkan verið hafa Jómsvíkingum forðum, hverjir dauðann ekki óttuðust.“ Fyrir dauða sinn bað Árni um þrennt; að hann mætti vera fyrir utan járn, að böðullinn fengi ekki fötin hans heldur yrðu þau gefin fátækum og að hann yrði grafinn í kirkjugarði. Þetta fékk hann allt. Árni gekk til aftökustaðarins, og á leiðinni bað hann sýslumann að segja biskupnum í Skálholti og vicelögmanni, sem dæmt hafði Árna frá lífi, að þeir vildu hvor um sig taka eitt sitt barn og láta kenna því að lesa og skrifa, sem þeir gerðu síðan. Kristín komst ekki til þingsins sökum veikinda en henni var drekk í Laxá í Reykjadal skömmu síðar. Samkvæmt Íslendingabók var Árni fæddur árið 1661 og átti fjögur börn með eiginkonu sinni: Jón (f. 1692), Guðrúnu (f. 1698), Arngrím (f. 1701, d. 1756) og Gísla (f. 1702). Dóttir hans og Kristínar hét Ragnheiður (f. 1704). Kristín var fædd árið 1669 og samkvæmt Íslendingabók átti hún ekki fleiri börn.</p>	Annáll I, bls. 471 (Vallaannáll), bls. 603 (Mælifellsannáll), bls. 690 (Annáll Páls Vídalíns); II, bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 182 (Setbergsannáll), bls. 320 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur IX, bls. 335-36, 362.
184	1705	Salómon Hallbjörnsson	<p>Á Alþingi 1705 voru Salómon Hallbjörnsson og Ólöf Jónsdóttir úr Staðarsveit í Þórsnesþingi tekin að lífi fyrir blóðskömm en Salómon var móðurbróðir Ólafar. Í Lögréttu var lesinn héraðsdómur genginn að Syðri Görðum í Staðarsveit í Snæfellsýslu þar sem Magnús Björnsson var sýslumaður. Dómurinn var staðfestur á Alþingi og þau voru tekin af lífi 14. júlí þingmönnum mörgum hjáverandi. Hann var hálshöggvinn en henni drekk.</p>	Annálar I, bls. 471 (Vallaannáll); II, bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 182 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 330-31.
185	1705	Ólöf Jónsdóttir	<p>Á Alþingi 1705 voru Salómon Hallbjörnsson og Ólöf Jónsdóttir úr Staðarsveit í Þórsnesþingi tekin að lífi fyrir blóðskömm en Salómon var móðurbróðir Ólafar. Í Lögréttu var lesinn héraðsdómur genginn að Syðri Görðum í Staðarsveit í Snæfellsýslu þar sem Magnús Björnsson var sýslumaður. Dómurinn var staðfestur á Alþingi og þau voru tekin af lífi 14. júlí þingmönnum mörgum hjáverandi. Hann var hálshöggvinn en henni drekk.</p>	Annálar I, bls. 471 (Vallaannáll); II, bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 182 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 330-31.
186	1705	Sumarliði Eiríksson	<p>Árið 1705 voru Sumarliði Eiríksson úr Strandasýslu og hálfbróðurdóttir hans Ragnhildur Tómasdóttir tekin af lífi á Alþingi. Lesinn var héraðsdómur sýslumannsins Jóns Magnússonar í Strandasýslu genginn að Bæ við Hrútafjörð. Lífsstraffið var lagt á 16. júlí þingmönnum hjáverandi; hann var hálshöggvinn en henni var drekk.</p>	Annálar I, bls. 472 (Vallaannáll); II, bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 182 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 333-334.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
187	1705	Ragnhildur Tómasdóttir	Árið 1705 voru Sumarliði Eiríksson úr Strandasýslu og hálfbróðurdóttir hans Ragnhildur Tómasdóttir tekin af lífi á Alþingi. Lesinn var héraðsdómur sýslumannsins Jóns Magnússonar í Strandasýslu genginn að Bæ við Hrutafjörð. Lífsstraffið var lagt á 16. júlí þingmönnum hjáverandi; hann var hálshöggvinn en henni var drekkt.	Annálar I, bls. 472 (Vallaannáll); II, bls. 556 (Hestsannáll); IV, bls. 182 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 333-334.
188	1706	Hallfríður Magnúsdóttir	Árið 1705 opinberaðist „Kjólsvíkurmálið“. Hallfríður Magnúsdóttir og Ólafur Kolbeinsson, sem var markaður þjófur, voru vinnufólk hjá Sigmundi Vigfússyni og Helgu Þorvarðardóttur en „á þessum mönnum lá illt orð um það, að eigi mundu umgangast siðsamlega með téðri Hallfríði. Leyfðu margir sér frekt í því að tala, þó lágt fara ætti. Á þessu ári yfirvöll óvenjuleg hriða- og bjargarleysistíð. Mæltu margir það mundi standa af illu athæfi í Kjólsvík“. Í kjölfarið fóru Hreppsstjórar í Kjólsvík í rannsóknarleiðangur. „[F]undu þeir Hallfríði að sápuþvotti, hvörja þeir tóku og rannsökuðu. Fannst þá mjólk í brjóstum hennar“. Hallfríður sagðist þá hafa fengið barni sínu Ólafi og sagðist Ólafur hafa gengið frá barninu í Flugum í Glettingum norðan Kjólsvíkur. Gekk hann nauðugur með hreppsstjórunum og gróf upp barnið. Hallfríður, Ólafur og Sigmundur voru færð til sýslumanns. Ólafur var markaður þjófur. „Sendi sýslumaðurinn Bessi til Páls lögmans um veturinn á föstu, og vildi úrskurð yfir þessu máli. En Páll lögmaður kvaðst engan óheyrðan dæma; beið svo málið alþingis.“ Á þessu þingi (1707) var Ólafur var af tekinn, Hallfríði vísað heim, Sigmundur hýddur en Helga var strýkt af hreppstjóranum í Borgarfirði eftir forlagi sýslumanns Bessa. Veturinn eftir fæddi Hallfríður annað barn og kenndi Ólafi að nýju. Sagði það hafa komið undir á Alþingisferðinni. Hún hafði ætlað að fyrirfara því en komið var í veg fyrir það. Á Alþingi 1708 var lesið í Lögréttu héraðspróf sýslumannsins Bessa Guðmundssonar í Múlaþingi genginn að Hjaltastaðarmanntalsþingi, um meðkennt þriðja hördómsbrot Hallfríðar Magnúsdóttur og barneign með Ólafi. Barnsfæðingin skeði 23. mars á Kóreksstöðum á heimili lögréttumansins Ólafs Andrésssonar. Hún var tekin af lífi á á þinginu, þingmönnum allmörgum viðverandi.	Annálar I, bls. 475 (Vallaannáll), bls. 695 (Annáll Páls Vídalíns); II, bls. 558 (Hestsannáll); III, bls. 532, 539 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 204 (Setbergsannáll); V, bls. 282-83 (Desjarmýrarannáll). Alþingisbækur IX, bls. 368, 412-414 og 480-81.
189	1706	Ólafur Kolbeinsson	Árið 1705 opinberaðist „Kjólsvíkurmálið“. Hallfríður Magnúsdóttir og Ólafur Kolbeinsson, sem var markaður þjófur, voru vinnufólk hjá Sigmundi Vigfússyni og Helgu Þorvarðardóttur en „á þessum mönnum lá illt orð um það, að eigi mundu umgangast siðsamlega með téðri Hallfríði. Leyfðu margir sér frekt í því að tala, þó lágt fara ætti. Á þessu ári yfirvöll óvenjuleg hriða- og bjargarleysistíð. Mæltu margir það mundi standa af illu athæfi í Kjólsvík“. Í kjölfarið fóru Hreppsstjórar í Kjólsvík í rannsóknarleiðangur. „[F]undu þeir Hallfríði að sápuþvotti, hvörja þeir tóku og rannsökuðu. Fannst þá mjólk í brjóstum hennar“. Hallfríður sagðist þá hafa fengið barni sínu Ólafi og sagðist Ólafur hafa gengið frá barninu í Flugum í Glettingum norðan Kjólsvíkur. Gekk hann nauðugur með hreppsstjórunum og gróf upp barnið. Hallfríður, Ólafur og Sigmundur voru færð til sýslumanns. Ólafur var markaður þjófur. „Sendi sýslumaðurinn Bessi til Páls lögmans um veturinn á föstu, og vildi úrskurð yfir þessu máli. En Páll lögmaður kvaðst engan óheyrðan dæma; beið svo málið alþingis.“ Á þessu þingi (1707) var Ólafur var af tekinn, Hallfríði vísað heim, Sigmundur hýddur en Helga var strýkt af hreppstjóranum í Borgarfirði eftir forlagi sýslumanns Bessa. Veturinn eftir fæddi Hallfríður annað barn og kenndi Ólafi að nýju. Sagði það hafa komið undir á Alþingisferðinni. Hún hafði ætlað að fyrirfara því en komið var í veg fyrir það. Á Alþingi 1708 var lesið í Lögréttu héraðspróf sýslumannsins Bessa Guðmundssonar í Múlaþingi genginn að Hjaltastaðarmanntalsþingi, um meðkennt þriðja hördómsbrot Hallfríðar Magnúsdóttur og barneign með Ólafi. Barnsfæðingin skeði 23. mars á Kóreksstöðum á heimili lögréttumansins Ólafs Andrésssonar. Hún var tekin af lífi á á þinginu, þingmönnum allmörgum viðverandi.	Annálar I, bls. 475 (Vallaannáll), bls. 695 (Annáll Páls Vídalíns); II, bls. 558 (Hestsannáll); III, bls. 532, 539 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 204 (Setbergsannáll); V, bls. 282-83 (Desjarmýrarannáll). Alþingisbækur IX, bls. 368, 412-414 og 480-81.
190	1709	Helga Magnúsdóttir	Árið 1709 var Helga Magnúsdóttir að Dal í Lóni tekin af lífi á Alþingi fyrir leynd og laungröft á barni. Í Lögréttu var lesinn héraðsdómur Ísleifs Einarssonar genginn að Holtum í Hornafirði um vorið þar sem Helga hafði viðurkennt að hún hefði ásett sér að leynd fæðingu. Helga var tekin af lífi 19. júlí í þingmanna allmargra náveru. Barnsfæðing hennar var Þórður Þorkelsson Vídalín en hún var ráðskona hans. Samkvæmt Íslendingabók átti Þórður líka barn með Sigríði Lárentíusdóttur vinnukonu í Krosslandi, Lónkálki.	Annálar II, bls. 561 (Hestsannáll); III, bls. 541 (Grímsstaðaannáll); IV bls. 206 (Setbergsannáll); Alþingisbækur IX, bls. 516.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
191	1714	Þórður Andrésson	Árið 1714 var gamall maður að nafni Þórður Andrésson í Austfjörðum dæmdur frá lífinu fyrir það að hann drap viljandi Gísla Einarsson. Héraðsdómur sýslumannsins Bessa Guðmundssonar á Skriðuklaustri var lesinn í Löggrétu og staðfestur. Þórður kom ekki til Alþingis sökum heilsubrestra og hrumleika og átti því að rétta hann í héraði innan 14 daga. Dómurinn var byggður íslenzkra laga Mannh. 4 og 14 cap. kongl. Majst. norsku lögum 6. bók, 6. cap., 1. art.	Annálar I, bls. 503 (Vallaannáll); II, bls. 391 (Fitjaannáll, viðauki); IV, bls. 326 (Sjávarborgarannáll); Alþingisbækur X, bls. 168-169.
192	1719	Halldór Sumarliðason (ekki í gagnagrunni)	Á Alþingi árið 1719 kom sýslumaðurinn úr Ísafjarðarsýslu, Markús Bergsson, fyrir réttinn og las héraðsdóm genginn að þriggjahreppaþingi að Ögri haustið áður áhrærandi þriðja hördómsbrot Halldórs Sumarliðasonar með Valgerði Sveinbjörnsdóttur. Dæmt var að Halldór hefði forbrotið sitt líf nema konungur vildi gera miskunn á því. Halldór, sem var 82 ára gamall, játaði brot sín á Alþingi og mótmælti ekki dauðadómmum.	Alþingisbækur X, bls. 423.
193	1720	Ónafngreind kona	Árið 1720 var konu drekkt. Henni var eignað barn sem fannst út borið í Rangárvallasýslu.	Annálar IV, bls. 651 (Hrafnagilsannáll).
194	1722	Þorsteinn Jónsson	Á Öxarárþingi 1722 var Þorsteinn Jónsson búandi að Höfðadal við Tálknafjörð hálshöggvinn fyrir dulsmál. Teitur Arason sýslumaður í Barðastrandarsýslu fyrir kom réttinn en héraðsdómur hafði farið fram á Kviendisfelli við Tálknafjörð um vorið þar sem Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Bjarnadóttir, eiginkona Þorsteins voru öll dæmd til dauða fyrir dulsmál. Þorsteinn og Guðrún mættu fyrir rétti á Alþingi ásamt svaramanni sínum Finni Nikulássyni en Ingibjörg kom ekki sökum veikinda. Þorsteinn viðurkenndi að hafa eignast barn með Guðrúnu, vinnukonu sinni og bróurdóttur konu sinnar en hélt því fram að barnið fæðst andvana og hann hefði því grafið það. Ingibjörg hafði viðurkennt að hún hefði setið hjá Guðrúnu þegar hún fæddi en sagði að Þorsteinn hafi gripið barnið strax og það fæddist. Guðrún sagði að Þorsteinn hefði tekið barnið þótt að hún bæði hann að láta sig hafa það. Sagðist hún ekki vita hvort það hefði verið á lífi. Þorsteinn höggvinn á þinginu þann 21. júlí, ekki var dæmt í máli Ingibjargar en máli Guðrúnar var áfrýjað til konungs.	Annáll I, bls. 521 (Vallaannáll); Alþingisbækur XI, bls. 62-65, 71-74, 145-46.
195	1722	Guðrún Jónsdóttir	Á Öxarárþingi 1722 var Þorsteinn Jónsson búandi að Höfðadal við Tálknafjörð hálshöggvinn fyrir dulsmál. Teitur Arason sýslumaður í Barðastrandarsýslu fyrir kom réttinn en héraðsdómur hafði farið fram á Kviendisfelli við Tálknafjörð um vorið þar sem Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Bjarnadóttir, eiginkona Þorsteins voru öll dæmd til dauða fyrir dulsmál. Þorsteinn og Guðrún mættu fyrir rétti á Alþingi ásamt svaramanni sínum Finni Nikulássyni en Ingibjörg kom ekki sökum veikinda. Þorsteinn viðurkenndi að hafa eignast barn með Guðrúnu, vinnukonu sinni og bróurdóttur konu sinnar en hélt því fram að barnið fæðst andvana og hann hefði því grafið það. Ingibjörg hafði viðurkennt að hún hefði setið hjá Guðrúnu þegar hún fæddi en sagði að Þorsteinn hafi gripið barnið strax og það fæddist. Guðrún sagði að Þorsteinn hefði tekið barnið þótt að hún bæði hann að láta sig hafa það. Sagðist hún ekki vita hvort það hefði verið á lífi. Þorsteinn höggvinn á þinginu þann 21. júlí, ekki var dæmt í máli Ingibjargar en máli Guðrúnar var áfrýjað til konungs.	Annáll I, bls. 521 (Vallaannáll); Alþingisbækur XI, bls. 62-65, 71-74, 145-46.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
196	1722	Ingibjörg Bjarnadóttir	<p>Á Öxarárþingi 1722 var Þorsteinn Jónsson búandi að Höfðadal við Tálknafjörð hálshöggvinn fyrir dulsmál. Teitur Arason sýslumaður í Barðastrandarsýslu fyrir kom réttinn en héraðsdómur hafði farið fram á Kviendisfelli við Tálknafjörð um vorið þar sem Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Bjarnadóttir, eiginkona Þorsteins voru öll dæmd til dauða fyrir dulsmál. Þorsteinn og Guðrún mættu fyrir rétti á Alþingi ásamt svaramanni sínum Finni Nikulássyni en Ingibjörg kom ekki sökum veikinda. Þorsteinn viðurkenndi að hafa eignast barn með Guðrúnu, vinnukonu sinni og bróðurdóttur konu sinnar en hélt því fram að barnið fæðst andvana og hann hefði því grafið það. Ingibjörg hafði viðurkennt að hún hefði setið hjá Guðrúnu þegar hún fæddi en sagði að Þorsteinn hafi gripað barnið strax og það fæddist. Guðrún sagði að Þorsteinn hefði tekið barnið þótt að hún bæði hann að láta sig hafa það. Sagðist hún ekki vita hvort það hefði verið á lífi. Þorsteinn höggvinn á þinginu þann 21. júlí, ekki var dæmt í máli Ingibjargar en máli Guðrúnar var áfrýjað til konungs.</p>	Annáll I, bls. 521 (Vallaanáll); Alþingisbækur XI, bls. 62-65, 71-74, 145-46.
197	1725	Jakob Jónsson	<p>Árið 1725 var hengdur á Alþingi Jakob Jónsson úr Arnarfirði vestan fyrir þjófnad ekki minna en 50 hundruð, eigi var sagt af iðran hans. Hann hafði áður verið dæmdur fyrir meðferð galdrablaða og tvisvar verið dæmdur fyrir þjófnad, verið hyddur og markaður. Héraðsdómur hafði gengið á Fifustaðarþingi í Arnarfirði og þann 11. júlí var dauðadómurinn staðfestur og lesinn opinberlega í lögréttu að Jakobi áheyrandi. Hann var hengdur þremur dögum síðar.</p>	Annálar I, bls. 526 (Vallaanáll), bls. 632 (Mælifellsannáll); II, bls. 602 (Hítardalsannáll); Alþingisbækur X, bls. 432-433, 517,518; XI, bls. 243-244.
198	1725	Halldóra Jónsdóttir	<p>Á Alþingi árið 1725 voru feðginin Halldóra Jónsdóttir og Jón Eyjólfsson dæmd til dauða fyrir blóðskömm og dulsmál. Sýslumaðurinn Jens Pétursson Wíum færði feðginin með sér fyrir réttinn. Upplesin var réttarstefna sem lögmaðurinn Páll Vídalín gaf út eftir beiðni Wíums. Héraðsdómur fór fram á Dvergasteini í Seyðisfirði árið 1724 og þar sagðist Halldóra hafa fætt barn í skálahúsi á góu og í kjölfarið tekið léttisótt sem lá með henni þar til seint um daginn. Þegar hún rankaði við sér hafði faðir hennar tekið barnið frá henni og hún vissi ekki hvað hann hafði gert við það þar til það var grafið upp úr húsgólfi prests. Faðir hennar hafði sagt henni að barnið hefði verið dauft þegar hann tók það. Enginn var á bænum nema börn Jóns, öll í ómegð nema hún. Í héraði játaði Halldóra jafnframt að Jón væri barnsfaðirinn en ekki Ormur Einarsson eins og hún hafði áður haldið fram að áeggjan Jóns. Auglýsti hún „opinberlega fyrir réttinum, að hún hefði til samræðis og saurlífnaðar verks með föður sínum nauðug og í allan máta óviljug verið.“ Jón viðurkenndi að hann hefði nauðgað Halldóru og sagði hann barnið hafa fæðst andvana og að Halldóra hefði verið með litlu viti þegar hann fjarlægði barnið; Halldóra hafi ekki vitað að hann hefði grafið barnið. Jón var hálshöggvinn á þessu Alþingi „og brenndur síðan kroppur hans í eldi, gerði þó góða iðran, og gekk glaður undir dauðann“. Máli Halldóru var áfrýjað til konungs en 1729 var í Lögréttu lesið konungsbréf þess efni að Halldóru skyldi drekkja. Var það sennilega gert í Drekkingarhyl á Bessastöðum eystra, aftökustað sýslumanns í Fljótsdal.</p>	Annálar I, bls. 526 (Vallaanáll); II, bls. 632 (Hítardalsannáll); IV, bls. 656-657 (Hrafnagilsannáll); Alþingisbækur XI, bls. 239-42, 541, 577.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
199	1725	Jón Eyjólfsson	<p>Á Alþingi árið 1725 voru feðginin Halldóra Jónsdóttir og Jón Eyjólfsson dæmd til dauða fyrir blóðskömm og dulsmál. Sýslumaðurinn Jens Pétursson Wíum færði feðginin með sér fyrir réttinn. Upplesin var réttarstefna sem lögmaðurinn Páll Vídalín gaf út eftir beiðni Wíums. Héraðsdómur fór fram á Dvergasteini í Seyðisfirði árið 1724 og þar sagðist Halldóra hafa fætt barn í skalahúsi á góu og í kjölfarið tekið léttsótt sem lá með henni þar til seint um daginn. Þegar hún rankaði við sér hafði faðir hennar tekið barnið frá henni og hún vissi ekki hvað hann hafði gert við það þar til það var grafið upp úr húsgólfi prests. Faðir hennar hafði sagt henni að barnið hefði verið dautt þegar hann tók það. Enginn var á bænum nema börn Jóns, öll í ómegð nema hún. Í héraði játaði Halldóra jafnframt að Jón væri barnsfaðirinn en ekki Ormur Einarsson eins og hún hafði áður haldið fram að áeggjan Jóns. Auglýsti hún „opinberlega fyrir réttinum, að hún hefði til samræðis og saurlifnaðar verks með föður sínum nauðug og í allan máta óviljug verið.“ Jón viðurkenndi að hann hefði nauðgað Halldóru og sagði hann barnið hafa fæðst andvana og að Halldóra hefði verið með litlu viti þegar hann fjarlægði barnið; Halldóra hafi ekki vitað að hann hefði grafið barnið. Jón var hálshöggvinn á þessu Alþingi „og brenndur síðan kroppur hans í eldi, gerði þó góða iðran, og gekk glaður undir dauðann“. Máli Halldóru var áfrýjað til konungs en 1729 var í Lögréttu lesið konungsbréf þess efni að Halldóru skyldi drekkja. Var það sennilega gert í Drekkingarhyl á Bessastöðum eystra, aftökustað sýslumanns í Fljótsdal.</p>	<p>Annálar I, bls. 526 (Vallaannál); II, bls. 632 (Hitardalsannál); IV, bls. 656-657 (Hrafnagilsannál); Alþingisbækur XI, bls. 239-42, 541, 577.</p>
200	1729	Jón Ingimundarson	<p>Á Alþingi árið 1729 var ógiftur bóndi Jón Ingimundsson frá Tjarnarlandi, austan úr Fljótsdalshéraði tekinn af lífi fyrir að hafa drepið Sigfús Eiríksson og „háðuglega sundur skorið hans líkama.“ Héraðsdómur gekk að Bessastöðum í Fljótsdal þar sem Jón viðurkenndi morðið fúslega og var dæmdur til dauða. Hægri hönd Jóns var fyrst höggvin af og síðan höfuðið og bæði sett á stöng. Á Óxarárþingi var hann spurður hvers vegna hann hafði drepið Sigfús og svaraði að hann Sigfús hafi verið trúlofaður þeirri stúlku er Jón hefði vilja eiga. Sagðist hafa mætt Sigfúsi einn morguninn og gefið honum í nefið. Næst hafi Sigfús dregið fram hvítskeftan sjálfskeiðingshníf sem hann sagðist hafa fundið en Jón hélt því fram að hann ætti þennan hníf. „Skeði morðið skammt frá bæ þeim, er Gröf heitir, með því móti, að Jón skar Sigfús á háls, sem var banasár, en hafði áður stungið hann átta holstingi ofan með vöngum og um hálsinn. Ól fannst hjá þeim vegna, er Jón hafði rennt um fætur honum, og oddbrotinn sjálfskeiðingurinn Jón skar hann með.“</p>	<p>Annálar I, bls. 534 (Vallaannál); II, bls. 631 (Hitardalsannál), bls. 703 (Hvammsannál); bls 666 (Hrafnagilsannál).</p>
201	1731	Sigurður Árnason	<p>Á Alþingi árið 1731 var Sigurður Árnason úr Neshreppi í Snæfellssýslu tekinn af lífi á Alþingi fyrir það að myrða Guðrúnu Illugadóttur frillu sína sem fannst skorin á háls í vatni einu nálægt bæ sínum á Snæfellsnesi. Sýslumaðurinn Gottrup lét þing stefna og bauð öllu fólki þar nálægt 12 ára og eldra að taka á líkamanum. Þar var meðal annars Sigurður Árnason 18 ára. „Er það mælt, að blóð rynni af nánnum, er hann hafi á þreifað. Hafði hann áður átt barn við konu þeirri, og var þá enn þunguð af hans völdum, að sögn.“ Sagt var að Sigurður hefði að vetrarnóttu gínt hana frá heimili hennar Sveinsstöðum „tvímenntu bæði einu hrossi, og af því hann skorti mjög afl við hana, tældi hana til að ríða fyrir framan sig, stalst að henni, skar hana á háls, hljóp undir eins af baki, beið svo til þess hún dó, og dró líkamann síðan út í eina tjörn.“ Héraðsdómur gekk af Gottrup lögmanni að Ingjaldshóli og var hann staðfestur á Alþingi. Sigurður var hálshöggvinn á 19. júlí og höfuð hans sett á stjaka. Samkvæmt Íslendingabók var Guðrún Illugadóttir (f. 1665), gift Tómasi Einarssyni (f. 1675). Börn þeirra voru Sigríður (1697) og Jón (1702).</p>	<p>Annálar I, bls. 643 (Mælifellsannál); II, bls. 644 (Hitardalsannál), bls. 706 (Hvammsannál); VI, bls. 36 (Úr Djáknaannálum).</p>
202	1735	Pétur Halldórsson	<p>Árið 1735 var Pétur Halldórsson úr Húnavatnspingi réttaður. Hann hafði átti barn með systurdóttur sinni og þau bæði dæmd til dauða. Hún varð aftur þunguð á meðan þau sátu í haldi sýslumanns og var því ekki réttuð. Sagt var að Pétur væri barnsfaðirinn.</p>	<p>Annálar II, bls. 664 (Hitardalsannál).</p>

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
203	1738	Jón Guðmundsson	Á Öxarárþingi 1738 komu Jón Guðmundsson og stjúpdóttir hans Þorbjörg Helgadóttir vestur úr Víðidal fyrir réttinn ásamt sýslumanni í Húnavatnsþingi en héraðsdómur hafði gengið að Þverá haustið áður. Þau voru sökuð fyrir dulmál og blóðskömm. Á Alþingi var dæmt að þau skyldu bæði hálshöggvast og höfuð þeirra sett á stjaka. Hans lífsstraff var lagt á þar á þinginu en sök Þorbjargar var áfrýjað til konungs. Árið 1739 var lesið konungbréf þess efnis að Þorbjörg skyldi náðuð en þess í stað kagstrýkjast og erfiða í spinnhúsinu sína lífstíð. Áttu dæmendur að sjá til þess að hún yrði færð til Kaupmannahafnar með skipum.	Annálar I, bls. 666 (Mælifellsannáll); III bls. 573 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur XII, bls. 412-13, 481.
204	1738	Halldóra Sigmundsdóttir	Árið 1738 voru feðgin úr Ísafjarðarsýslu, Sigmundur Guðmundsson og Halldóra Sigmundsdóttir dæmd til dauða fyrir blóðskömm og tekin af lífi á Alþingi. Hann var hálshöggvinn en henni drekkt. Þá litlu eftirlátinu fémuni Sigmundar, þá eftir réttarbót Magnúsar konungs yrði tillagt til fösturs barninu sem ekki var enn orðið 2 ára.	Annálar III, bls. 573 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur XII, bls. 375-77, 404, 411-412.
205	1738	Sigmundur Guðmundsson	Árið 1738 voru feðgin úr Ísafjarðarsýslu, Sigmundur Guðmundsson og Halldóra Sigmundsdóttir dæmd til dauða fyrir blóðskömm og tekin af lífi á Alþingi. Hann var hálshöggvinn en henni drekkt. Þá litlu eftirlátinu fémuni Sigmundar, þá eftir réttarbót Magnúsar konungs yrði tillagt til fösturs barninu sem ekki var enn orðið 2 ára.	Annálar III, bls. 573 (Grímsstaðaannáll); Alþingisbækur XII, bls. 375-77, 404, 411-412.
206	1739	Bótólfur Jörundsson	Árið 1739 var Bótólfur Jörundsson frá Þorskafirði hálshöggvinn ofan til við Vaðalsá, á nesinu, er síðan er kallað Bótólfólfsnes. Hann var sakaður um að hafa banað gömlum fátækum manni, Jóni Gottskálfssyni. „Falaði hest þess gamla, er hann reið, og fékk ei, kippti þeim gamla af baki, svo hann meiddist, og sló hann þar til með steini í höfuðið, svo hann lá eftir rotaður.“ Prestur hafði varað Jón við Bótólfi en hann hlustaði ekki og hélt áfram leið sinni. Bótólfur var handtekinn á Vattarnesi og fluttur að Haga þar sem hann var dæmdur til dauða. Dómurinn staðfestur á Alþingi sumarið eftir en Bótólfur var réttaður í héraði því böðul vantaði syðra.	Annálar III, bls. 573, 574 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 669 (Hrafnagilsannáll); Blanda, 5.bindi 1932-1935, bls 128-13; Alþingisbækur XII, bls. 461-464.
207	1739	Guðfinna Þorláksdóttir	Á Alþingi árið 1739 kom Guðfinna Þorláksdóttir fyrir rétt ásamt sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, sr. Markúsi Bergsson og Ormi Daðasyni verjanda sínum. Héraðsþing hafði farið fram að Mýrum í Dýrafirði þar sem Guðfinna viðurkenndi að hafa fætt barn í skálanum á Sæbóli og falið það í kistu sinni. Á héraðsþinginu var dæmt að hún skyldi hálshöggvast en á Alþingi var dæmt að henni skyldi drekkt. Ormur Daðason áfrýjaði dómnum en dró áfrýjunina strax til baka. Samkvæmt Má Jónssyni hafa engin bréf fundist um Guðfinnu næstu árin og var henni því sennilega drekkt.	Alþingisbækur XII, bls. 530-32, 539, 543 og 567; Már Jónsson. (2000). Dulsmál 1600-1900. Reykjavík: Sagnfræðistofnun.
208	1740	Gunnfríður Jónsdóttir	Árið 1740 var Gunnfríður dæmd til dauða á héraðsþingi á Kirkjulæk í Fljótshlíð þar sem hún viðurkenndi að hafa fætt barn í leyri en hélt því fram að það hefði fæðst andvana. Á Öxarárþingi var dómurinn staðfestur og ákveðið að hún skyldi hálshöggvast og höfuð hennar sett á stjaka. „Skal sýslumaðurinn í Rangárþingi láta þá execution framfara eftir lögum.“ Málinu skyldi þó áfrýjað til konungs. Samkvæmt Má Jónssyni hefur úrskurður hans ekki fundist og því óvíst hvort Gunnfríði var drekkt.	Alþingisbækur XIII, bls. 2 og 5-6; Már Jónsson. (2000). Dulsmál 1600-1900. Reykjavík: Sagnfræðistofnun.
209	1740	Ásmundur Þórðarson	Ásmundur Þórðarson úr Skagafirði var tekinn af lífi á alþingi fyrir morð á Guðmundi nokkrum, ungum manni í Heganessýslu. Á Alþingi 1739 viðurkenndi hann ekki brot sín „en bevisaðist þó, að hefði meðhöndlað það, hinn hafði meðfarið, nefninlega smjöröskjur; var dæmdur til Brimarhólm um sína lífstíð í héraði, en alþingisrétturinn dæmdi hann til 6 ára straffs í járnnum á Bremenhólm; silgdi þó ei þetta sumar, því þegar þessi Ásmundur formerkti, að hann átti á Bremerholm sendast, meðgekk hann, að myrt hefði Guðmund heitinn, hvar fyrir hann var í haldi í járnnum þennan eftirfarandi vetur.“ Á Alþingi sumarið eftir var hann aftekinn.	Annálar III, bls. 573, 574, 577 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 7 (Íslands árbók); Alþingisbækur XII, bls. 463, 464, 468 – 469.



ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
210	1740	Jón Jónsson	<p>Systkini í Geitavík, Jón og Sunnefa, eignuðust barn árið 1739. Maður á næsta bæ Erlendur Jónsson gekkst fyrir barninu en eftir 4 daga afsalaði hann sér því. Þá kenndi hún það Jóni og þau voru færð til sýslumanns á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Þar voru þau í varðhaldi í tvö ár og átti Sunnefa þar annað barn sem einnig var eignað bróður hennar. Þau voru dæmd til dauða fyrir fyrra brot í héraði og málið var tekið fyrir á Alþingi 1743 þar sem bæði systkinin voru til staðar í lögréttu en ekki sýslumaður sem þá var Hans Wíum. Þar lýsti Sunnefa engan annan en sýslumanninn Hans Wium föður að seinna barni sínu. Aðspurð hvar þetta hefði skeð svaraði hún: „Í baðstofunni á Egilsstöðum, og hefði þá enginn maður við verið, því maðurinn annar, sem með Hans Wium hefði þangað komið, hefði verið úti á hlaðinu, en hinn, eftir hvörjum hann hefði sent, hefði enn þá ekki kominn verið.“ Spurð hvers vegna hún hefði í héraðsréttinum árið 1742 lýst Jón bróður sinn föður að barninu sagðist hún hafa gert það af ótta við Wium. Hann hefði sagt henni að lýsa Jón föður að barni sínu „því þetta brotið væri ei verra en það fyrra.“ Bæði systkinin neituðu því að hafa framið nokkuð holdlegt samræði frá því að blóðskammarbrot þeirra varð opinbert.</p> <p>Á Alþingi var metið sem svo að þau hefðu bæði forbrotið líf sitt með barneign árið 1739 og átti sýslumaðurinn í miðparti Múlasýslu að sjá til þess að dómnum væri framfylgt. Þó átti að bera málið undur konungs þar eð þau voru ekki nema 16 og 14 ára þegar „þessi stór-glæpur henti, og þá bæði vanvitug.“</p> <p>Málaferlin stóðu yfir í fjölda ára. Átján árum eftir fyrstu barneignina lést Sunnefa í haldi en Jón var sendur úr landi.</p>	<p>Annálar III, bls. 583 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 28 (Íslands árbók), bls. 288 (Desjarmýrannáll); VI, bls. 431 (Sauðlauksdalsannáll); Annálar III, bls. 583 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 28 (Íslands árbók), bls. 288 (Desjarmýrannáll); VI, bls. 431 (Sauðlauksdalsannáll); Alþingisbækur XIII, bls. 4-5, 14, 18-19, 148-152.</p>
211	1740	Sunnefa Jónsdóttir	<p>Systkini í Geitavík, Jón og Sunnefa, eignuðust barn árið 1739. Maður á næsta bæ Erlendur Jónsson gekkst fyrir barninu en eftir 4 daga afsalaði hann sér því. Þá kenndi hún það Jóni og þau voru færð til sýslumanns á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Þar voru þau í varðhaldi í tvö ár og átti Sunnefa þar annað barn sem einnig var eignað bróður hennar. Þau voru dæmd til dauða fyrir fyrra brot í héraði og málið var tekið fyrir á Alþingi 1743 þar sem bæði systkinin voru til staðar í lögréttu en ekki sýslumaður sem þá var Hans Wíum. Þar lýsti Sunnefa engan annan en sýslumanninn Hans Wium föður að seinna barni sínu. Aðspurð hvar þetta hefði skeð svaraði hún: „Í baðstofunni á Egilsstöðum, og hefði þá enginn maður við verið, því maðurinn annar, sem með Hans Wium hefði þangað komið, hefði verið úti á hlaðinu, en hinn, eftir hvörjum hann hefði sent, hefði enn þá ekki kominn verið.“ Spurð hvers vegna hún hefði í héraðsréttinum árið 1742 lýst Jón bróður sinn föður að barninu sagðist hún hafa gert það af ótta við Wium. Hann hefði sagt henni að lýsa Jón föður að barni sínu „því þetta brotið væri ei verra en það fyrra.“ Bæði systkinin neituðu því að hafa framið nokkuð holdlegt samræði frá því að blóðskammarbrot þeirra varð opinbert.</p> <p>Á Alþingi var metið sem svo að þau hefðu bæði forbrotið líf sitt með barneign árið 1739 og átti sýslumaðurinn í miðparti Múlasýslu að sjá til þess að dómnum væri framfylgt. Þó átti að bera málið undur konungs þar eð þau voru ekki nema 16 og 14 ára þegar „þessi stór-glæpur henti, og þá bæði vanvitug.“</p> <p>Málaferlin stóðu yfir í fjölda ára. Átján árum eftir fyrstu barneignina lést Sunnefa í haldi en Jón var sendur úr landi.</p>	<p>Annálar III, bls. 583 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 28 (Íslands árbók), bls. 288 (Desjarmýrannáll); VI, bls. 431 (Sauðlauksdalsannáll); Annálar III, bls. 583 (Grímsstaðaannáll); V, bls. 28 (Íslands árbók), bls. 288 (Desjarmýrannáll); VI, bls. 431 (Sauðlauksdalsannáll); Alþingisbækur XIII, bls. 4-5, 14, 18-19, 148-152.</p>
212	1742	Þórður Bjarnason	<p>Árið 1742 voru útilegubjófarnir Þórður og Ögmundur Bjarnasynir teknir af lífi á Þingskálapingi. Þeir lágu í helli við Þjófa við Hræringsfell.</p>	<p>Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). Fornleifar í Rangárvallasýslu I. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.</p>
213	1742	Ögmundur Bjarnason	<p>Árið 1742 voru útilegubjófarnir Þórður og Ögmundur Bjarnasynir teknir af lífi á Þingskálapingi. Þeir lágu í helli við Þjófa við Hræringsfell.</p>	<p>Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). Fornleifar í Rangárvallasýslu I. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.</p>

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
214	1747	Jón Erlendsson	Árið 1747 var Jón Erlendsson hengdur í Gálgahrauni (Garðahrauni) sunnan Bessastaða fyrir þjófnað. Þetta ár náðust þrír útilegubjófvar í helli fram úr Bárðardal: Árni Grímsson, Ívar Jónsson og Jón Erlendsson. „Nokkrir bændur þar sýndu sinn manndóm í slíku, og voru þjófarnir sendir vestur eftir, þangað sem meint var þær ættu sína átthaga og mest hefðu brotið. Höfðu sumir af þeim verið áður dæmdir á Alþingi og síðan sloppið úr jánnum. Einn, sem Ívar hét, komst í Eyrarbyggðir og var sendur út í Kaupenhafnarcastell. Annar, að nafni Jón Erlendsson, hafði stolið mest sunnan lands, var so þangað færður til landfógetans. Strauk svo þessi þaðan aftur frá Bessastöðum, og landfógetinn Drese var dæmdur til að betala 60 lóð silfurs þar fyrir. Í miðlertíð hafði Jón þessi Erlendsson stolið úr Krumbúðum syðra, jafnvel ryktaðist um kirkjubjófnað, en hann náðist aftur, og lét so landfógetinn án víðari process festa hann á gálgann. Þetta mátti vel standast eftir hinum eldri lögum, en þá voru nýkomin þau lög, að enginn skyldi hér af landi dæmast né af lífi takast utan eftir lögmansdómi.“	Annálar III, bls. 595 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 358 (Ölfusvatnsannáll), bls. 405 (Ketilsstaðaannáll), bls. 675 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 17 (Íslands árbók); IV, bls. 65 (Úr Djáknaannállum); Alþingisbækur XIII, bls. 280, 352 – 353, 360 – 361.
215	1749	Guðríður Vigfúsdóttir	Árið 1749 voru Guðríður Vigfúsdóttir og Bjarni „öskubak“ Jónsson voru tekin af lífi á Alþingi fyrir blóðskömm. Þau áttu að hafa eignast barn saman en Bjarni var bróðir látins eiginmanns Guðríðar. Hún hafði kennt Bárði Sigurðssyni barnið sem sór fyrir það á Bakkabíngi en almenningsrómur lék um það að Bjarni hefði sængað með Guðríði og var vitnað um það. Þau voru dæmd til dauða 6. maí á Ingjaldshóli og sá dómur staðfestur á Alþingi 12. júlí.	Annálar III, bls. 600-604 (Grímsstaðaannáll); VI, bls. 72 (Úr Djáknaannállum); Alþingisbækur XIII, bls. 416-418, 425-426.
216	1749	Bjarni „öskubak“ Jónsson	Árið 1749 voru Guðríður Vigfúsdóttir og Bjarni „öskubak“ Jónsson voru tekin af lífi á Alþingi fyrir blóðskömm. Þau áttu að hafa eignast barn saman en Bjarni var bróðir látins eiginmanns Guðríðar. Hún hafði kennt Bárði Sigurðssyni barnið sem sór fyrir það á Bakkabíngi en almenningsrómur lék um það að Bjarni hefði sængað með Guðríði og var vitnað um það. Þau voru dæmd til dauða 6. maí á Ingjaldshóli og sá dómur staðfestur á Alþingi 12. júlí.	Annálar III, bls. 600-604 (Grímsstaðaannáll); VI, bls. 72 (Úr Djáknaannállum); Alþingisbækur XIII, bls. 416-418, 425-426.
217	1751	Sigurður Guðmundsson	Vorið 1751 var Sigurður Guðmundsson úr Norðursýslu hengdur á Svalbarða en hann hafði ítrekað stolið og strokið úr jánnum. Honum hafði þrisvar áður verið refsað fyrir þjófnað og strauk úr jánnum á Grund og stal út á Svalbarðsströnd. Hann var dæmdur á Grýtubakka og síðan af lögmanni við Svalbarða þar sem hann var hengdur við sjóinn.	Annálar IV, bls. 682 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 26 (Íslands árbók); VI, bls. 79 (Úr Djáknaannállum).
218	1751	Jón yngri Sigurðsson	Árið 1751 voru þrír strákar teknir af lífi norður í Vaðlasýslu. Þeir höfðu verið að verki og vitund í morðmáli þar um veturinn. Fórnarlambið var yngri bróðir tveggja þeirra sem teknir voru af lífi. Bræðurnir þrír höfðu stolið ýmsu matarkyns af öðrum bæ en elstu tveir bræðurnir treystu ekki hinum þriðja til að þegja og þegar hann vildi fara burt til annarra sveita yfir Eyjafjarðará sátu hinir tveir bræðurnir ásamt öðrum strák sem þeir fengu til liðs við sig, fyrir honum og drektu honum í ánni. „Vorur þetta saman tekin ráð af foreldrunum og öðrum fleirum, so sá, sem myrtur var, skyldi ei geta opinberað eða meðkennt margvíslegan stuld og útréttingar þessa þjófahyskis. Höfðu þeir eggjað hann á að strjúka burt úr héraðinu og létust nú fylgja honum upp á veg um kvöldið.“ Annar bræðranna gat ekki þagað yfir þessu, líklega vegna samvisku og þess vegna komst þetta upp. Þeir voru réttaðir og dysjaðir í Möðrufellshrauni við Klofasteina, yst í hraunshalanum fyrir neðan hagann og bjuggust vel til dauðans. Önnur höndin var höggvin af þeim og svo höfuðið.	Annálar III, bls. 615 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 406 (Ketilsstaðaannáll), bls. 490 (Höskuldsstaðaannáll), bls. 682 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 26 (Íslands árbók), bls. 316 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); VI, bls. 79 (Úr Djáknaannállum), bls. 430 (Sauðlauksdalsannáll).

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
219	1751	Helgi Sigurðsson	<p>Árið 1751 voru þrír strákar teknir af lífi norður í Vaðlasýslu. Þeir höfðu verið að verki og vitund í morðmáli þar um veturinn. Fórnlambið var yngri bróðir tveggja þeirra sem teknir voru af lífi. Bræðurnir þrír höfðu stolið ýmsu matarkyns af öðrum bæ en elstu tveir bræðurnir treystu ekki hinum þriðja til að þegja og þegar hann vildi fara burt til annarra sveita yfir Eyjafjarðará sátu hinir tveir bræðurnir ásamt öðrum strák sem þeir fengu til liðs við sig, fyrir honum og drekktu honum í ánni. „Vor þetta saman tekin ráð af foreldrunum og ördum fleirum, so sá, sem myrtur var, skyldi ei geta opinberað eða meðkennt margvíslegan stuld og útréttingar þessa þjófahyskis. Höfðu þeir eggjað hann á að strjúka burt úr héraðinu og létust nú fylgja honum upp á veg um kvöldið.“ Annar bræðranna gat ekki þagað yfir þessu, líklega vegna samvisku og þess vegna komst þetta upp.</p> <p>Þeir voru réttaðir og dysjaðir í Möðrufellshrauni við Klofasteina, yst í hraunshalanum fyrir neðan hagann og þjuggust vel til dauðans. Önnur höndin var höggvin af þeim og svo höfuðið.</p> <p>Höskuldsannáll: Þrír bræður frá sama bæ stálu ýmsu matarkyns af öðrum bæ. Tveir bræðranna treystu ekki þriðja bróðurnum til að þegja og vildi hann fara burt til annarra sveita yfir Eyjafjarðará. Þá sátu hinir tveir bræðurnir ásamt öðrum strák sem þeir fengu til liðs við sig, fyrir honum og drekktu honum í ánni. Annar bræðranna gat ekki þagað yfir þessu, líklega vegna samvisku og þess vegna komst þetta upp. Þeir voru réttaðir á extralögþingi í Eyjafirði. Af þeim var hoggin önnur höndin og síðan höfuðið.</p> <p>Vatnsfjarðarannáll yngsti: Réttáðir í Grundarhrauni. Fórnlambið var yngsti bróðirinn en móðir þeirra hvatti þá áfram. Stungu hann í gegn með broddstaf.</p> <p>Úr Djáknaannálum: hoggin af þeim önnur höndin og svo hálshöggvir.</p> <p><a href="https://www.akureyri.net/frettir/2015/02/02/geymt-en-ekki-gleymt-braedur-og-systir-tekin-af-lifi-2/">https://www.akureyri.net/frettir/2015/02/02/geymt-en-ekki-gleymt-braedur-og-systir-tekin-af-lifi-2/</a></p> <p>Í Vikublaði Akureyrar segir að bræðurnir hafi heitað Jón eldri, Jón yngri og Helgi Sigurðssynir en að vitorðsmaðurinn hafi heitað Bjarni Árnason. Ekki er þó vísað í heimildir. Stemmur við Íslendingabók.</p>	<p>Annálar III, bls. 615 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 406 (Ketilsstaðaannáll), bls. 490 (Höskuldsstaðaannáll), bls 682 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 26 (Íslands árbók), bls. 316 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); VI, bls. 79 (Úr Djáknaannálum), bls. 430 (Sauðlauksdalsannáll).</p>

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
220	1751	Bjarni Árnason	<p>Árið 1751 voru þrír strákar teknir af lífi norður í Vaðlasýslu. Þeir höfðu verið að verki og vitund í morðmáli þar um veturinn. Fórarlambið var yngri bróðir tveggja þeirra sem teknir voru af lífi. Bræðurnir þrír höfðu stolið ýmsu matarkyns af öðrum bæ en elstu tveir bræðurnir treystu ekki hinum þriðja til að þegja og þegar hann vildi fara burt til annarra sveita yfir Eyjafjarðará sátu hinir tveir bræðurnir ásamt öðrum strák sem þeir fengu til liðs við sig, fyrir honum og drekktu honum í ánni. „Vor þetta saman tekin ráð af foreldrunum og örðum fleirum, so sá, sem myrtur var, skyldi ei geta opinberað eða meðkennt margvíslegan stuld og útréttingar þessa þjófahyskis. Höfðu þeir eggjað hann á að strjúka burt úr héraðinu og létust nú fylgja honum upp á veg um kvöldið.“ Annar bræðranna gat ekki þagað yfir þessu, líklega vegna samvisku og þess vegna komst þetta upp.</p> <p>Þeir voru réttaðir og dysjaðir í Möðrufellshrauni við Klofasteina, yst í hraunshalanum fyrir neðan hagann og bjuggust vel til dauðans. Önnur höndin var höggvin af þeim og svo höfuðið.</p> <p>Höskuldsannáll: Þrír bræður frá sama bæ stálu ýmsu matarkyns af öðrum bæ. Tveir bræðranna treystu ekki þriðja bróðurnum til að þegja og vildi hann fara burt til annarra sveita yfir Eyjafjarðará. Þá sátu hinir tveir bræðurnir ásamt öðrum strák sem þeir fengu til liðs við sig, fyrir honum og drekktu honum í ánni. Annar bræðranna gat ekki þagað yfir þessu, líklega vegna samvisku og þess vegna komst þetta upp. Þeir voru réttaðir á extralögþingi í Eyjafirði. Af þeim var hoggin önnur höndin og síðan höfuðið.</p> <p>Vatnsfjarðarannáll yngsti: Réttáðir í Grundarhrauni. Fórarlambið var yngsti bróðirinn en móðir þeirra hvatti þá áfram. Stungu hann í gegn með broddstaf.</p> <p>Úr Djáknaannálum: hoggin af þeim önnur höndin og svo hálshöggur.</p> <p><a href="https://www.akureyri.net/frettir/2015/02/02/geymt-en-ekki-gleymt-braedur-og-systir-tekin-af-lifi-2/">https://www.akureyri.net/frettir/2015/02/02/geymt-en-ekki-gleymt-braedur-og-systir-tekin-af-lifi-2/</a></p> <p>Í Vikublaði Akureyrar segir að bræðurnir hafi heitað Jón eldri, Jón yngri og Helgi Sigurðssynir en að vitorðsmaðurinn hafi heitað Bjarni Árnason. Ekki er þó vísað í heimildir. Stemmur við Íslendingabók.</p>	<p>Annálar III, bls. 615 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 406 (Ketilsstaðaannáll), bls. 490 (Höskuldsstaðaannáll), bls. 682 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 26 (Íslands árbók), bls. 316 (Vatnsfjarðarannáll yngsti); VI, bls. 79 (Úr Djáknaannálum), bls. 430 (Sauðlauksdalsannáll).</p>
221	1752	Jón Jónsson ("Kjöseyrar-Jón")	<p>Árið 1752 var Jón Jónsson undan Jökli dæmdur til dauða á Öxarárþingi fyrir að hafa myrt Guðríði dóttur sína, vel átta ára gamla, á Holtavörðuheidi. Jón var tekinn vestur í Ísafjarðarsýslu og fluttur sýslu af sýslu allt að Ingjaldhóli til sýslumannsins Guðmundar Sigurðssonar sem tók málið fyrir, samkvæmt skipan amtmanns Magnúsar lögmanns. „Var svo tekið prófið á Ingjaldshóli um haustið og dæmdist norður í Strandasýslu að þola þar dóm fyrir þetta morð (því barnið var myrt fyrir noðan, sem fyr er sagt), og var sendur síðan Einari Magnússyni sýslumanni.“ Jón var dæmdur á Bæ í Hrutafirði og dómurinn var staðfestur á Alþingi. Klípa átti Jón fjórum sinnum með glóandi tögum, höggva af honum hægri höndina og höfuðið og setja bæði á stjaka. Aftakan fór fram 17. júlí „eftir fyrirskrifuðum dómi“ og Jón var „sá fyrsti, sem upp í nokkur hundruð ár hefur verið klipinn með glóandi tögum.“</p>	<p>Annálar III, bls. 615, 619 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 682 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 30 (Íslands árbók); VI, bls. 83-84 (Úr Djáknaannálum), bls. 430 (Sauðlauksdalsannáll); Alþingisbækur XIV, bls. 53, 55-56.</p>
222	1752	Ónafngreindur maður	<p>Þann 25. janúar 1752 voru tveir stórbjófar og bræður í Rangárþingi dæmdir til dauða af Magnúsi lögmanni fyrir margfaldan þjófnað og flóttu úr járnnum og fangelsi sýslumannsins Þorsteins. Þeir útstöðu straffið nokkru síðar.</p>	<p>Annálar IV, bls. 491 (Höskuldsstaðaannáll); VI, bls. 83 (Úr Djáknaannálum).</p>
223	1752	Ónafngreindur maður	<p>Þann 25. janúar 1752 voru tveir stórbjófar og bræður í Rangárþingi dæmdir til dauða af Magnúsi lögmanni fyrir margfaldan þjófnað og flóttu úr járnnum og fangelsi sýslumannsins Þorsteins. Þeir útstöðu straffið nokkru síðar.</p>	<p>Annálar IV, bls. 491 (Höskuldsstaðaannáll); VI, bls. 83 (Úr Djáknaannálum).</p>
224	1753	Ólafur Guðvarðsson	<p>Árið 1753 var Ólafur Guðvarðsson hengdur í Skagafirði fyrir þjófnað.</p>	<p>Annálar VI, bls. 88 (Úr Djáknaannálum).</p>

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
225	1754	Guðrún Valdadóttir	<p>Árið 1754 var Sigurður „elli“ Jónsson hálshöggvinn og ári síðar var Guðrúnu Valdadóttur drekk í hyl fram á Mikladal við Geirseyri. Þau áttu að hafa eignast barn en Guðrún hafði áður átt barn með syni Sigurðar. Eftir að Sigurður og Guðrún voru dæmd til dauða sóttu þau um mildun en sögðust ekki treysta sér til erfiðisvinnu þar sem hann var á áttæðisaldri en hún um fertugt. Kansellíið benti á að það tíðkaðist að senda dauðadæmt fólk til lífstíðar fangavistar og stiftamtmaður sagði það væri hin mesta náð fyrir dauðadæmt fólk að hlotnast lífstíðar fangelsi en fyrst þeim þætti slíkt víst verra en dauði bæri að taka þau af lífi. Konungur féllst á það. Davíð Scheving sýslumaður skrifaði Magnúsi Gíslasyni amtmanni eftir að hann hafði fengið skipun um aftöku Sigurðar og Guðrúnar og baðst undan henni. Sigurður hafði þá haldið því fram að hann væri ekki blóðfaðir Einars, sonar konu sinnar er hafði áður átt barn með Guðrúnu. Réttur faðir hans væri Gunnar nokkur í Flatey en Sigurður hafði ekki viljað opinbera þetta áður því hann hafði ekki viljað látinni eiginkonu sinni neina minnkun. Auk þess var Guðrún lögst í kör og komst ekki á fætur: „á þá að taka hana úr rúminu og bera hana til vatnsins?“ Magnús Gíslason var ósáttur með bréf Davíðs og sagðist hissa á töfinni.</p> <p>Fjallað var um mál Guðrúnar og Sigurðar í Blöndu árið 1932:</p> <p>„Á fyrri hluta 18. aldar, bjó sá maður, er Sigurður hét Jónsson á Geirseyri við Patreksfjörð. Var hann norðlenzkur að ætterni og kallaður elli, en ekki vita menn, af hverju það auknefni hafi dregið verið. Hann var kvæntur Helgu Jónsdóttur frá Hænuvík, Jónssona í Sellátrum við Tálknafjörð Tómassonar. Voru hinir svonefndu Sellátrabæður, synir Jóns Tómassonar og Helgu Þórðardóttur prests í Garpsdal Tómassonar, nafnkenndir fyrir karlmennsku og harðfengi, og aðra atgervi. Eru miklar ættir komnar frá þeim vestra. Séra Jón Þorláksson skáld á Bægisá var dóttursonur eins þessara bræðra (Tómasar Jónssonar í Krossdal). Hafði Sigurður elli kvænt Helgu konu sinni óléttu með öðrum manni, og gekkst við þessu barni hennar, til þess að fá hennar, að því er sagnir segja. Hét barn þetta Einar, og var talinn vera bróðir, samfeðra, Steinunnar Gunnarsdóttur, móður Eggerts ríka Ólafssonar í Hergilsey. Þau Sigurður og Helga voru vel efnuð og bjuggu lengi á Geirseyri, en eftir lát Helgu tók Sigurður bústýru þá, er Guðrún hét Valdadóttir, er áður hafði átt barn með Einari, er Sigurður taldist faðir að. En það slys henti Sigurð, að hann átti barn með þessari bústýru sinni, og var þá talin dauðasök, vegna sífjaspella eptir stóradómi. Sagt var að Sigurður hefði þó fengi annan mann til að gangast við barninu og leysa þannig líf sitt, en það kvisaðist, og hræddi þá sýslumaður (Ólafur Arnason í Haga á Barðaströnd) mann þennan til að ljóstra þessu upp. Var þá Sigurður tekinn og fluttur í járnum að Haga, en fé hans gert upptækt. Dæmdu sýslumaður hann til að hálshöggvast, en Guðrúnu barnsmóður hans að drekkjast, og kom með þann dóm til alþingis 1753, en málinu var vísað til aukalögbingsréttar þar vestra, og var dauðadómurinn þar staðfestur. Var mælt, að konungsnáðar hefði verið leitað, en ekki fengizt. Var Sigurður svo tekinn af í Haga, líklega árið 1754, og Davíð Scheving þá orðinn sýslumaður. Bjóst Sigurður harðmannlega við dauða sínum, og hefur Gísli Konráðsson lýst allnákvæmlega aftöku hans í Barðstrendinga þætti. Hann segir og, að Guðrúnu hafi verið drekk skömmu síðar í hyl fram á Mikladal, er liggur fram af Geirseyri, og hafi hún kveldið áður saumað sjálf poka þann, er hún átti að drekkjast í að morgni, og vitað sjálf til hvers hann átti að vera. Hafi hún sungið sálm eptir séra Sigurð Jónsson í Presthólum, á leiðinni til aftökunnar fram dalinn, og verið hin trúaröruggasta og þóttst viss um sálhjálp sína, þrátt fyrir þau mannlegu lög, er nú rændu hana lífinu. Segir Gísli, að menn þeir, sem voru við aftökuna, hefðu sagt, að tvisvar hefði böðullinn orðið að bæta grjóti í pokann, því að hann hefði viljað fljóta upp með hana, en að síðustu héldi böðullinn pokanum niðri með broddstaf, og þeir gert orð á því, hve illmannlega hann hefði stungið niður broddstafnum, svo að sagt var, að Davíð sýslumaður hefði ekki getað á það horft, gengið frá og fallið tvisvar næstum í ómeginn, en verið getur, að frásögn þessi sé að einhverju leyti ýkt. Var lík Guðrúnar dysjað þar á holti einu, skammt frá götunni, og sagt, að þar sjáist enn (um miðja 19. öld) merki dysinnar. Eg hef getið þessa sakamáls hér af því, að sonur þessa Sigurðar ella og Helgu konu hans varð nafnkenndur maður fyrir hagleik. Hann hét Jón, sigldi til Kaupmannahafnar, líklega eptir aftöku föður síns, lærði þar úrsmíði, kvæntist þar og átti börn, sagður dáinn skömmu fyrir eða um 1800. Hann er vafalaust sá Jón Sigurðsson úrsmíður (Jon Sivertsen Islænder) er um 1797 gerði við hið nafnkunna sigurverk – Habrechtsklukkuna – er mestu hugvitsmenn í úrsmíð með Dönnum í þann tíð höfðu gefizt upp við, og ekki fengið til að ganga, en þessi íslenzki úrsmíður, Jón Sigurðsson, sonur óbótamannsins Sigurðar ella frá Geirseyri, leysti þá þraut (sbr. rit Jóns biskups Helgasonar: íslendingar í Danmörku fyr og síðar, Rvík 1931, bls. 158). Hef eg nú leyst úr þeirri gátu, af hvaða bergi þessi íslenzki völundur var brotinn, og hví eg. að það verði ekki véfengt. Sennilega hafa hin voveiflegu afdrif föður hans</p>	<p>Annálar IV, bls. 684 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 36 (Íslands árbók); VI, bls. 92 (Úr Djáknaannálum); Alþingisbækur XIV, bls. 94; Blanda V, 1932, bls. 68-70; Mór Jónsson, 1993, bls. 218 og 223.</p>

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
226	1754	Sigurður „elli“ Jónsson	<p>Árið 1754 var Sigurður „elli“ Jónsson hálshöggvinn og ári síðar var Guðrúnu Valdadóttur drekk í hyl fram á Mikladal við Geirseyri. Þau áttu að hafa eignast barn en Guðrún hafði áður átt barn með syni Sigurðar. Eftir að Sigurður og Guðrún voru dæmd til dauða sóttu þau um mildun en sögðust ekki treysta sér til erfiðisvinnu þar sem hann var á átræðisaldri en hún um fertugt. Kanselliíð benti á að það tíðkaðist að senda dauðadæmt fólk til lífstíðar fangavistar og stiftamtmaður sagði það væri hin mesta náð fyrir dauðadæmt fólk að hlotnast lífstíðar fangelsi en fyrst þeim þætti slíkt víst verra en dauði bæri að taka þau af lífi. Konungur féllst á það. Davíð Scheving sýslumaður skrifaði Magnúsi Gíslasyni amtmanni eftir að hann hafði fengið skipun um aftöku Sigurðar og Guðrúnar og baðst undan henni. Sigurður hafði þá haldið því fram að hann væri ekki blóðfaðir Einars, sonar konu sinnar er hafði áður átt barn með Guðrúnu. Réttur faðir hans væri Gunnar nokkur í Flatey en Sigurður hafði ekki viljað opinbera þetta áður því hann hafði ekki viljað látinni eiginkonu sinni neina minnkun. Auk þess var Guðrún lögst í kör og komst ekki á fætur: „á þá að taka hana úr rúminu og bera hana til vatnsins?“ Magnús Gíslason var ósáttur með bréf Davíðs og sagðist hissa á töfinni.</p> <p>Fjallað var um mál Guðrúnar og Sigurðar í Blöndu árið 1932:</p> <p>„Á fyrri hluta 18. aldar, bjó sá maður, er Sigurður hét Jónsson á Geirseyri við Patreksfjörð. Var hann norðlenzkur að ætterni og kallaður elli, en ekki vita menn, af hverju það auknefni hafi dregið verið. Hann var kvæntur Helgu Jónsdóttur frá Hænuvík, Jónssona í Sellátrum við Tálknafjörð Tómassonar. Voru hinir svonefndu Sellátrabæður, synir Jóns Tómassonar og Helgu Þórðardóttur prests í Garpsdal Tómassonar, nafnkenndir fyrir karlmennsku og harðfengi, og aðra atgervi. Eru miklar ættir komnar frá þeim vestra. Séra Jón Þorláksson skáld á Bægisá var dóttursonur eins þessara bræðra (Tómasar Jónssonar í Krossdal). Hafði Sigurður elli kvænt Helgu konu sinni óléttu með öðrum manni, og gekkst við þessu barni hennar, til þess að fá hennar, að því er sagnir segja. Hét barn þetta Einar, og var talinn vera bróðir, samfeðra, Steinunnar Gunnarsdóttur, móður Eggerts ríka Ólafssonar í Hergilsey. Þau Sigurður og Helga voru vel efnuð og bjuggu lengi á Geirseyri, en eftir lát Helgu tók Sigurður bústýru þá, er Guðrún hét Valdadóttir, er áður hafði átt barn með Einari, er Sigurður taldist faðir að. En það slys henti Sigurð, að hann átti barn með þessari bústýru sinni, og var þá talin dauðasök, vegna sífjaspella eptir stóradómi. Sagt var að Sigurður hefði þó fengi annan mann til að gangast við barninu og leysa þannig líf sitt, en það kvisaðist, og hræddi þá sýslumaður (Ólafur Arnason í Haga á Barðaströnd) mann þennan til að ljóstra þessu upp. Var þá Sigurður tekinn og fluttur í járnum að Haga, en fé hans gert upptækt. Dæmdu sýslumaður hann til að hálshöggvast, en Guðrúnu barnsmóður hans að drekkjast, og kom með þann dóm til alþingis 1753, en málinu var vísað til aukalögbingsréttar þar vestra, og var dauðadómurinn þar staðfestur. Var mælt, að konungsnáðar hefði verið leitað, en ekki fengizt. Var Sigurður svo tekinn af í Haga, líklega árið 1754, og Davíð Scheving þá orðinn sýslumaður. Bjóst Sigurður harðmannlega við dauða sínum, og hefur Gísli Konráðsson lýst allnákvæmlega aftöku hans í Barðstrendinga þætti. Hann segir og, að Guðrúnu hafi verið drekk skömmu síðar í hyl fram á Mikladal, er liggur fram af Geirseyri, og hafi hún kveldið áður saumað sjálf poka þann, er hún átti að drekkjast í að morgni, og vitað sjálf til hvers hann átti að vera. Hafi hún sungið sálm eptir séra Sigurð Jónsson í Presthólum, á leiðinni til aftökunnar fram dalinn, og verið hin trúaröruggasta og þóttst viss um sálhjálp sína, þrátt fyrir þau mannlegu lög, er nú rændu hana lífinu. Segir Gísli, að menn þeir, sem voru við aftökuna, hefðu sagt, að tvisvar hefði böðullinn orðið að bæta grjóti í pokann, því að hann hefði viljað fljóta upp með hana, en að síðustu héldi böðullinn pöknum niðri með broddstaf, og þeir gert orð á því, hve illmannlega hann hefði stungið niður broddstafnum, svo að sagt var, að Davíð sýslumaður hefði ekki getað á það horft, gengið frá og fallið tvisvar næstum í ómeginn, en verið getur, að frásögn þessi sé að einhverju leyti ýkt. Var lík Guðrúnar dysjað þar á holti einu, skammt frá götunni, og sagt, að þar sjáist enn (um miðja 19. öld) merki dysinnar. Eg hef getið þessa sakamáls hér af því, að sonur þessa Sigurðar ella og Helgu konu hans varð nafnkenndur maður fyrir hagleg. Hann hét Jón, sigldi til Kaupmannahafnar, líklega eptir aftöku föður síns, lærði þar úrsmíði, kvæntist þar og átti börn, sagður dáinn skömmu fyrir eða um 1800. Hann er vafalaust sá Jón Sigurðsson úrsmíður (Jon Sivertsen Islænder) er um 1797 gerði við hið nafnkunna sigurverk – Habrechtsklukkuna – er mestu hugvitsmenn í úrsmíð með Dönum í þann tíð höfðu gefizt upp við, og ekki fengið til að ganga, en þessi islenzki úrsmíður, Jón Sigurðsson, sonur óbótamannsins Sigurðar ella frá Geirseyri, leysti þá þraut (sbr. rit Jóns biskups Helgasonar: islendingar í Danmörku fyr og síðar, Rvík 1931, bls. 158). Hef eg nú leyst úr þeirri gátu, af hvaða bergi þessi islenzki völundur var brotinn, og hvég eg. að það verði ekki véfengt. Sennilega hafa hin voveiflegu afdrif föður hans</p>	Annálar IV, bls. 684 (Hrafnagilsannáll); V, bls. 36 (Íslands árbók); VI, bls. 92 (Úr Djáknaannálum); Alþingisbækur XIV, bls. 94; Blanda V, 1932, bls. 68-70; Már Jónsson, 1993, bls. 218 og 223.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
227	1755	Ónafngreindur maður	Vorið 1755 var þjófur hengdur í Eldborgarhrauni (Barnaborgarhraun). Hann hafði brotist út jörnum heim í Hnappadalssýslu og var dæmdur af sýslumanninum Þorgrími á extra-þingi á Jörva.	Annálar III, bls. 627 (Grímsstaðaannáll).
228	1756	Ónafngreindur maður	Veturinn 1756 voru tveir þjófar hengdir í Rangárþingi sem „brutust úr fangelsi, stálu tveimur eldishestum frá sýslumanni Þorsteini og góssi til 11 rd. Náðust aftur og voru til gálga dæmdir.“ Einnig var einn stórþjófur hengdur í Norðursýslu „hvörjum járn höfðu naumast haldið.“ Hann náðist í Skriðu Norður.	Annálar V, bls. 39 (Íslands árbók); VI, bls. 103 (Úr Djáknaannálum).
229	1756	Ónafngreindur maður	Veturinn 1756 voru tveir þjófar hengdir í Rangárþingi sem „brutust úr fangelsi, stálu tveimur eldishestum frá sýslumanni Þorsteini og góssi til 11 rd. Náðust aftur og voru til gálga dæmdir.“ Einnig var einn stórþjófur hengdur í Norðursýslu „hvörjum járn höfðu naumast haldið.“ Hann náðist í Skriðu Norður.	Annálar V, bls. 39 (Íslands árbók); VI, bls. 103 (Úr Djáknaannálum).
230	1756	Ónafngreindur maður	Veturinn 1756 voru tveir þjófar hengdir í Rangárþingi sem „brutust úr fangelsi, stálu tveimur eldishestum frá sýslumanni Þorsteini og góssi til 11 rd. Náðust aftur og voru til gálga dæmdir.“ Einnig var einn stórþjófur hengdur í Norðursýslu „hvörjum járn höfðu naumast haldið.“ Hann náðist í Skriðu Norður.	Annálar V, bls. 39 (Íslands árbók); VI, bls. 103 (Úr Djáknaannálum).
231	1757	Guðmundur Snorrason	Á Öxarárþingi árið 1757 var Guðmundur Snorrason, fyrir meðkenndan smáþjófnað, dæmdur til kagstrýkingar, brennimerkingar á bakið og til „ævinlegs schlaeries fyrir sýslumannsins Jóns anstalter á þessu sumri til Kaupenhafnar útsendast“. Svaramaður hans vonaðist til að hann fengi nokkra vægð þar sem hann hafði stolið vegna hungurs. Héraðsdómur hafði gengið í Saurbæ í Hvalfjarðarströnd. Í Ölfusannál segir að Guðmundur hafi verið hengdur í Borgarfirði fyrir útilegubjófnað.	Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll); Alþingisbækur XIV, bls. 256 og 259.
232	1758	Jón Magnússon	Árið 1758 var Jón Magnússon úr Árnassýslu dæmdur til dauða á Hraungerðishéraðsþingi fyrir margfaldan þjófnað og flóttu úr jörnum. Fjórum nóttum eftir dóminn flúði hann á ný en náðist fljótt og dauðadómur sýslumannsins Brynjúlfs var staðfestur yfir honum á Alþingi.	Annálar VI, bls. 113 (Úr Djáknaannálum); Alþingisbækur XIV bls. 282-83.
233	1758	Ónafngreindur maður	Árið 1758 voru tveir þjófar hengdir í Mýrasýslu.	Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll); Alþingisbækur XIV, bls. 256 og 259.
234	1758	Ónafngreindur maður	Árið 1758 voru tveir þjófar hengdir í Mýrasýslu.	Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll); Alþingisbækur XIV, bls. 256 og 259.
235	1758	Ónafngreindur maður	Árið 1758 var þjófur hengdur í Borgarfjarðarsýslu.	Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll).
236	1758	Jón Ólafsson	Árið 1758 var förumaður úr Húnavatnssýslu að nafni Jón Ólafsson tekinn af lífi á Sveinsstöðum í Vatnsdal fyrir að hafa kyrkt barn sitt. Hann var klipinn með glóandi tóngum fyrir dauðann.	Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll), bls. 505 (Höskuldsstaðaannáll); V, bls. 42 (Íslands árbók); VI, bls. 113 (Úr Djáknaannálum).
237	1759	Ónafngreind kona	Árið 1758 var kona úr Borgarfirði í Mýrasýslu tekin af lífi fyrir dulsmál.	Annálar V, bls. 45 (Íslands árbók); VI, bls. 116 (Úr Djáknaannálum).
238	1760	Kristín Bjarnadóttir	Árið 1760 var konu að nafni Kristín úr Borgarfirði á Ökrum drekkt á Mýrum Suður, vestan Hvítár. Hún hafði drekkt dóttur sinni í sjónum árið 1758. Önnur kona, einnig að nafni Kristín átti að hafa hjálpað til með því að halda í fætur barnsins og var hún dæmd til Brimarhólms en málið átti að rannsaka betur áður en hægt væri að staðfesta dóminn.	Annálar III, bls. 637, 641 (Grímsstaðaannáll); IV, bls. 378 (Ölfusvatnsannáll).
239	1760	Ingibjörg Sölvadóttir	Árið 1760 var Ingibjörg Sölvadóttir úr Eyjafjarðarsýslu tekin af lífi í héraði fyrir dulsmál. Hún fyrirfór barni sínu og fannst það í kistu hennar með band um hálsinn. Það var getið í frillulífi. Hún var dæmd til dauða á Grund og málið var samþykkt af konungi 2. febrúar 1759 án þess þó að það kæmi fyrir Alþingi. Konungur ákvað að grafa mætti bók hennar og höfuð í kirkjugarði en án helgiathafna. Dóminum fullnægt 12. apríl 1760.	Annálar IV, bls. 377 (Ölfusvatnsannáll); V, bls. 46 (Íslands árbók); Már Jónsson, 2000, bls. 254.

ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
240	1763	Ívar Jónsson	<p>Ívar Jónsson og Ólöf Jónsdóttir voru tekin af lífi 22. ágúst 1763, líklega á Auðkúlu í Arnafirði fyrir blóðskömm, dulda barnsfæðingu og fyrir að hafa ekki reynt að bjarga barninu en Ívar var fósturfaðir Ólafar. Þau voru dæmd til dauða á Auðkúluþingi en í dómnum segir að Ívar skuli vera leiddur á aftökustaðinn með snöru um hálsinn og vera klipinn með glóandi töng þrisvar sinnum. Þegar á höggstokkinn væri komið átti að höggva af honum hægri handlegginn og því næst höfuðið. Ólöfu átti einnig að hálhöggva og höfuð hennar setjast á stjaka öðrum til viðvörunar. Þetta sakamál fór fyrir hæstarétti í Kaupmannahöfn, dómsniðurstaðan varð sú sama. Dauðadómurinn var staðfestur í hæstarétti árið 1762.</p> <p>Ekki er ljóst hvar Ívar og Ólöf voru í varðhaldi frá því þau voru dæmd 16. maí 1761 og þar til þau voru tekin af lífi í ágúst 1763. Þetta var síðasta aftakan vegna blóðskammar á Íslandi og síðasta aftakan á þingstöðum Vestfirðinga. Ingibjörg Jónsdóttir, móðir Ólafar og eiginkona Ívars bjó áfram á Gljúfurá eftir aftökuna ásamt þremur börnum sínum.</p>	Már Jónsson 1993, bls. 219; <a href="https://www.safnis.is/upload/files/11%20Gljufra.pdf">https://www.safnis.is/upload/files/11%20Gljufra.pdf</a> .
241	1763	Ólöf Jónsdóttir	<p>Ívar Jónsson og Ólöf Jónsdóttir voru tekin af lífi 22. ágúst 1763, líklega á Auðkúlu í Arnafirði fyrir blóðskömm, dulda barnsfæðingu og fyrir að hafa ekki reynt að bjarga barninu en Ívar var fósturfaðir Ólafar. Þau voru dæmd til dauða á Auðkúluþingi en í dómnum segir að Ívar skuli vera leiddur á aftökustaðinn með snöru um hálsinn og vera klipinn með glóandi töng þrisvar sinnum. Þegar á höggstokkinn væri komið átti að höggva af honum hægri handlegginn og því næst höfuðið. Ólöfu átti einnig að hálhöggva og höfuð hennar setjast á stjaka öðrum til viðvörunar. Þetta sakamál fór fyrir hæstarétti í Kaupmannahöfn, dómsniðurstaðan varð sú sama. Dauðadómurinn var staðfestur í hæstarétti árið 1762.</p> <p>Ekki er ljóst hvar Ívar og Ólöf voru í varðhaldi frá því þau voru dæmd 16. maí 1761 og þar til þau voru tekin af lífi í ágúst 1763. Þetta var síðasta aftakan vegna blóðskammar á Íslandi og síðasta aftakan á þingstöðum Vestfirðinga. Ingibjörg Jónsdóttir, móðir Ólafar og eiginkona Ívars bjó áfram á Gljúfurá eftir aftökuna ásamt þremur börnum sínum.</p>	Már Jónsson 1993, bls. 219; <a href="https://www.safnis.is/upload/files/11%20Gljufra.pdf">https://www.safnis.is/upload/files/11%20Gljufra.pdf</a> .
242	1770	Jón Halldórsson	<p>Árið 1770 var Jón Halldórsson tekinn af lífi á Ingjaldshóli í Snæfellssýslu. Hann hafði stungið pilt til bana vestur í Rífi með pennahnif því hann reyndi að lesa bréf sem hann var að skrifa „rak hnif að honum svo sem af glettni, sem á hol gekk, svo hann dó snart.“ Hann var dæmdur til dauða af lögsagnara en hélt því þó fram að hann hefði ekki drepið manninn viljandi „heldur af rasandi ráði.“ Jón Árnason sýslumaður talaði fyrir því að honum yrði þyrmt en um síðir kom það svar að hann skyldi taka af lífi. „Var meining manna að hann hefði allareidu dauður verið þá hann var höggvinn, því hann hafði áður lengi matlaus verið af hugarangri, en nært lítið eitt á brennivíni.“</p>	Annálar IV, bls. 523 (Höskuldsstaðannáll); V, bls. 69 (Íslands árbók); VI, bls. 165 (Úr Djáknaannálum).
243	1786	Eiríkur Þorláksson	<p>Árið 1786 var Eiríkur Þorláksson austan úr Múlaþingi hálhöggvinn á Mjóeyri í Eskifirði fyrir það að skera tungu úr öðrum dreng.</p>	Annálar V, bls. 190 (Espihólsannáll).
244	1792	Ingibjörg Jónsdóttir	<p>Árið 1792 var Ingibjörg Jónsdóttir vinnukona á Hofstöðum í Skagafirði tekin af lífi fyrir dulsmál. Hún viðurkenndi að hafa eignast barn í fjósinu á Hofstöðum, lagt það í bás, bleytt peysu sína og ofið barninu í hana og svo skilið það eftir yfir nótt. Þá hafði hún vafið því í svartann lepp og grafið það. Á héraðsþingi að Víðivöllum var dæmt að hana skyldi klípa fimm sinnum með glóandi töng, hennar hægri hönd lifandi afhöggvast með öxi og síðan höfuðið. Líkamann skyldi leggja á steilur en höfuðið og höndina á stjaka. Sýslumenn voru V. Þórarinnsson og Vigfús Scheving en verjandi Jón Arnórsson sýslumaður í Snæfellssýslu. Á Alþingi var dauðadómurinn staðfestur en dómurinn mildaður örlítið; Ingibjörg átti að hálhöggvinn og höfuð hennar átti að setja á stjaka en kroppurinn grafast á aftökustað. Ingibjörg var hálhöggvinn 1792 og „var hún lengi í óbljúg, þar til loksins að síra Pétur á Miklabæ vann á hana, og fékk hún góða iðrun gjört að síðustu.“</p>	Annálar V, bls. 195 (Espólínsannáll); VI, bls. 302 og 323 (Úr Djáknaannállum); Alþingisbækur XVI, bls. 483-85 og 489-91.



ID	Ár	Nafn	Texti	Heimild
245	1805	Steinunn Sveinsdóttir	Árið 1803 var mál Steinunnar Sveinsdóttur og Bjarna Bjarnasonar frá Sjöundá tekið fyrir í landsyfírrétti. Steinunn og Bjarni voru sökuð um „skammarlegt hórðómslífarni“ og að hafa myrt maka sína, Guðrúnu Egilsdóttur og Jón Þorgrímsson sumarið 1802. Bjarni var dæmdur til þess að klípast alls fimm sinnum með glóandi tögum; á báðum morðplássunum, tvisvar milli þeirra og síðast á aftökustaðnum. Hann átti að flyja á aftökustaðinn með bert höfuð, snöru um hálsinn og bundnar hendur. Á aftökustaðnum átti hann lifandi að missa hægri hönd og síðast höfuðið. Líkamann átti böðullinn að leggja á stegluger en höfuðið og höndina á stjaka. Dómurinn var í samræmi tilskipunar frá 16. október 1697 og konungsbréfs frá 22. desember 1758. Steinunni átti að hálshöggva, höfuð hennar átti að setja á stjaka en lík hennar að vera grafið á aftökustaðnum. Steinunn lést í haldi í Reykjavík í ágúst árið 1805 en Bjarni var fluttur til Kristiansand í Noregi og tekinn af lífi þar.	Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar, bls. 59 – 66, 461 – 462.
246	1805	Bjarni Bjarnason	Árið 1803 var mál Steinunnar Sveinsdóttur og Bjarna Bjarnasonar frá Sjöundá tekið fyrir í landsyfírrétti. Steinunn og Bjarni voru sökuð um „skammarlegt hórðómslífarni“ og að hafa myrt maka sína, Guðrúnu Egilsdóttur og Jón Þorgrímsson sumarið 1802. Bjarni var dæmdur til þess að klípast alls fimm sinnum með glóandi tögum; á báðum morðplássunum, tvisvar milli þeirra og síðast á aftökustaðnum. Hann átti að flyja á aftökustaðinn með bert höfuð, snöru um hálsinn og bundnar hendur. Á aftökustaðnum átti hann lifandi að missa hægri hönd og síðast höfuðið. Líkamann átti böðullinn að leggja á stegluger en höfuðið og höndina á stjaka. Dómurinn var í samræmi tilskipunar frá 16. október 1697 og konungsbréfs frá 22. desember 1758. Steinunni átti að hálshöggva, höfuð hennar átti að setja á stjaka en lík hennar að vera grafið á aftökustaðnum. Steinunn lést í haldi í Reykjavík í ágúst árið 1805 en Bjarni var fluttur til Kristiansand í Noregi og tekinn af lífi þar.	Landsyfírréttardómar og hæstaréttardómar, bls. 59 – 66, 461 – 462.
247	1830	Agnes Magnúsdóttir	Þann 27. október árið 1828 voru Agnes Magnúsdóttir á Illugastöðum og Friðrik Sigurðsson frá Katadal dæmd til dauða í Landsyfírrétti fyrir morðið á Natani Ketilssyni og gesti hans Pjetri Jónssyni og fyrir meðhjálp og hilmingu á bæjarbrennu. Agnesi og Friðrik átti að hálshöggva með öxi. Líkama þeirra átti að leggja á stegluger og hjól en höfuð þeirra á stjaka. Aftaka þeirra Agnesar og Friðriks fór fram í Vatnsdalshólum í Húnavatnssýslu 12. janúar 1830 og var síðasta aftakan sem fram fór á Íslandi.	Landsyfírréttar og hæstaréttardómar, bls. 260 – 278, 399 – 400.
248	1830	Friðrik Sigurðsson	Þann 27. október árið 1828 voru Agnes Magnúsdóttir á Illugastöðum og Friðrik Sigurðsson frá Katadal dæmd til dauða í Landsyfírrétti fyrir morðið á Natani Ketilssyni og gesti hans Pjetri Jónssyni og fyrir meðhjálp og hilmingu á bæjarbrennu. Agnesi og Friðrik átti að hálshöggva með öxi. Líkama þeirra átti að leggja á stegluger og hjól en höfuð þeirra á stjaka. Aftaka þeirra Agnesar og Friðriks fór fram í Vatnsdalshólum í Húnavatnssýslu 12. janúar 1830 og var síðasta aftakan sem fram fór á Íslandi.	Landsyfírréttar og hæstaréttardómar, bls. 260 – 278, 399 – 400.